


**skoðun** 14

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skiltagerð
Ál & Blikk




**Færri komast að en vilja**
*Aðsókn að þjónustu tannlæknadeidar HÍ hefur aukist mikið undanfarin ár.*
**allt** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**31. janúar 2012**
26. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Verðlaunahafi til Grundarfjarðar**
*Isabelle Razavets heiðursgestur Northern Wave-stuttmyndahátíðarinnar.*
**fólk** 34

**Kynntist ömmu sinni upp á nýtt**
*Aldís Pálsdóttir myndaði verk ömmu sinnar Magneu Þorkelsdóttur biskupsfrúar.*
**tímamót** 18



**Á uppleið í Wales**
*Aron Einar Gunnarsson getur komist á topp ensku B-deildarinnar í kvöld.*
**sport** 30

**veðrið í dag**




**RIGNING** Í dag verða sunnan 10-18 m/s og rigning S- og V-til en úrkomulítið NA-lands. Mikil rigning SV-lands í kvöld. Hiti 2-8 stig.
**VEÐUR** 4

# Engin sátt í augsýn um lokaútfærslu Rammaáætlunar

**Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða á eftir að fara fyrir þingflokka stjórnarflokkanna. Deilt er um hvaða svæði megi nýta og hver vernda. Málið er á dagskrá þingsins í byrjun febrúar.**

**ALÞINGI** Illa gengur að ná saman um þingsályktunartillögu um Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra kynntu áætlunina í haust. Deilur eru innan beggja stjórnarflokkanna um málið.

Svandís segir að málið sé á þingmálaskrá í byrjun febrúar. „Það er enn stefnt að því að halda við þá áætlun." Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að það gæti reynst þrautin þyngri.

Mikil áhersla er lögð á að þingmenn stjórnarflokkanna styðji málið allir sem einn. Það gengur hins vegar illa, ekki síst af því að lítil samskipti eru á milli ólíkra hópa innan flokkanna, ekki síst Vinstri grænna. Helst er deilt um virkjanir í neðrihluta Þjórsár, en einnig um virkjanir á Reykjanesi. Þá telja sumir þingmenn Samfylkingarinnar að of mörg svæði fari í verndarflokk og vilja opna á frekari virkjanir.

Hvað Þjórsá varðar hefur komið til tals að heimila aðeins tvær af þeim þremur virkjunum sem þar voru fyrirhugaðar, Holts- og Hvammsvirkjun, en falla frá Urriðafossvirkjun. Það er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, talið koma til móts við þá gagnrýni að síðasttalda virkjunin hafi skaðleg áhrif á fiskistofna í ánni.

Óvíst er hvort Katrín Júlíusdóttir muni mæla fyrir málinu, líkt og ætlunin varð. Hún er á leið í fæðingarorlof og hefur varamaður tekið sæti hennar á Alþingi.

Ljóst er að málið getur orðið ríkisstjórninni erfitt. Hún þarf að treysta á stuðning allra stjórnarliða, ætli henni að takast að gera áætlunina að veruleika. Sá stuðningur er ekki fyrir hendi nú og óljóst hvort hann næst. Unnið er að því að ná sátt um þá málamiðlun sem áætlunin er, en hingað til hefur það ekki tekist.

**- kóp**

## Fresturinn að renna út

Í fréttatilkynningu iðnaðar- og umhverfisráðherra um rammaáætlunina í júlí síðastliðnum sagði: „Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að útgáfu rannsóknarleyfa vegna fyrirhugaðra vatnsafls- og jarðvarmavirkjana sem verkefnisstjórn um rammaáætlun hefur fjallað um skuli frestað þangað til tillaga til þingsályktunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011 hefur verið afgreidd á Alþingi, eða í síðasta lagi til 1. febrúar 2012. Hefur ráðherra beint fyrirmælum þess efnis til Orkustofnunar." Þessi frestur rennur út á morgun.




**HELGI Í GÓU** Fékk þá hugmynd fyrir fimm árum að færa Íslendingum Sinalco á ný og nú er drykkurinn kominn í verslanir.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gosdrykkurinn Sinalco fluttur inn, kominn í hillur verslana á nýjan leik:

# Framleiða Sinalco ef vel gengur

**VERSLUN** Gosdrykkurinn Sinalco vekur eflaust upp hlýjar minningar hjá mörgum Íslendingnum, en hann sést nú í verslunum á ný eftir um fimmtán ára hlé. Það er sælgætisgerðin Góa sem stendur fyrir innflutningnum og rötuðu fyrstu flöskurnar í verslanir 10-11 og fleiri búða rétt fyrir síðustu helgi.

Helgi Vilhjálmsson, eigandi Góu og KFC á Íslandi, segir hugmyndina um að færa Íslendingum Sinalco á ný hafa verið að gerjast síðustu fimm ár. Svo hafi verið ákveðið að ráðast í innflutning af fullum krafti. Hann segist fullkomlega óhræddur við risana tvo á markaðnum, en það var Ölgerðin sem sá áður um innflutning hingað til lands.

> Ég man Sinalco.
>
> **ÞÓRARINN ELDJÁRN**
> Í „ÉG MAN: 480 GLEFSUR ÚR GAMALLI NÚTÍÐ", ÚTG. 1994

„Svo stendur til að ráðast í framleiðslu ef allt gengur vel," segir Helgi. Hann segist vilja að allir landsmenn geti notið drykkjarins og verður Sinalco því fáanlegt í langflestum verslunum landsins á næstunni.

Sinalco var afar vinsælt hér á landi fyrir nokkrum áratugum og er flutt inn frá Þýskalandi. Sinalco er elsti evrópski gosdrykkurinn en hann var fyrst settur á markað árið 1902.

Frá því var greint á vef Viðskiptablaðsins í gær að forsvarsmenn innflytjandans hafi unnið mikið og náið með verksmiðjunni og sammælst um að nota upprunalegu uppskriftina sem varð vinsæl hér á landi.

**- sv**

Verkefni Bjarkar til New York:

# Eflir tónlistarkennslu barna



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**

**FÓLK** Tónvísindasmiðja Bjarkar Guðmundsdóttur verður sett upp í safninu New York Hall of Science í Queens í New York í næsta mánuði. Markmið verkefnisins er að sampætta á nýjan hátt tónlist og vísindi fyrir grunnskólabörn.

Verkefnið var fyrst sett á laggirnar í tengslum við tónleikaröð Bjarkar í Hörpu í haust.

Þátttakendur námskeiðsins semja eigin lög og nota til þess smáforrit sem tónlistarkonan skapaði fyrir plötuna Biophilia. Björk mun þó ekki sjá um kennsluna sjálf þar sem hún heldur sex tónleika í New York á sama tíma.

**- sm /** **sjá síðu 34**







SPURNING DAGSINS



*Helgi, er framtíðin undir náttúruóflunum komin?*

„Nei, hún er komin undir skynsemi menntamálaráðherra.“

Úttekt Ríkisendurskoðunar sýnir fram á fullkomna óvissu um framtíð Náttúruminjasafns Íslands. Helgi Torfason er þar safnstjóri.

Leiðtogar ríkja ESB funduðu um nýjar reglur um ríkisfjármálastjórn á evrusvæði:

# Ekki náðist samstaða í Brussel

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar ríkja Evrópusambandsins (ESB) hittust í Brussel í gær til að klára viðræður um nýjar reglur sem tryggja eiga aga við ríkisfjármálastjórn í evrulöndunum. Með reglunum vilja leiðtogarnir koma í veg fyrir að evruríki geti safnað óhóflegum skuldum á ný.

Seint í gærkvöldi bárust fregnir af því að Bretar og Tékkar hefðu neitað að samþykkja reglurnar. Talsmenn Breta höfðu áður lýst því yfir að þeir væru á móti þeim en afstaða Tékka kom á óvart. Er hún talin byggjast á því að Vaclav Klaus, forseti landsins, sé líklegur til að hafna að skrifa undir lög um reglurnar. Tékkar hafa enn ekki tekið upp evruna en hafa skuldbundið sig til upptöku hennar.

Þjóðverjar, stærstu lánveitendur evrusvæðisins, hafa þrýst á um samþykkt reglnanna. Gert er ráð fyrir að Evrópudómstóllinn fái vald til að fylgjast með framfylgni þeirra í evruríkjunum og sekta þau ríki sem brjóta þær.

Þá hófst allsherjarverkfall í Belgíu um miðjan dag í gær. Blásið var til verkfallsins til að mótmæla niðurskurði ríkisútgjalda og skattahækkunum sem gripið hefur verið til til að bregðast við erfiðri skuldastöðu landsins. Var dagurinn í gær valinn vegna leiðtogafundarins. **- mþl**



**BELGÍA** Allsherjarverkfall hófst í Belgíu í gær til að mótmæla aðhaldsaðgerðum vegna skuldastöðu landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Læknir gagnrýnir yfirvöld:

# Með áhyggjur af PFC-efnum

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt að 40 prósent verðandi mæðra og nýfæddra barna í Færeyjum eru með of hátt magn flúorköfnunarefna (PFC) í blóði samkvæmt nýrri rannsókn.

Vilhjálmur Ari Arason heimilislæknir gagnrýnir viðbragðsleysi yfirvalda og fjölmiðla hér á landi vegna fregna frá nágrannalöndum að beint samband sé milli magns PFC-efna í blóði barna og mótefnasvara við bólusetningu vegna barnaveiki og stífkrampa. Vilhjálmur greinir frá þessu í pistli sínum á Eyjunni. **- sv**

Mjög gróft kynþáttaníð:

# Handtaka og húsleit vegna rasistavefsíðu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan réðist í húsleit og handtók mann á miðjum aldri á föstudaginn var vegna rannsóknar á vefsíðu þar sem finna má mjög gróft kynþáttaníð um nafngreinda einstaklinga af erlendum uppruna.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að manninum hafi verið sleppt að loknum yfirheyrslum en vill ekki gefa upp hvort hann hafi gengist við að hafa eitthvað með vefsíðuna að gera. Nú sé unnið að því að fá síðunni lokað en hún sé hýst erlendis og það geti því reynst þrautin þyngri.

„Þetta er litið alvarlegum augum,“ segir Friðrik, enda er mjög líklega um brot á hegningarlögum að ræða. **- sh**

Forval repúblikanaflokksins:

# Romney talinn sigurstranglegri

**BANDARÍKIN, AP Kannanir benda til þess að Mitt Romney muni bera sigur úr býtum í prófkjöri repúblikana í Flórídafylki í kvöld.**

**Baráttan um útnefningu flokksins til forsetakosninganna í haust hefur harðnað til muna að undanförnu þar sem föst skot hafa gengið milli frambjóðenda. Newt Gingrich sigraði örugglega í síðasta prófkjöri, í Suður-Karólínu, en hefur nú átt undir högg að sækja. Romney er spáð 42 prósent atkvæða í Flórída og Gingrich 27 prósent.**

**Sannfærandi sigur mun ekki tryggja Romney útnefninguna, en hann hefur þegar komið sér í sterka stöðu fyrir forvölin í næstu ríkjum. - þj**



MITT ROMNEY

# Vilja breyta lögum um kynferðisbrot

**Fagráð innanríkisráðuneytisins vill láta refsiréttarnefnd skoða hvort grundvöllur sé fyrir afnámi fyrningarfrests í alvarlegum kynferðisbrotamálum. Telur vænlegt að endurskoða lög um greiðslu bóta, er segir í minnisblaði til ráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Fela á refsiréttarnefnd að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að fyrningarfrestur í alvarlegum kynferðisbrotum verði afnuminn með öllu, samkvæmt tillögum í minnisblaði fagráðs innanríkisráðuneytisins um kynferðisbrot til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra 16. janúar síðastliðinn.

Fyrningarfrestur vegna alvarlegustu kynferðisbrotanna gegn börnum hefur nú þegar verið afnuminn.

Róbert R. Spanó, formaður nefndarinnar, segir að hvort grundvöllur sé til að afnema fyrningarfrest í öðrum tilvikum alvarlegra kynferðisbrota verði metið af hálfu refsiréttarnefndar, ef og þegar slíkt erindi væri lagt fyrir hana.



RÓBERT R. SPANÓ

Refsiréttarnefnd er skipuð af innanríkisráðherra og semur hún meðal annars lagafrumvörp á sviði refsiréttar og gætir að því að samræmis sé gætt í setningu laga og reglna.

Í minnisblaði fagráðsins til ráðherra segir einnig að nauðsynlegt sé að huga að því að einstaklingar með erfiða reynslu að baki í kynferðisbrotamálum fái aðstoð til að vinna úr áföllum sínum.

„Í þessu samhengi þurfi sérstaklega að huga að stöðu einstaklinga sem hafa leitað til réttarkerfisins vegna kynferðisbrota en málin ekki fengið framgang vegna fyrningarfresta,“ segir í blaðinu. „Fagráð telur að vænlegt gæti verið að huga að ákvæðum laga um greiðslu bóta vegna ofbeldisbrota í þessu samhengi og þá sérstaklega hvort að unnt væri að kveða á um aðstoð í formi greiðslu sálfræðikostnaðar.“

Einnig er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði hegningar- og barnaverndarlaga virðist vera þörf á að styrkja lagalega umgjörð varðandi kynferðisbrot sem eiga sér stað innan skipulagðra samtaka á borð við trúfélög og æskulýðs- og íþróttafélaga.

Fagráð innanríkisráðuneytisins var skipað í byrjun maí á síðasta ári með þeim tilgangi að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar í málum er varða kynferðisbrot innan trúfélaga og félagasamtaka og leiðbeina honum um leiðir til úrbóta.

sunna@frettabladid.is




**FYRNINGARFRESTUR AFNUMINN** Fagráðið vill láta refsiréttarnefnd kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að afnema fyrningarfrest í öllum alvarlegum kynferðisbrotamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Meiri eftirfylgni

Fagráðið vill láta kanna hvernig eftirliti með dæmdum barnaníðingum með barnagirnd á háu stigi sé og geti verið háttað til að tryggja öryggi barna og ungmenna. Enn fremur er lagt til í blaði fagráðsins til innanríkisráðherra að tryggt sé að mennirnir njóti stuðnings og meðferðar í kjölfar afplánunar, en slíkt getur skipt máli til þess að draga úr brotatíðni.



**FÆREYJAR** Nítján hundruð manns leggja niður vinnu í dag.

Kjaradeila í Færeyjum:

# Leikskólar loka um allt land

**FÆREYJAR Leikskólakennarar og starfsfólk frístundaskóla og félagsmiðstöðva í Færeyjum munu leggja niður störf í dag. Alls er um að ræða um 1.900 manns, en ástæðan á bak við aðgerðirnar er að sögn formanns leikskólakennarafélagsins hve illa gengur í samningaviðræðum við stjórnvöld og sveitarfélögin.**

**Þá sé mikil óánægja með að starfslagi við uppsagnir sé breytt með það að sjónarmiði að minnka aðkomu stéttarfélaganna.**

**Engin viðbrögð hafi þess heldur fengist við síðustu tillögum kennaranna og því sé brugðið á þetta ráð. - þj**

Drekkti hundi í Þingeyrarhöfn:

# Búið að upplýsa dauða hundsins

**LÖGREGLUMÁL** „Dýrið fór lifandi í sjóinn,“ segir Önundur Jónsson hjá lögreglunni á Vestfjörðum, sem hefur upplýst hundsdrápið á Þingeyri í desember.

Hræ hundsins, sem fannst bundið við bíldekk í höfninni, var sent í rannsókn og niðurstaðan er sú að hundinum var drekkt.

Að sögn Önundar hefur maður viðurkennt verknaðinn og segir hann litlar skýringar hafa getað gefið. Málið verður nú sent til ákærumeðferðar, enda er öðrum en dýralæknum óheimilt að aflífa dýr nema nauðsyn beri til. **- sh**






Tilnefningafrestur til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins að renna út:

# Lesendur hvattir til að tilnefna

**SAMFÉLAGSMÁL** Hægt er að tilnefna til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins til miðnættis í kvöld. Lesendur blaðsins eru hvattir til þess að senda inn tilnefningar þannig að dómnefndin hafi úr sem mestu að moða þegar hún tekur til starfa. „Því fleiri tilnefningar frá lesendum, því betra og því meiri fjölbreytni þegar kemur að því að útnefna og verðlauna,“ segir Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins og formaður dómnefndar um Samfélagsverðlaun.

Hægt er að tilnefna í fimm flokkum. Til Hvunndagshetju má tilnefna einstakling sem sýnt hefur óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er við stakan atburð eða vinnu að ákveðnum málaflokki.

Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr. Einnig má tilnefna félagasamtök sem sinna börnum.

Til atlögu gegn fordómum er flokkur einstaklinga og félagasamtaka sem hafa unnið að því að eyða fordómum í samfélaginu.

Heiðursverðlaun hlýtur einstaklingur fyrir ævistarf í þágu betra mannlífs.



**SUMARBÚÐIR Í REYKJADAL** Samfélagsverðlaunin í fyrra komu í hlut sumarbúðanna í Reykjadal í Mosfellsdal. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Til sjálfra Samfélagsverðlaunanna má tilnefna félagasamtök sem vinna mannúðar- eða náttúruverndarstarf og leggja þannig sitt af mörkum til að gera samfélagið betra. Í þessum flokki er verðlaunafé ein milljón króna. **- aþ**



ALLT AÐ
1000
VÖRUNÚMER
Á LÆKKUÐU
VERÐI !
100 KRÓNUR
300 KRÓNUR
500 KRÓNUR
breezi
LITTLE CLOCK
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ VÖRUFRAMBOÐ GETUR VERIÐ MISMUNANDI Á MILLI VERSLANA

## GENGIÐ 30.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,98 | 123,56 |
| Sterlingspund | 192,77 | 193,71 |
| Evra | 161,38 | 162,28 |
| Dönsk króna | 21,704 | 21,830 |
| Norsk króna | 21,003 | 21,127 |
| Sænsk króna | 18,125 | 18,231 |
| Japanskt jen | 1,6031 | 1,6125 |
| SDR | 190,15 | 191,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,8584

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átökin í Sýrlandi magnast með degi hverjum og bardagar geisuðu í úthverfum Damaskus alla helgina:

# Rússar bjóða leiðtogum til viðræðna

**SÝRLAND** Átökin í Sýrlandi magnast jafnt og þétt. Eftirlitsmenn frá Arababandalaginu eru farnir, en Rússar segjast hafa boðið leiðtogum stjórnar og stjórnarandstöðu til viðræðna.

Sýrlandsstjórn segist hafa þegið slíkt boð, en stjórnarandstæðingar vilja ekkert af því vita.

Nú er svo komið að í miðborg Damaskus, höfuðborgarinnar þar sem Basher al Assad forseti og stjórn hans hefur aðsetur, fór um helgina ekki lengur á milli mála að harðir bardagar geisuðu í úthverfunum. Tugir manna eru sagðir hafa fallið í þeim átökum. Í gær hafði stjórnarherinn náð úthverfunum á sitt vald aftur, en áfram er barist víða um land.

Erfitt er að fá fregnir af því sem gerist í landinu því erlendum blaðamönnum er ekki heimilað að koma til landsins, hvað þá senda þaðan fréttir.

Arababandalagið hefur sent ályktun til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem framferði sýrlenskra stjórnvalda er fordæmt. Rússar, sem hafa neitunarvald í ráðinu, hafa ekki viljað samþykkja slíka ályktun.



**MANNFALL Á BÁÐA BÓGA** Sýrlenskir stjórnarhermenn bera félaga sína til grafar.
NORDICPHOTOS/AFP

Að minnsta kosti tíu af fimmtán aðildarríkjum ráðsins hafa hins vegar lýst stuðningi við ályktunina, sem nægir til þess að atkvæðagreiðsla verður haldin í ráðinu á næstunni. **- gb**

Vályndt veður við skipsflak:

## Tekur tíu mánuði að hreinsa

**ÍTALÍA, AP Áætlað er að tíu mánuði taki að fjarlægja flak skemmtiferðaskipsins Costa Concordia sem strandaði við strendur Ítalíu 13. janúar. Slæmt veður hefur hamlað leit að fólki sem enn er saknað.**

**Sextán er enn saknað eftir slysið, og stendur til að senda kafara í öll rými í skipinu til að leita að líkum. Samhliða á að tæma olíutanka skipsins, en í þeim eru um 1,8 milljónir lítra af olíu.**

**Að þessu loknu verður hægt að hefja tilraunir til að ná skipinu af strandstað. Reyna á að ná því í heilu lagi, en mögulega þarf að búta skipið niður til að koma því í burtu.** **- bj**

Vísað aftur til lögreglu:

## Rannsaka þarf mál Egils betur

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur vísað máli Egils Einarssonar og unnustu hans aftur til lögreglu til frekari rannsóknar.



EGILL EINARSSON

Átján ára stúlka kærði parið fyrir nauðgun í lok nóvember og að lokinni rannsókn vísaði lögregla málinu til embættis Ríkissaksóknara til ákærumeðferðar í þarsíðustu viku.

Í millitíðinni hefur önnur nauðgunarkæra verið lögð fram á hendur Agli. Þar er um að ræða stúlku sem var fimmtán ára þegar meint brot átti sér stað fyrir átta árum. **- sh**

# Einsdæmi að dómur sé ómerktur tvisvar

**Útlit er fyrir að réttað verði yfir fyrrverandi Landsbankamanni í þriðja sinn vegna sama máls. Héraðsdómur hefur í tvígang fellt ónýtan dóm í málinu. „Með alvarlegri hlutum sem ég hef upplifað í þessum bransa," segir verjandi.**

**DÓMSMÁL** Einsdæmi er að dómsmáli sé vísað til meðferðar í héraði í þriðja sinn hér á landi, líkt og gerst hefur með mál Hauks Þórs Haraldssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóri í Landsbankanum.

Haukur var ákærður fyrir að hafa dregið sér tæpar 120 milljónir af reikningi dótturfélags Landsbankans í miðju bankahruni. Sjálfur bar hann því við að hann hafi aðeins verið að forða fénu frá því að brenna upp í hruninu.

Haukur var sýknaður í fyrstu atrennu í héraðsdómi, en Hæstiréttur taldi að sönnunarmati þess dóms hefði verið áfátt, ómerkti hann og vísaði aftur heim í hérað. Í seinna skiptið var Haukur dæmdur í tveggja ára fangelsi.

Dómaranum láðist hins vegar að fjölskipa dóminn líkt og sakamálalög frá árinu 2008 kveða á um að skuli gera þegar Hæstiréttur ómerkir dóm vegna brogaðs sönnunarmats. Af þessum sökum var síðari héraðsdómnum einnig vísað heim í hérað fyrir helgi.

„Mér finnst ekki eðlilegt að leggja það á nokkurn mann að sitja undir þessu í þriðja sinn, enda hefur það víst aldrei áður komið fyrir í Íslandssögunni," segir Haukur. Hann sé vissulega feginn því að fangelsisdómur hans standi ekki en hafi þó bundið vonir við að málinu yrði vísað frá. Það sé nú á forræði annarra.

Fjórir saksóknarar hafa farið með málið frá því það var höfðað í nóvember 2009. Tuttugu vitni komu fyrir dóminn í fyrstu aðalmeðferðinni og sautján í þeirri síðari.

Gestur Jónsson, verjandi Hauks, segir með þessu brotið á rétti Hauks til réttlátrar málsmeðferðar. „Þetta er með alvarlegri hlutum sem ég hef upplifað í þessum bransa," segir Gestur. Hann bendir á að hefði málinu lokið í apríl 2010, þegar fyrsti dómurinn féll, væri Haukur nú laus allra mála jafnvel þótt hann hefði verið sakfelldur.

Gestur segist hafa bent dómaranum á að hann þyrfti að fjölskipa dóminn í seinna skiptið. Því hafi saksóknarinn mótmælt og dómarinn ekkert gert með ábendinguna.

Í greinargerð Gests til Hæstaréttar er vísað til rits Eiríks Tómassonar, nú hæstaréttardómara, um sakamálalögin þar sem segir að dómur í sama máli verði varla ómerktur nema einu sinni. Hann muni því reyna að fá málinu vísað frá. „Ég mun reyna allt til að koma í veg fyrir að maðurinn þurfi að þola þriðju málsmeðferðina," segir Gestur.

stigur@frettabladid.is



**Í ANNAÐ SINN** Haukur mætir ásamt verjanda sínum til aðalmeðferðar í héraði í annað sinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ekki hægt að fella mál niður af vorkunn

„Þetta er svolítið dapurlegt hjá héraðsdómi," segir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari, sem sótti málið í fyrstu atrennu. „Oft er reynt að kenna ákæruvaldinu um en þarna eru dómstólarnir að klikka."

Hann segir ákæruvaldinu tæpast stætt á að falla frá málinu. „Það er ekki verið að finna að málatilbúnaði ákæruvaldsins. Ég er ekki viss um að við höfum lagaheimild til þess að vorkenna sakborningi það mikið að við fellum málið niður."

Allir líffæragjafar sjálfkrafa:

## Breyta lögum um líffæragjöf

**ALÞINGI** Íslendingar verða sjálfkrafa líffæragjafar við andlát nema þeir hafi sérstaklega látið vita um annað, nái breytingartillögur sem lagðar voru fram á Alþingi í gær fram að ganga. Í dag gera lög ráð fyrir því að fólk vilji ekki gefa líffæri sín við andlát, nema annað hafi verið tekið fram.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Siv Friðleifsdóttir er fyrsti flutningsmaður tillögunnar, en sautján aðrir þingmenn úr öllum flokkum koma að henni. Tillögunni er meðal annars ætlað að fjölga líffæragjöfum á landinu. **- sv**

Nefnd um þjóðaröryggi:

## Mótar öryggisstefnu Íslands

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur skipað nefnd sem móta á þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Kveðið er á um slíkt í þingsályktun sem samþykkt var í haust. Nefndarformaður er Valgerður Bjarnadóttir. Skipun hópsins hefur dregist, en samkvæmt þingsályktunartillögunni átti nefndin að skila af sér niðurstöðum í júní næstkomandi og var þeirri dagsetningu ekki breytt formlega. „Þetta er flókið mál og mikilvægt og ég vil frekar að það dragist fram yfir þau tímamörk sem sett eru í þingsályktuninni en að kastað verði til höndunum," segir Össur.** **- bj / sv**




## Hefur þú prófað ZUMBA toning?

**Dansaðu þig í form með góðum styrktaræfingum.**
**Einföld og skemmtileg dansspor.**

**Zumba toning**
Þri og fim kl. 16:30
**Zumba**
Þri og fim kl. 17:30

Hefst 7. febrúar - Fjórar vikur

Verð kr. 11.900 eða 7.900 í áskrift (3 mán binditími)

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

**ROK OG RIGNING**
Lægðirnar halda áfram að koma úr suðvestri með suðaustanátt og rigningu í þessari viku. Veður verður orðið fínt á fimmtudag en strax á fimmtudagskvöld kemur næsta lægð og sú þriðja kemur líklega aðfaranótt laugardags.



**Á MORGUN**
8-15 m/s, hvassast A-til.

**FIMMTUDAGUR**
Hægur vindur í fyrsti en vaxandi SA-átt síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -6° |
| Billund | -1° |
| Frankfurt | -2° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 3° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 17° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -12° |
| París | 3° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Brynja Gunnarsdóttir brynjag@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Landsbankinn lækkar vexti á bílasamningum

**Landsbankinn kynnir hagstæð kjör** á óverðtryggðum bílasamningum. Vextir lækka í 8,50% og eru fastir fyrstu 36 mánuðina. Það þýðir að greiðslur eru fastar fyrstu 3 ár samningstímans.

» **Fastir 8,50% vextir** fyrstu 36 mánuðina

» **Hámarkslánstími er 7 ár**
að frádregnum aldri bíls

» **Lánshlutfall allt að 70%**

» **Engin stimpil- eða þinglýsingargjöld**

**8,50%**

**Þessir vextir gilda aðeins til 24. febrúar.**

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4800

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að kona taki við embætti biskups Íslands?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 68,7% |
| NEI | 31,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú orðinn þreytt/ur á fannfergi þessa vetrar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Utanríkisráðherra vill skýra heimild til valdaframsals í stjórnarskrá Íslands:

# Fullveldisframsal í EES-samningi

**ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að menn verði að horfast í augu við það að EES-samningurinn feli í sér framsal á fullveldi. Á móti komi ýmsir hagsmunir fyrir Íslendinga.

„Þeir sem afbera almennt yfir höfuð ekki neitt tal um fullveldisafsal landsins í allri rökræðu, þeir ættu að mínu mati að vera samkvæmir sjálfum sér og annað hvort krefjast uppsagnar eða þá að fara hina leiðina og krefjast aðildar og hafa þá áhrif á hvernig tilskipanir okkur tengdar líta á endanum út,“ sagði Þorgerður.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Hún var málshefjandi í sérstakri umræðu um skýrslu Norðmanna um EES-samstarfið. Þorgerður sagði að sjálf vildi hún ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og bera niðurstöðuna undir þjóðaratkvæði. Ef niðurstaðan yrði sú að búa við EES-samninginn yrðu menn að gera sér grein fyrir því að Íslendingar muni búa við lýðræðishalla, en fá hagsmuni á móti.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tók undir með Þorgerði. Hann sagði að Alþingi framseldi hluta fullveldisins oft í viku með samþykktum ýmissa þingmála.

Hann vill að við endurskoðun stjórnarskrárinnar sé horft til þess að Alþingi verði veitt heimild til þessa framsals. **- kóp**

Sat fastur í leðju í þrjá daga:

# Var handtekinn eftir björgunina

**BANDARÍKIN, AP** Heimilislaus maður sem sat fastur í þrjá sólarhringa í leðju á fáförnum stað nærri Rio Grande-ánni í Nýju-Mexíkó varð frelsinu feginn þegar honum var bjargað eftir að menntaskólanemar heyrðu neyðaróp hans.

Maðurinn var þó ekki frjáls lengi því hann var handtekinn eftir að björgunarmenn losuðu hann úr drullunni. Að sögn lögreglu var maðurinn eftirlýstur fyrir vopnaða líkamsárás, og hafði farið huldu höfði við bakka Rio Grande um nokkurt skeið. **- bj**


## Vertu með í kvennaleikfimi!

**Gamla góða leikfimin fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur. Styrktaræfingar, lítil hopp og æfingar fyrir maga, rass og læri.**

- Mán, mið og föst kl. 16.30. Þjálfari Þóra Sif **Uppselt**
- Þri og fim kl. 10:00. Þjálfari Elva Björk.

**Hefst 6. febrúar**

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is


# Mörg tækifæri fyrir skapandi greinar

**Talsmaður Samtaka skapandi greina segir þekkingu Íslendinga á tækifærum til EES-styrkja í geiranum ekki nógu víðtæka. Snýst ekki aðeins um Evrópusambandsaðild heldur að nýta þau tækifæri sem nú þegar eru til staðar.**

**ATVINNULÍF** Nokkur misbrestur er á því að Íslendingar séu nægilega vel að sér um möguleika á styrkjum í gegnum aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þetta segir Ása Richardsdóttir, talskona Samtaka skapandi greina, í samtali við Fréttablaðið.

Ása var meðal ræðumanna á ráðstefnu utanríkisráðuneytisins um Skapandi greinar og Evrópusambandið (ESB) fyrir helgi en þar var rætt um stefnu ESB í uppbyggingu skapandi greina.

Á ráðstefnunni var til dæmis rætt um reynslu ESB-ríkja af stuðningi sambandsins við þennan geira, meðal annars í gegnum byggðastefnu sambandsins. Fyrirlesarar komu frá Finnlandi, Eistlandi og Skotlandi, en auk þeirra var Gunnar Magnússon, starfsmaður framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta og menningarmála, með erindi um áætlanir ESB í skapandi greinum og hvernig Ísland gæti nýtt sér þær áætlanir komi til aðildar að sambandinu.

Ása segir að óháð tali um aðild Íslands að ESB, hafi þessi ráðstefna verið afar gagnleg áminning til aðila hér á landi um að fjölmargir möguleikar eru fyrir hendi í gegnum samninginn um EES. Það eigi ekki aðeins við um skapandi greinar heldur líka þróunarstarf og rannsóknir, til dæmis á vegum háskóla og sveitarfélaga.

„Þar má nefna menningar- og listaáætlun ESB, menntunaráætlanir og rammaáætlun ESB um rannsóknarfé. Við höfum aðgang að fjölmörgum sjóðum og Íslendingar hafa verið að sækja í þá að einhverju leyti. Það sem kom mér hins vegar einna mest á óvart á þessari ráðstefnu er að þó að hjá okkur Íslendingum, sem höfum verið aðilar að EES í 18 ár, er enn þá, því miður, töluverð vanþekking á þeim möguleikum sem eru nú til staðar í þessum málum. Við þurfum að vera miklu duglegri við að afla okkur víðtækari þekkingar á þessu sviði.“ **thorgils@frettabladid.is**



**VANNÝTT TÆKIFÆRI** Ása segir EES-samninginn fela í sér fjölmörg styrkjatækifæri.

### Hvað eru skapandi greinar?

Ekki er til nein nákvæm skýring á hugtakinu „skapandi greinar“, en á vef Rannsóknarmiðstöðvar skapandi greina innan Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands segir að um sé að ræða íslenska þýðingu á hugtakinu Creative industries „sem í grófum dráttum vísar til þeirrar atvinnu eða iðngreina sem byggja á hinum hefðbundnum listgreinum“. Þar á meðal er margs konar hönnun, tónlist, kvikmyndagerð, bókaútgáfa og menningartengd ferðaþjónusta.

### Hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi

Í skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi, sem var kynnt á síðasta ári, kom fram að skapandi greinar veltu 189 milljörðum árið 2009 og útflutningstekjur skapandi greina það ár voru um 24 milljarðar, eða um 3% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Þar kom jafnframt fram að velta skapandi greina hafði haldist nokkuð stöðug þrátt fyrir áhrif hrunsins á aðrar atvinnugreinar og ársverkum í geiranum hafði fjölgað og voru um 9.400 árið 2009.


## Tölvunámskeið fyrir heldri borgara 60+



### Grunnnámskeið

**30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.**
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.
**Hefst 6. feb. og lýkur 27. feb. - Kennt mánu- og miðvikudaga**
Verð kr. 29.000.- (Kennslubók á íslensku innifalin).

### Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
**Hefst 7. feb og lýkur 28. feb. - Kennt þriðju- og fimmtudaga**
Verð kr. 29.900.- (Kennslubók á íslensku innifalin).

### Stafrænar myndavélar 60+



**Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.**
Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.
**Hefst 13. feb. og lýkur 22. feb. - Lengd námskeiðs 18 std.**
Verð kr. 19.900,- (Kennslubók á íslensku innifalin).

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is


Ekki bráðahætta á ferðum þegar leki kom að 500 kílóa kúti með ammoníaki:

# 300 manna vinnustaður rýmdur

**SLYS** Ákveðið var að rýma höfuðstöðvar fjarskiptafyrirtækisins Vodafone við Súðarvog og loka nærliggjandi götum eftir að leki kom að kúti með ammoníaki á iðnaðarlóð við götuna á níunda tímanum í gærmorgun.

„Kúturinn var geymdur í gámi á lóðinni, og var verið að vinna í gáminum þegar kúturinn valt,“ segir Eyþór Leifsson, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Gat kom á kútinn, sem var um 500 kíló. „Það var engin bráðahætta af þessu,“ segir Eyþór. Mikil ólykt er af ammoníaki og það getur ert öndunarfæri fólks komist mikið magn út í umhverfið.

„Það var mjög sterk lykt hér inni og ertandi fyrir okkar starfsfólk,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. Hann segir neyðaráætlun hafa verið virkjaða vegna lekans, og að um 300 starfsmenn hafi í kjölfarið rýmt húsnæðið. Starfsemin komst aftur í gang um klukkan 11.30.

Slökkviliðsmenn með reykköfunarbúnað sprautuðu vatni yfir kútinn til að þynna ammoníakið og á mengunarský sem gaus upp við slysið. Þeim tókst svo að reka tréfleyga í gatið á kútnum til að stöðva flæðið.

Eyþór segist ekki vita til þess að nokkur hafi kennt sér meins af völdum mengunarinnar. Vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið skoða aðstæður í kjölfar slyssins. **- bj**



**ÚÐAÐ** Slökkviliðsmenn úðuðu vatni yfir ammóníakið og mengunarskýið sem lekanum fylgdi til að þynna efnið og skola því niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

## TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



vísir

# ferð.is

## Ný ferðaskrifstofa á netinu

# Bodrum í Tyrklandi

**10 - 11 nátta ferðir í beinu flugi frá 22. maí.**




### Gümbet — Flug og gisting

**Eken Resort**

**Allt innifalið!** 22. maí - 1. júní

**Verð frá 127.850 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli.
Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu inniföldu.
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 139.360 kr.

### Torba — Flug og gisting

**Voyage Torba**

**Allt innifalið!** 1. - 12. júní

**Verð frá 185.620 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi.
Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu inniföldu.
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 204.960 kr.

### Bodrum — Flugsæti

22. maí - 1. júní

**Verð frá 101.700 kr.**

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

góða ferð

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ferð.is

ÍSLENSKA SIA.IS FER 58225 01/12

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hverjir urðu Evrópumeistarar í handbolta karla?
2. Hversu mörg hreindýr má veiða í ár?
3. Hver er skattrannsóknarstjóri?

**SVÖR**

1. Danir 2. 1.009 3. Bryndís Kristjánsdóttir

Forseti Íslands ræðir loftslagsmál við frítt föruneyti hinum megin á hnettinum:

# Á suðurskautinu með Al Gore

**UMHVERFISMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er nú staddur á suðurskautinu í leiðangri með Al Gore, Nóbelsverðlaunahafa og fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna.

Markmið leiðangursins, sem er skipulagður af Loftslagsstofnun Als Gore og náttúrutímaritinu National Geographic, er að kynna sér bráðnun og ræða aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Siglt er á skipi í eigu tímaritsins sem heitir National Geographic Explorer.

Með í för eru meðal annars bandaríski leikstjórinn James Cameron og auðkýfingarnir Ted Turner, stofnandi CNN, og Richard Branson, eigandi Virgin-fyrirtækjasamsteypunnar.



AL GORE ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Að því er segir í tilkynningu frá forsetaembættinu eru meðal annarra þátttakenda James Hansen, yfirmaður vísindamála hjá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, Yao Tandong, fremsti jöklafræðingur Kína, Christiana Figueres, framkvæmdastjóri Loftslagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna og vísindamenn frá Harvard-háskóla og háskólum í Evrópu.

Leiðangurinn hófst á sunnudaginn og lýkur næsta mánudag. - sh

Svört mannfjöldaspá í Japan:

# Spá verulegri fólksfækkun

**JAPAN, AP Japönum mun fækka um þriðjung til ársins 2060 samkvæmt nýrri mannfjöldaspá. Japanar eru um 128 milljónir, en eftir tæplega 50 ár verða þeir aðeins um 87 milljónir samkvæmt spánni.**

**Til að bæta gráu ofan á svart er nú áætlað að árið 2060 verði um 40 prósent þjóðarinnar 65 ára eða eldri. Það er tvöfalt hærra hlutfall en í dag. Áætlað er að eftir tæplega 50 ár verði aðeins helmingur þjóðarinnar vinnufær.** - bj


**Ráðstefna Iðnmenntar 2012**
**Grand Hótel Reykjavík – 3. feb. kl. 13:00**

**Starfsmenntun skóli - atvinnulíf**

**Gildi starfsmenntunar í íslensku samfélagi**

Dagskrá:

**Katrín Jakobsdóttir**, menntamálaráðherra
*Hver er stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins í iðn- og starfsmenntun í grunn- og framhaldsskólum?*

**Baldur Gíslason**, skólameistari
Frá vinnustað í verknámsskóla. *Yfirlit um þróun kennslu í iðn- og starfsmenntun ásamt tölulegum upplýsingum um fjölda í námi undanfarin ár.*

**Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ
**Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA
Þarfir atvinnulífsins. *Hvernig sinnir skólinn þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk? Hvernig er vel menntuðu starfsfólki best sinnt?*

**Jón Torfi Jónasson**, forseti Menntavísindasviðs HÍ
Mótun iðn- og starfsmenntunar frá sjónarhóli einstaklings og atvinnulífs. *Hafa breytingar á liðnum áratugum leitt til betri stöðu fyrir atvinnulífið og einstaklinginn?*

**Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir**, skólameistari
Rýnt í skýrslur. *Bestu leiðir í starfsmenntun að mati OECD.*

Umræður í hópum: (45 mín.)
- *Hlutverk skóla í starfsmenntun*
- *Hlutverk vinnustaða í starfsmenntun*
- *Hver á að bera ábyrgð á nemandanum í vinnustaðanámi?*
- *Hvernig má tryggja gæði starfsmenntunar?*

Niðurstöður hópa, umræður (30 mín.)

Ráðstefnustjóri: **Ársæll Guðmundsson**, skólameistari

*Skráning á skrifstofu Iðnmenntar, í síma 517-7200 eða á netfanginu heidar@idnu.is.*

IÐNMENNT


# Landslénið veltir 207 milljónum á ári

**Um 85% af tekjum ISNIC eru vegna landslénsins .is. Frumvarp um höfuðlén gengur út á að leyfisskylda rekstur og skráningu léna og leggja skatt á veltu rekstraraðila. Frumvarpið skapar óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi ISNIC.**

**VIÐSKIPTI** Internet á Íslandi hf. (ISNIC) velti 244 milljónum króna á árinu 2011 og hagnaðist um 55 milljónir króna. 206,9 milljónir króna, eða 85% af veltu félagsins, eru tekjur vegna landslénsins .is.

Þetta kemur fram í ársreikningi ISNIC sem skilað var inn til ársreikningaskrár 23. janúar síðastliðinn. Ársreikningurinn er sá fyrsti sem skilað er inn fyrir árið 2011 og er þetta þriðja árið í röð sem ISNIC er fyrst til að skila.

Stjórn ISNIC leggur til að félagið greiði út 30 milljónir króna í arð til eigenda félagsins á árinu 2012 vegna frammistöðu þess á árinu á undan. ISNIC hefur ekki greitt út arð frá 2006 þegar félagið var að mestu í eigu Teymis. Helstu eigendur ISNIC í dag eru Jens Pétur Jensen, framkvæmdastjóri félagsins (29,5%), Íslandspóstur hf. (18,7%), Magnús Soffaníasson (16,8%) og Bárður Tryggvason (16,2%).

Innanríkisráðuneytið hefur um nokkurt skeið verið að vinna að frumvarpi um „landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén“. Frumvarpið var fyrst lagt fram á vorþingi 2011 og í kjölfarið tekið fyrir í samgöngunefnd án þess að vera afgreitt úr henni. Þann 14. nóvember síðastliðinn var því síðan útbýtt aftur á Alþingi án þess að vera tekið til umræðu.

Í frumvarpinu felst meðal annars að rekstur og skráning íslenskra léna, sem ISNIC hefur séð um frá upphafi hérlendis, verði leyfisskyld til fimm ára í senn. Þar segir að starfsleyfi „fyrir íslensk höfuðlén skal veitt einum aðila til fimm ára í senn, að undangengnu opnu og gagnsæju ferli“. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) á að úthluta leyfinu. Þeir sem fengu slíku leyfi úthlutað þyrftu einnig að greiða 4,9% af ársveltu sinni í sérstakt rekstrargjald til PFS. Miðað við tekjur ISNIC vegna landslénsins á árinu 2011 myndi slíkur skattur nema um 10 milljónum króna á ári.

Í skýrslu stjórnar ISNIC, sem fylgir ársreikningnum, er fjallað um umrætt frumvarp og í ábendingu endurskoðanda félagsins segir að „ákvæði frumvarpsins fela í sér umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi Internets á Íslandi hf. Sökum þeirrar óvissu er varðar líkur á lagasetningu, gildistöku laganna og óljósar skuldbindingar, ríkir óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins“.

Jens Pétur segir að það þekkist hvergi að sérstakur skattur sé lagður á lén. Hann segist ekki trúa því að frumvarpið verði að lögum í því formi sem það hefur verið lagt fram. thordur@frettabladid.is



**LÉN** Ekki er hægt að komast framhjá ISNIC ef ætlunin er að skrá lén með .is-endingu. Félagið rekur nafnaþjónustu og skráningakerfi fyrir lén með slíka endingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ætla mögulega að lækka gjaldið aftur

ISNIC lækkaði árgjald léna um eitt þúsund krónur í nóvember síðastliðnum, niður í 6.982 krónur. Lækkunin nam 12,5%. Jens Pétur segir lækkuninni ætlað að stuðla að um 18% fjölgun léna á þessu ári. „Takist okkur að ná því markmiði munum við lækka gjaldið aftur um þúsund krónur.“ Uppsafnaður heildarfjöldi .is léna var 36 þúsund í lok árs 2011. Lénum fjölgaði um 4.574 frá árinu áður, eða um 14,5%. Á heimasíðu ISNIC kemur fram að heildarfjöldi .is-léna hefur tvöfaldast á fimm árum.

Írönsk stjórnvöld bjóða kjarnorkueftirlitinu að vera lengur:

# Segjast bjartsýn á viðræður

**ÍRAN, AP** Írönsk stjórnvöld hafa boðið sendifulltrúum Kjarnorkustofnunar Sameinuðu þjóðanna að vera lengur í landinu en þrjá daga, eins og upphaflega stóð til. Þetta er fyrsta heimsókn fulltrúa Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar til Írans frá því stofnunin sendi frá sér skýrslu í nóvember, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sumar kjarnorkutilraunir Írana geti vart haft annan tilgang en þann, að gera framleiðslu kjarnorkuvopna mögulega.

Evrópusambandið, Bandaríkin og fleiri ríki hafa samþykkt refsiaðgerðir gegn Írönum vegna kjarnorkuáforma þeirra og krafist þess að kjarnorkueftirlitið fái að ganga úr skugga um hvað Íranar eru að gera.

Ali Akbar Salehi, utanríkisráðherra Írans, segist bjartsýnn á að viðræður við kjarnorkueftirlitið skili árangri.

Íranar hafa hins vegar hótað því að loka Hormússundi, sem er mikilvæg siglingaleið með olíu frá Persaflóa, telji þeir refsiaðgerðir vera orðnar of harkalegar. Sendinefndin frá kjarnorkueftirlitinu hefur ekkert látið uppi um störf sín í Íran síðan hún kom þangað á mánudag, en niðurstöður heimsóknarinnar ráða miklu um frekari viðbrögð annarra ríkja.

Ísraelar hafa leynt og ljóst hótað árásum á Íran til að eyðileggja kjarnorkuver og aðra starfsemi sem tengist kjarnorkuvinnslu. - gb



**MÓTMÆLI** Íranskir mótmælendur tóku á móti nefnd alþjóðlega kjarnorkueftirlitsins á flugvellinum á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP


BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Reykjavík Árdegis**

**kl. 9 – 12 á Bylgjunni á Gamlársdag**



**Þorgeir, Kristófer og Bragi rifja upp helstu atburði og gera upp árið**



„Þrátt fyrir erfitt atvinnuástand undanfarin misseri er deginum ljósara að eftirspurn eftir fólki með þekkingu í forritun hefur ekki bara haldið sér, heldur fer ört vaxandi, auk þess sem forritunarstörf eru almennt vel launuð.“

**Tómas Oddur Hrafnsson**
Ráðgjafi Capacent Ráðningar

# NÁM SEM EYKUR STARFSMÖGULEIKA HÉRLENDIS OG ERLENDIS

## Diplomanám í forritun

282 stundir - Verð: 399.000.-

Atvinnulausir fá 25% afslátt frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði og geta sótt um styrk frá vinnumálastofnun.

Markmið námsins er að svara vaxandi þörf atvinnulífsins fyrir starfsfólk til að vinna við forritun. Val kennslugreina miðast við að mæta þörfinni þar sem hún er mest með því að kenna hlutbundna forritun (C #.NET, ADO.NET) og nota Visual Studio þróunarumhverfið frá Microsoft.

Námið byggir að stórum hluta á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að því loknu hafa nemendur öðlast góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir helstu aðferðir í nútíma hugbúnaðargerð og eiga að vera færir um að taka eftirfarandi alþjóðleg próf: 70-511 og 70-516.

Kennarinn á námskeiðinu er með 12 ára reynslu af kennslu í forritun og er með MCT gráðu (Microsoft Certified Trainer). Gera þarf ráð fyrir nokkru heimanámi (8-10 klst. á viku) og vinnu utan skólatíma við lokaverkefni.

Inntökuskilyrði: Góð almenn tölvukunnátta, stúdentspróf eða hliðstæða menntun og góð enskukunnátta því allar bækur eru á ensku.

Leitið til NTV varðandi frekari námsráðgjöf, með því að koma í heimsókn eða hafa samband í síma 544-4500.

### Helstu námsgreinar

Kynning á forritun (36 stundir)
Viðmótshönnun (12 stundir)
Gagnagrunnsfræði (36 stundir)
Forritun með C# (66 stundir)
Gluggaforritun (60 stundir)
Gagnagrunnsforritun (36 stundir)
Lokaverkefni (36 stundir)

### Kvöldnámskeið

Hefst 14. febrúar – lýkur 5. júní
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-22
og laugardaga kl. 13-17

PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER
PROMETRIC

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 - KÓPAVOGI - SÍMI 544 4500 - WWW.NTV.IS

MS FÉLAG ÍSLANDS

**Fræðslufundur um lyfjamál**
**Miðvikudag 1. febrúar 2012 kl. 18-19.30**

MS-félag Íslands boðar til fræðslufundar um lyfjamál að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.

Sóley Þráinsdóttir taugalæknir á LSH fræðir okkur um lyfjamál og einkum nýja lyfið **„Gilenya“.**

Hægt verður að horfa á fræðslufyrirlesturinn í gegnum heimasíðu félagsins **www.msfelag.is**

**MS-félag Íslands**

Hefja samstarf við pólska líftæknifyrirtækið Bioton um þróun insúlínlyfja:

# Actavis gerir stóran samning

**VIÐSKIPTI** Actavis hefur hafið formlegt samstarf við pólska líftæknifyrirtækið Bioton um þróun og skráningu á insúlíni og insúlínvirkum lyfjum. Actavis fær með samningnum einkarétt til að markaðssetja lyf Bioton í Bandaríkjunum, Japan og Evrópu.

Actavis greiðir Bioton samanlagt 55,5 milljónir evra, jafngildi rúmra níu milljarða króna, fyrir réttinn. Fram kemur í fréttatilkynningu frá Actavis að samkvæmt áætlun fyrirtækisins muni sala þess á lyfjunum fara yfir 1,5 milljarð evra, jafngildi rúmra 240 milljarða króna, á fyrstu sjö árum samningstímans. Actavis og Bioton munu deila kostnaði við þróun og skráningu til helminga og einnig ágóða.


**VARSJÁ** Claudio Albrecht, forstjóri Actavis, Ryszard Krauze og Slawomir Ziegert, stjórnarformanni og forstjóra Bioton.

„Bara mannainsúlín og insúlínvirku lyfin ættu að fara nærri því að auka verðmæti okkar um 900 milljónir evra. Og þökk sé samstarfssamningnum við Bioton, þá ættum við að verða meðal helstu fyrirtækja heims í framleiðslu á insúlíni,“ segir Claudio Albrecht, forstjóri Actavis.

Þá segir Albrecht að allar spár bendi til þess að insúlínmarkaðurinn muni vaxa mikið á næstu árum og áratugum þar sem fjöldi sykursjúkra aukist stöðugt. **- mþl**

Danska ríkisstjórnin:

## Sjö ráðherrar utan þjóðkirkju

**DANMÖRK** Sjö ráðherrar af 23 í Danmörku eru ekki meðlimir í þjóðkirkjunni þar í landi, að því er fram kemur í Ekstra Bladet.


**BJARNE CORYDON**

Þetta heyrir til nokkurra tíðinda í sögulegu samhengi. Í síðustu ríkisstjórn, til dæmis settist enginn sem var utan við þjóðkirkjuna í ráðherrastól.

Á meðal ráðherranna sjö eru varnarmálaráðherrann Nick Hækkerup og fjármálaráðherrann Bjarne Corydon, sem segist bera fulla virðingu fyrir þjóðkirkjunni. „En ég er ekki trúaður og þess vegna finnst mér eðlilegt að ég sé ekki meðlimur í þjóðkirkjunni,“ sagði hann. **- þj**

**EFNAHAGSMÁL**

### Velta á húsnæðismarkaði

Velta á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu var 2,2 milljarðar vikuna 20. til og með 26. janúar. Þinglýstir kaupsamningar voru 86. Meðalvelta síðustu tólf vikur er 2,9 milljarðar og meðalfjöldi kaupsamninga 94.


**INNANRÍKISRÁÐHERRA** Sagði embættismenn ánetjast Evrópusambandinu og dvelja langdvölum í Brussel á kostnað ríkisins. Starfsmenn hafa brugðist ókvæða við og munu fara fram á afsökunarbeiðni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Telja ummæli óafsakanleg

**Formaður eins stéttarfélags stjórnarráðsins segir ummæli innanríkisráðherra um embættismenn og dagpeninga ómakleg. Fundað verður um málið. Ráðherra biðst afsökunar í grein í blaðinu í dag.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er í rauninni ómaklegt og óafsakanlegt gagnvart starfsmönnum ráðuneytanna og stjórnarráðsins og vonandi á misskilningi byggt,“ segir Hanna Dóra Másdóttir, formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Tilefnið er ummæli Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um embættismenn og Evrópusambandið.

Ögmundur sagði á þingi í síðustu viku að embættismenn héldu reglulega til úti í Brussel á kostnað ríkisins. „Þetta fólk ánetjast Evrópusambandinu og vill ólmt halda áfram og fá að fara í fleiri ferðir. Fleiri ferðir, fleiri hótelferðir, meiri dagpeninga. Það er þetta sem er að gerast. Það er þess vegna sem stofnanaveldið ánetjast Evrópusambandinu.“

Hanna Dóra vonar helst að ummælin skýrist af misskilningi Ögmundar. „Mér sýnist helst að ráðherra sé ekki kunnugt um muninn á þeim kjörum sem ráðherrar hafa og almennir starfsmenn.“

> Mér sýnist helst að ráðherra sé ekki kunnugt um muninn á þeim kjörum sem ráðherrar hafa og almennir starfsmenn.
>
> **HANNA DÓRA MÁSDÓTTIR**
> FORMAÐUR FÉLAGS HÁSKÓLAMENNTAÐRA STARFSMANNA STJÓRNARRÁÐSINS

Stjórn félagsins mun funda á fimmtudaginn og þar mun Hanna Dóra leggja til að ráðherra verði sent formlegt erindi þar sem farið verði fram á afsökun.

„Það eru mikil sárindi með þetta. Fólk telur sig hafa lagt mikið af mörkum undanfarin ár í tengslum við ýmsar aðgerðir sem tengjast kreppunni. Fólk lítur svo á að það sé ekki að gera annað en að sinna sínu starfi. Allar ferðaákvarðanir eru teknar af ráðuneytisstjórum en ekki starfsmönnum og eru inni í fjárhagsáætlun hvers árs.“

**kolbeinn@frettabladid.is**

### Segir ummæli sín ómakleg

„Mörgum sem sækja þurfa fundi milli landa þykir það án efa leiðigjarnt og vildu heldur sleppa við langa fjarveru frá heimili sínu. Þetta er fólkið sem mér þykir miður að hafa sært þegar ég ræddi þá tilhneigingu sem við höfum séð í öðrum Evrópuríkjum að stofnanaveldið eigi til að ánetjast Evrópusambandinu. Með þessu gerði ég einstaklingum það upp að eiga sér þann draum helstan að halda til á hótelum á kostnað skattgreiðenda. Þetta var ómaklegt og ósanngjarnt og bið ég þetta fólk afsökunar. Sjálfur er ég nýlega búinn að halda uppi stífum vörnum og útskýringum á eðli dagpeninga; að þeir séu hugsaðir til að greiða útlagðan kostnað og ekki annað. Síðan er það hin hliðin að það kemur úr hörðustu átt þegar stjórnmálamaður sem er ábyrgur fyrir því að senda fólk til verka á erlendri grundu talar til þess með þeim hætti sem ég gerði.“

*Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra í grein í Fréttablaðinu. Sjá síðu 16.*

*Skráðu þig núna í nám:*
**Almennt tölvunám**
Frábært nám fyrir þá sem vilja læra grunnatriðin við tölvunotkun. Kennt að nota ritvinnslu, töflureikni, tölvupóst, Internetið, Picasa ljósmyndaforritið og Windows.
Dagnámskeið hefst 6. febrúar (9:00-12:00)
Verð aðeins 49.500





*Lærðu meira um tölvur:*
**Almennt tölvunám +**
Lengra og ítarlegra nám fyrir þá sem vilja læra aðalatriðin við tölvunotkun. Kennt að nota ritvinnslu, töflureikni, tölvupóst, Internetið, Picasa ljósmyndaforritið, PowerPoint og Windows. Kafðu dýpra og vertu betri.
Verð aðeins 84.500
Dagnámskeið hefst 6. febrúar (9:00-12:00)

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986
Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

Nú er Angelica 10 ára!




**Angelica** er íslensk náttúruafurð úr ætihvönn. **Angelica** getur gefið þér aukna orku og styrkt varnir þínar gegn vetrarpestum.

Kauptu Angelicu jurtaveig og poki af Voxis hálstöflum fylgir

**Komdu á kynningu í Heilsuhúsinu kl. 14-17:**
1. febrúar Laugavegi
2. febrúar Kringlunni

KAUPAUKI




SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

**Þú færð kaupauka í verslunum Heilsuhússins til og með 7. febrúar**

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla

HotYoga iceland

# 4 VIKNA HOT YOGA ÁSKORUN!

4 vikna Hot Yoga áskorun í Sporthúsinu 6. feb - 2. mars



Mættu í Hot Yoga á hverjum degi í 4 vikur og árangurinn fær þig til þess að brosa.

| | |
|---|---|
| 4 vikur | 14.900 kr. |
| 10 tíma klippikort | 12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi |
| 6 mán áskrift | 11.900 kr. á mán |
| 12 mán áskrift | 7.900 á mán + kaupauki |

| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. |
|---|---|---|---|---|
| **6:15** (60 mín) | | **6:15** (60 mín) | | **6:15** (60 mín) |
| **9:00** (60 mín) | | **9:00** (60 mín) | | **9:00** (90 mín) |
| | **12:00** (60 mín) | | **12:00** (60 mín) | |
| **17:30** (90 mín) | | **17:30** (90 mín) | | **17:30** (75 mín) |
| | **18:00** (90 mín) | | **18:00** (90 mín) | |
| **19:30** (60 mín) | | **19:30** (60 mín) | | |
| | **20:00** (75 mín) | | **20:00** (75 mín) | |
| **21:00** (60 mín) | | **21:00** (60 mín) | | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is, s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Sporthúsið • Dalsmára 9 - 11 • 201 Kópavogi • S. 564 4050

FOÐURLANDID AUGLYSINGASTOFA

þín þróun...



**EINBEITTUR** Einn sleðahundanna, sem látnir voru taka þátt í sleðahundakeppni í Schöneck í austanverðu Þýskalandi, virtist heldur betur einbeittur á svip. NORDICPHOTOS/AFP

Tillögur um breytingar á skaða- og miskabótum skoðaðar:

# Varanlegt andlegt tjón bætt

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið fer nú yfir tillögur um hvernig breyta megi samsetningu bóta til fórnarlamba ofbeldis.

Hámarksbætur sem ríkissjóður greiðir fyrir líkamstjón eru 2,5 milljónir króna en fyrir miska greiðir ríkissjóður 600 þúsund krónur. Venjan er að eingöngu séu ákvarðaðar miskabætur þegar um kynferðisbrot er að ræða. Þessar hámarksbætur hafa verið óbreyttar frá 1996.

Skoðað er meðal annars hvernig meta megi andlegt tjón til jafns við líkamstjón en hingað til hafa ekki verið greiddar bætur einvörðungu vegna varanlegs andlegs tjóns, að því er Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður Ögmundar Jónassonar innanríkismálaráðherra, greinir frá.



**HALLA GUNNARSDÓTTIR**

Í umræðunum um breytingartillögurnar hefur verið bent á að varanlegt andlegt tjón komi oft ekki í ljós fyrr en þónokkru eftir að ofbeldið átti sér stað.

„Málið verður skoðað í því ljósi. Ofbeldi getur ekki bara haft líkamlegar afleiðingar. Það getur valdið stöðugum ótta við að vera á ákveðnum stöðum svo dæmi sé tekið," segir Halla.

Innanríkisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið í fyrrasumar fulla ástæðu vera til þess að skoða samsetningu á ráðstöfun skaða- og miskabóta.

Að sögn Höllu er stefnt að því að leggja fram breytingartillögur á reglunum nú í vetur. **- ibs**

Þjófar í matvöruverslun:

# Stukku upp úr hjólastólunum

**SVÍÞJÓÐ** Þegar starfsmenn í matvöruversluninni Willys í Vara í Svíþjóð sökuðu tvo menn sem þar voru í hjólastólum um þjófnað stukku mennirnir upp úr stólunum og hlupu út úr versluninni.

Í öðrum stólnum, sem skilinn var eftir í matvörubúðinni, var leynihólf og í því fannst kaffi.

Hjólastóllinn sem skilinn var eftir komst ekki inn í bíl lögreglumannanna sem kallaðir voru á vettvang og þurfti sá yngsti þeirra að ganga með hann að lögreglustöðinni. **- ibs**

Lögreglan finnur eiturlyf víða:

# Hafa tekið hálft kíló af grasi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Borgarfirði og Dölum hefur lagt hald á um hálft kíló af kannabisefnum frá áramótum, að því er fram kemur á Skessuhorni.is.**

**Í síðustu viku lagði lögreglan hald á um 140 grömm af kannabisefnum sem fundust í bíl hjá þremur ungmennum sem voru á leið norður í land. Efnin voru ætluð til sölu og dreifingar á Akureyri.**

**Haft er eftir yfirlögregluþjóni að greinilega sé um íslenska framleiðslu að ræða og talið að efnið sé nokkuð kröftugt.**

Lögmaðurinn Jón Egilsson fékk hundrað þúsund króna réttarfarssekt fyrir að herma eftir kjökri árásarþola:

# Niðurlægði fórnarlamb og misbauð héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Hæstaréttarlögmanninum Jóni Egilssyni hefur verið gerð 100 þúsund króna réttarfarssekt fyrir að misbjóða héraðsdómi með látalátum sínum. Jón var að gæta hagsmuna annars tveggja manna sem árið 2008 voru dæmdir fyrir árás á starfsmann verslunar 10-11. Starfsmaðurinn taldi sig hafa orðið fyrir meiri skaða af árásinni en gert var ráð fyrir í þeim dómi og höfðaði því einkamál á hendur mönnunum tveimur til að sækja sér frekari bætur.

Héraðsdómur fellst á að annar mannanna skuli greiða árásarþolanum rúmar 3,3 milljónir í bætur, en skjólstæðingur Jóns var hins vegar sýknaður.



**JÓN EGILSSON**

Um hegðun Jóns við meðferð málsins stendur þetta í lok dómsins: „Í málflutningsræðu sinni hermdi [...] Jón Egilsson [...] á niðurlægjandi hátt eftir stefnanda, sem viðstaddur var þinghaldið ásamt aðstandendum sínum, er hann lék stefnanda kjökrandi að hringja í lögmann sinn vegna málsins. Hegðaði hann sér þannig á ósæmilegan hátt gagnvart stefnanda og misbauð virðingu dómsins." **- sh**

## Áður hlotið sekt fyrir ólæti í dómsal

„Sá óvenjulegi atburður varð við aðalmeðferð í opinberu sakamáli í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að dómari greip til þess örþrifaráðs að sekta lögmanninn, sem var verjandi í málinu, um 40 þúsund krónur fyrir ósæmilega hegðun í réttarsalnum." Svo segir í frétt frá því í júní 2004 sem finna má á vef Vísis. Dómarinn hafi hvað eftir annað verið „búin að reyna að koma vitinu fyrir lögmanninn, Jón Egilsson, sem meðal annars greip ítrekað fram í fyrir vitnum, gerði dómara upp skoðanir og truflaði yfireyrslur gagnaðila".

Segir í fréttinni að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem dómari hafi orðið að sekta verjanda í opinberu máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir ósæmilega hegðun.






**HJARTASTOPP** Dauðsföllum af völdum hjartaáfalla hefur fækkað umtalsvert á Englandi frá árinu 2002.

Færri hjartaáföll í Englandi:

# Áföllum fækkað um helming

**BRETLAND Dauðsföllum af völdum hjartaáfalla hefur fækkað um ríflega helming í Englandi frá árinu 2002 ef marka má rannsóknir frá Oxford.**

**Frá árinu 2002 til ársins 2010 hefur hjartaáföllum fækkað innan allra aldurshópa og umtalsverð fækkun varð á dauðsföllum í kjölfar þeirra, um 50 prósent meðal karla og 53 prósent meðal kvenna.**

**Mesta muninn mátti sjá í aldurshópnum 65 til 74 ára, en minnst breyting varð hjá 30 til 54 ára og svo 85 ára og eldri. Líklega má kenna auknu offituvandamáli og sykursýkistilfellum um stöðu mála í yngri aldurshópnum. - trs**

Tillit tekið til ungs aldurs:

# Á árs skilorð fyrir tvö rán

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur var í gær dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjölda afbrota, þeirra á meðal tvö rán.

Pilturinn veittist að tveimur konum með nokkurra klukkustunda millibili í apríl í fyrra og rændi af þeim veski og innkaupapoka. Þá er hann dæmdur fyrir að kýla mann í miðbænum, svíkja út vörur á stolið greiðslukort, bera stóran hníf á almannafæri og stela áfengi úr Vínbúð.

Þegar ákveðið var að skilorðsbinda refsinguna leit dómari sérstaklega til ungs aldurs hans. **- sh**

# ÚTSALA

SÍÐASTI SÉNS

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990

...VÉLAR FRÁ 9.990

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

22" LED ...
FULLT VERÐ 64.990
TILBOÐ 49.990
PHILIPS AFSL. 15.000

FULL... 
TILBOÐ 99.990
FINLUX AFSL. 20.000

...3D SJÓNVARP
Panasonic AFSL. 120.000

1000w 3D BLU-RAY HEIMABÍÓ
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 69.990
Panasonic AFSL. 30.000

FULL HD TÖKUVÉL
FULLT VERÐ 59.990
TILBOÐ 44.990
JVC AFSL. 15.000

MYNDAVÉL MEÐ LEICA LINSU
FULLT VERÐ 19.990
TILBOÐ 15.990
Panasonic AFSL. 4.000

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

...með allt að
INTENSO

Heimabíókerfi
frá 29.990
Panasonic

Sjónaukar með allt
að 36% afslætti
Nikon OLYMPUS tasco

JBL hátalarar með allt
að 30% afslætti
JBL

iPhone/...
með miklum afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mörgum spurningum er ósvarað um einkavæðingu ríkisbankanna:

## Óklárað uppgjör

Þingmenn úr að minnsta kosti þremur flokkum, auk óháðra, munu í vikunni leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um rannsókn á einkavæðingu ríkisbankanna, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær. Þar vilja þingmennirnir, undir forystu Skúla Helgasonar í Samfylkingu, að skoðað verði ferlið við sölu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbankans og Landsbankans.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta yrði ekki fyrsta rannsóknin á einkavæðingu ríkisbankanna. Ríkisendurskoðun var á sínum tíma, í tveimur áföngum, fengin til að skoða afmarkaða þætti söluferlisins. Sömuleiðis var nokkuð ýtarlegur kafli í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðinguna. Hvorug rannsóknin var hins vegar heildarúttekt á einkavæðingarferlinu. Mörgum spurningum er ósvarað, eins og raunar sést vel þegar greinargerðin með tillögu þingmannanna er lesin.

Flestir geta tekið undir að mistök voru gerð við einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans, ekki sízt þau að falla frá fyrri áformum um dreift eignarhald og selja ráðandi hlut til „kjölfestufjárfesta". Báðir fjárfestahóparnir komust síðan í hóp viðskiptablokkanna sem öllu réðu í íslenzku viðskiptalífi og umgengust bankana fyrst og fremst sem lánveitanda fyrir sjálfa sig.

Undir þessa gagnrýni tók Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í útvarpsþætti á Rás 1 á sunnudagsmorguninn. Hann vildi þó ekki skrifa upp á að rannsóknir á einkavæðingu hefðu sýnt að þar hefði pólitísk spilling átt sér stað og sagði „alltof langt gengið að komast að þeirri niðurstöðu að fall íslenzka bankakerfisins sé einhvers konar bein afleiðing af því að rangri stefnu hafi verið fylgt við sölu á ríkisbönkunum."

Þetta er kannski rétt eins langt og það nær. Það breytir ekki því að sú mynd, sem gögn um einkavæðingarferlið draga upp, er að reglur og viðmið hafi verið beygð og endurskoðuð til að koma mætti Landsbanka og Búnaðarbanka hvorum um sig í hendur fjárfestahópa sem voru þóknanlegir Sjálfstæðisflokknum annars vegar og Framsóknarflokknum hins vegar. Svo geta menn ráðið því hvort þeir kalla það pólitíska spillingu eða ekki.

Það er jafnframt ein af meginályktunum Rannsóknarnefndar Alþingis í skýrslu hennar að með einkavæðingu bankanna hafi ríkið gefið tóninn fyrir eignarhald í fjármálageiranum og þess vegna hafi ekki verið hægt að taka í taumana þegar þriðja viðskiptablokkin náði yfirráðum í Glitni. Hið þrönga eignarhald var tvímælalaust eitt af því sem stuðlaði að falli bankakerfisins.

Full ástæða er til að rannsaka einkavæðingarferlið ýtarlegar en gert hefur verið, ekki sízt til að geta forðazt að sömu mistök eigi sér stað þegar hlutur ríkisins í nýju bönkunum verður seldur, eins og til stendur á næstu árum.

Framsóknarmenn ákveða sig líklega í dag hvort einhverjir úr þeirra hópi styðja þingsályktunartillöguna. Skúli Helgason sagði í Fréttablaðinu í gær að hann vænti ekki stuðnings við hana úr Sjálfstæðisflokknum.

Það ætti þó að vera sjálfstæðismönnum, rétt eins og framsóknarmönnum, kappsmál að þessi kafli sögunnar verði skoðaður ofan í kjölinn og hverjum steini velt við. Það er einfaldlega hluti af nauðsynlegu og ókláruðu uppgjöri þessara flokka við fortíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vantrú bankaráðsins

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, hefur kvartað mikið yfir launakjörum sínum. Honum þykir þessi skitna milljón sem hann fær í mánaðarlaun varla upp í nös á ketti og vill meira. Steinþór á hauk í horni þar sem bankaráð Landsbankans er en það telur miklar líkur á að Steinþór slái slöku við í vinnunni eða hætti einfaldlega. Ekki hefur ráðið mikla trú á mannkostum Steinþórs.

### Háskólinn stendur

Tryggvi Þór Herbertsson sat fyrir svörum á Beinni línu á DV í gær. Tryggvi fékk fjölda spurninga, misgóðra, og komst heilt yfir nokkuð ágætlega frá þessu. Sumum þótti Tryggvi víkja sér fimlega undan svörum, en eftir stendur að Tryggvi Þór er ágætis húmoristi. Einn fyrirspyrjandi sagði Aska Kapital hafa farið á hausinn undir hans stjórn og íslenska ríkið hrunið við hans ráðgjöf og spurði hvort eitthvað sem Tryggvi hefði komið nálægt hefði ekki hrunið. Ekki stóð á svari Tryggva: Háskóli Íslands.





### Forseti og aðildarviðræður

Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, birti grein í Fréttablaðinu í gær um undirskriftasöfnunina sem hann og fleiri standa að þar sem Ólafur Ragnar Grímsson er hvattur til að bjóða sig aftur fram til forseta í sumar. Ein af röksemdum Guðna fyrir því af hverju Ólafur á að bjóða sig fram eru átökin um aðild að ESB, sem Guðni kallar glímuna við yfirþjóðlegt vald. Vandséð er hins vegar hvernig aðildarviðræður Íslands og ESB tengjast því hver er forseti Íslands. Þarf Guðni ekki að útskýra þetta eitthvað betur?

kolbeinn@frettabladid.is
magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR




## Borgarafundur um nýja mynt?

Fjármál



Magnús Orri Schram
alþingismaður

Fyrir viku síðan var haldinn fjölmennur borgarafundur um verðtrygginguna í Háskólabíó. Þar voru dregin fram mörg dæmi um óréttlæti verðtryggingar fyrir húsnæðiseigendur sem horfa upp á lánin sín lítið breytast þrátt fyrir skilvísar greiðslur í mörg ár.

Það má segja að verðtryggingin sé herkostnaðurinn við að búa í litlu hagkerfi með eigin mynt. Verðtryggingunni var komið á fyrir rúmum 30 árum til að tryggja sparifé landsmanna gegn rýrnun í mikilli verðbólgu. Þannig áttu 10.000 krónur lagðar í sparnað 1980 að vera ígildi 10.000 króna 2012, plús ávöxtun. Sparnaðurinn er m.a. ávaxtaður í húsnæðiskerfinu og til að tryggja hann gegn rýrnun eru húsnæðislánin okkar verðtryggð. Sá sem lánar peninginn vill ekki lána hann án þess að vera tryggður gegn verðsveiflum og hreyfingum á gengi krónunnar og því er verðtryggingin staðreynd.

Ef við viljum breyta kerfinu til frambúðar og koma í veg fyrir að börnin okkar upplifi sama óréttlætið, verðum við að loka hagkerfinu eða breyta myntinni. Öðruvísi verður ekki komist hjá sveiflunum. Lokað hagkerfi þýðir úrsögn úr EES og mikla skerðingu á möguleikum fólks og fyrirtækja innan Evrópu. Þá er hægt að breyta um mynt – og það yrði gert með einhliða upptöku eða samstarfi um evru.

> Þannig er upptaka annarrar myntar skilvirkasta leiðin til að losa fjölskyldurnar undan oki verðtryggingar.

Einhliða upptaka er slæmur kostur því þá þyrfti að nota skuldsettan forða ríkisins af dollurum og evrum til að kaupa krónur af Íslendingum og koma svo verðlausu krónuseðlunum fyrir kattarnef. Það væri mikil sóun á fjármunum, þegar hægt væri að framkvæma umskiptin mun ódýrar ef farið yrði í samstarf á vettvangi evrunnar.

Þannig er upptaka annarrar myntar skilvirkasta leiðin til að losa fjölskyldurnar undan oki verðtryggingar. Hagsmunasamtök heimilanna og aðrir sem stóðu fyrir góðum málfundi í síðustu viku, ættu þess vegna að koma með okkur jafnaðarmönnum og styðja við aðild að ESB og upptöku evru í kjölfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Okkur blæðir!

HEILSA

Teitur Guðmundsson
Læknir



Ég ætla að vekja máls að nýju á þeirri staðreynd að samtengd rafræn sjúkraskrá á landsvísu hefur ekki enn litið dagsins ljós þrátt fyrir áralangar umræður um nauðsyn og gagnsemi slíks fyrirkomulags. Nýverið voru haldnir Læknadagar með miklum myndarbrag í hinu nýja ráðstefnuhúsi okkar Hörpunni, en þetta er stærsta einstaka ráðstefna lækna á Íslandi á hverju ári. Þar voru auðvitað ræddar ýmsar hliðar læknisfræðinnar, en mér er minnistætt málþing um svokallað „gate keeping“ eða tilvísanakerfi og þjónustustýringu í heilbrigðiskerfinu. Á þessum fundi komu fram sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila um efnið og í pallborði gafst tækifæri til umræðna sem voru líflegar og drógust svo mjög á langinn að virtur geðlæknir þurfti að minna á að tíminn væri löngu liðinn og komið að næsta dagskrárlið.

Það var ánægjulegt að nota sama hugbúnaðinn undir sjúkraskrá. Möguleikar til samtengingar eru því umtalsverðir og mun auðveldari í framkvæmd en víðast annars staðar í heiminum.

Nú ætla ég hæstvirtum velferðarráðherra ekkert annað en að hann sé með þetta verkefni í algerum forgangi og muni innan tíðar kynna framtíðarsýn sína og stjórnvalda um það hvernig þessum málum skuli varið. Það verður að taka ákvörðun, við erum búin að bíða alltof lengi eftir þessu.

Okkur blæðir, er sannarlega rétt orðað í þessu samhengi, því kostnaður í heilbrigðiskerfinu er mikill og nauðsynlegt að koma í veg fyrir tvíverknað, bæta samskipti og upplýsingaflæði auk þess að tryggja öryggi sjúklinga. Við verðum að spara! En við erum að eyða óheyrilegum fjármunum í endurteknar rannsóknir, ítrekaðar lyfjaútskriftir, innlagnir sem við hefðum getað forðast og svo mætti lengi telja.

Í viðskiptaheiminum er oft talað um ROI (Return on Investment) þegar fara á út í fjárfestingar. Ekki skal ég mæra fjármálaheiminn en þetta er skynsamleg nálgun og nauðsynleg áður en haldið er af stað í hvers kyns stærri kaup á búnaði eða þjónustu.

> Unnið er að samtengingum víðar, en höfuðborgarsvæðið, þar með talið Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landspítali og einkareknar stofur sérfræðinga eru ekki tengdar saman. Hér fer þó fram meginþorri samskipta við sjúklinga sem og milli fagaðila í heilbrigðiskerfinu.

fylgjast með samhljómi allra þeirra sem viðstaddir voru hversu mikilvægt og nauðsynlegt atriði þeir teldu það vera að tengja saman sjúkraskrá á landsvísu. Einn okkar þekktari heimilislækna frá Akureyri lýsti mikilli ánægju sinni með hversu vel hefði tekist að tengja saman sjúkraskrá fyrir allt Norðurland, heilsugæslur og heilbrigðisstofnanir auk Fjórðungssjúkrahúss. Innleiðingin hafi tekist með ágætum og hagræði sé að þessu fyrirkomulagi. Hann klykkti svo út í kunnum hæðnistón og óskaði okkur Sunnlendingum til hamingju með fyrirkomulagið á höfuðborgarsvæðinu.

Í þessu ljósi er líklega rétt að upplýsa um það að sjúkraskrá er þegar tengd saman á nokkrum landfræðilega stærri heilbrigðisumdæmum landsins eins og t.a.m. á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi. Unnið er að samtengingum víðar, en höfuðborgarsvæðið, þar með talin Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landspítali og einkareknar stofur sérfræðinga eru ekki tengdar saman. Hér fer þó fram meginþorri samskipta við sjúklinga sem og milli fagaðila í heilbrigðiskerfinu.

Þetta kann að koma á óvart, en við læknar þekkjum allir undrun þá sem skín úr augum skjólstæðinga okkar þegar þeir komast að því að við getum ekki lesið í tölvunni hvað aðrir læknar eða fagaðilar hafa gert, skrifað út af lyfjum eða pantað af rannsóknum. Það sér hver heilvita maður að þetta er algerlega forkastanlegt, hvað þá heldur að sum landsvæði geti slíkt en önnur ekki.

Það er enn fremur sérlega ámælisvert þegar haft er í huga að eflaust yfir 95% af öllu heilbrigðiskerfinu hérlendis Þær upplýsingar sem ég hef og tímalengd sú sem rætt er um í þessu samhengi, að tengja saman sjúkraskrá á landsvísu svo hún verði nothæf, myndu laða að hvaða fjárfesti sem er ef tekið væri tillit til ROI.

Ég hef heyrt ýmsar skýringar á því hvers vegna ekki er enn búið að tengja okkur saman hér fyrir sunnan. Flestar byggja á einhvers konar valdatafli og hugmyndafræðilegu ósætti um það hvað kerfið skuli geta, aðrar á því að þetta kosti heil ósköp. Engin þeirra er þó rétt tel ég og merkilegt nokk getur enginn almennilega útskýrt fyrir mér hvað stöðvar ferli samtengingar á sjúkraskrá. Sé það svo að við ætlum okkur að nýta núverandi kerfi með öllum þeim kostum og göllum er okkur ekkert að vanbúnaði, enda búin að sýna fram á það í hinum landshlutunum. Ekki nema meiningin sé að skipta alfarið um kerfi sem vissulega er rétt að skoða í þessu stóra samhengi, en kostnaður yrði væntanlega umtalsverður.

Svona rétt í lokin læt ég fylgja með litla sögu, en á tímabili var aðgangsstýring á gagnagrunni Landspítalans sem kom í veg fyrir að læknar á slysa- og bráðadeild til dæmis gætu séð gögn sjúklinga á geðdeild. Slíkar aðgangsstýringar eru skynsamlegar innan vissra marka og auðvitað er nauðsynlegt að haft sé eftirlit með þeim sem nota sjúkraskrár við vinnu sína. Það gat hins vegar komið sér afar illa ef einstaklingar sem voru í bráðri lífshættu leituðu á slysa- og bráðadeild og engar upplýsingar voru í kerfunum um sjúklinginn hjá meðhöndlandi lækni. Þetta hefur lagast sem betur fer.

Okkur blæðir! Áfram nú!




## Sólning Kópavogi til sölu

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé sínu í **Sólningu Kópavogi ehf.**

Fyrirtækið Sólning var stofnað árið 1969 og rekur eina umfangsmestu hjólbarðaþjónustu landsins, þar með talin fjögur hjólbarðaverkstæði; á Smiðjuvegi í Kópavogi, Fitjabraut Njarðvík og Gagnheiði á Selfossi. Sólning rekur einnig verkstæði undir merkjum Barðans í Skútuvogi í Reykjavík og lager við Smiðjuveg. Frá upphafi hefur það verið höfuðmarkmið fyrirtækisins að veita viðskiptavinum góða þjónustu með sérþjálfuðu starfsfólki, úrvals tækjakosti og gæðavörumerkjum.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem sýnt geta fram á fjárfestingagetu að upphæð 100 milljónum króna auk viðeigandi þekkingar og reynslu af fjárfestingum og rekstri.

Á vef bankans, landsbankinn.is, má nálgast allar nánari upplýsingar um söluferli Sólningar og önnur nauðsynleg gögn, þar með talin trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingaeyðublað fyrir fjárfesta, frá og með þriðjudeginum 31. janúar 2012.

Þeir fjárfestar sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku á fyrra stigi söluferlisins fá afhent ítarleg kynningargögn. **Tímafrestur til að skila inn tilboði á fyrra stigi söluferlisins rennur út kl. 12:00, mánudaginn 12. mars 2012.**

Þeim fjárfestum sem skila inn hagstæðustu tilboðunum á fyrra stigi söluferlisins, að mati seljanda, verður boðin þátttaka í öðru stigi söluferlisins. Þá fá fjárfestar aðgang að gagnaherbergi, þeim gefst kostur á að framkvæma áreiðanleikakönnun á félaginu og boðið verður upp á fundi með stjórnendum félagsins.

**Frestur til að skila skuldbindandi tilboði í síðari hluta söluferlisins rennur út kl. 12:00, fimmtudaginn 29. mars 2012. Stefnt er að því að söluferlinu ljúki fyrir lok apríl 2012.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# ESB, IPA, BHM OG BSRB

ESB-aðild

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Þegar Alþingi Íslendinga samþykkti að gengið skyldi til viðræðna við Evrópusambandið um mögulega aðild Íslands að sambandinu stóðu mörg okkar í þeirri trú að það yrði tiltölulega einfalt ferli, enda Ísland þegar þátttakandi í EES-samstarfinu og þar með innri markaði ESB. Fyrirmyndina var að finna frá viðræðum ESB og Noregs í upphafi 10. áratugar síðustu aldar. En annað kom á daginn. Aðildarumsókn Íslands skyldi tekin sömu tökum og umsóknir frá ríkjum A-Evrópu, sem ekki hafa tekið þátt í þessu Evrópusamstarfi. Fyrir vikið hefur ferlið tekið lengri tíma með ítarlegri rýnivinnu og kröfum um aðlögun sem á ekkert skylt við samningaviðræður. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að þessu sé hægt að breyta og eigi að breyta; að við eigum að gera kröfu um að hraða því að fá efnislega niðurstöðu í þessu ferli og kjósa um hana af eða á.

**IPA: Njóta nú, borga síðar**

Í þessu ferli hafa meðal annars verið boðnir svokallaðir IPA styrkir. Skammstöfunin stendur fyrir Instrument for pre-accession assistance, aðstoð í aðdraganda aðildar. Ekki er hægt að alhæfa um alla þessa styrki, en samkomulag varð um það í ríkisstjórn að hafna styrkjum sem beinlínis eru vegna aðlögunar að ESB-aðild. Enginn gekk að því gruflandi að slíkt gæti orðið umdeilt á tímum þegar þröngt er í búi. Nokkuð held ég að skorti á skilning á eðli þessara styrkja, en með þeim er ríkjum í umsóknarferli veittur aðgangur að fjármunum sem virðast koma af himnum ofan.

Að sjálfsögðu borga skattgreiðendur í ríkjum Evrópusambandsins hvern einasta styrk. Það kæmum við einnig til með að gera ef við yrðum aðilar að sambandinu.

Nokkuð hef ég saknað þess að verkalýðshreyfingin, atvinnurekendasamtökin og fjölmiðlar yrðu kraftmeiri og gagnrýnni í umfjöllun um Evrópusambandsferlið. Þó hefur þetta ekki komið mér mikið á óvart. Nákvæmlega hið sama hefur gerst nánast alls staðar í ríkjum Evrópusambandsins þegar ágreiningur hefur verið uppi: Hinn stofnanavæddi hluti samfélagsins, stofnanakerfið – verkalýðshreyfing, atvinnurekendasamtök, fjölmiðlar, lykilaðilar í stjórnsýslu og oft hlutar af háskólasamfélaginu - hefur verið á sama báti og ESB-kerfið. Skýr dæmi um þetta eru atkvæðagreiðslan um Maastricht sáttmálann í Danmörku á sínum tíma, kosningarnar í Frakklandi og Hollandi um stjórnarskrársáttmálann og átökin í Noregi um aðild.

**Hafa þau séð ljósið?**

Hvernig skyldi standa á þessu? Er það vegna þess að þeir aðilar sem starfa innan stofnanaveldisins sjái ljósið öðrum fremur; það sé þekkingin sem valdi afstöðu þeirra? Eða gæti hitt átt við að þeir séu orðnir hluti af nýju samfélagi með endalausum fundaferðum þar sem setið er yfir sameiginlegum viðfangsefnum í sameiginlegum heimi – fjarri þeim heimi sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Sjálfur þekki ég þennan heim vel eftir ótölulega fundi sem ég hef sótt sem stjórnmálamaður en ekki síður sem forsvarsmaður í verkalýðssamtökum um áratuga skeið. Oft voru þetta árangursríkir og góðir fundir, stundum síður eins og gerist og gengur.

**Þykir miður**

Mörgum sem sækja þurfa fundi milli landa þykir það án efa leiðigjarnt og vildu heldur sleppa við langa fjarveru frá heimili sínu. Þetta er fólkið sem mér þykir miður að hafa sært þegar ég ræddi þá tilhneigingu sem við höfum séð í öðrum Evrópuríkjum að stofnanaveldið eigi til að ánetjast Evrópusambandinu. Með þessu gerði ég einstaklingum það upp að eiga sér þann draum helstan að halda til á hótelum á kostnað skattgreiðenda. Þetta var ómaklegt og ósanngjarnt og bið ég þetta fólk afsökunar. Sjálfur er ég nýlega búinn að halda uppi stífum vörnum og útskýringum á eðli dagpeninga; að þeir séu hugsaðir til að greiða útlagðan kostnað og ekki annað. Síðan er það hin hliðin að það kemur úr hörðustu átt þegar stjórnmálamaður sem er ábyrgur fyrir því að senda fólk til verka á erlendri grundu talar til þess með þeim hætti sem ég gerði.

En á móti vil ég biðja fólk að skilja hina eiginlegu þungamiðju í minni gagnrýni. Hún er sú að hvort sem eiga í hlut ríki, samtök eða fyrirtæki sem vilja vinna einstaklinga, hópa eða heil samfélög á sitt band, þá ástunda þau gjarnan markvisst að ánetja lykilaðila með margvíslegum strokum og velgjörðum. Evrópusambandið er sérstaklega bíræfið í þessu efni. Langt er síðan að þar á bæ var hafist handa um að bjóða hópum í „menntunarferðir" til Brussel og það er staðreynd að það getur orðið vandamál hvort sem er á Íslandi eða í Króatíu þegar hópur lykilfólks er fluttur í bómull þar sem dekrað er við hann í hvívetna; til verða vinir og lífsvenjur sem verða mönnum kærar og eftirsóknarverðar.

**Hin kæfandi ást**

Heildarsamtök opinberra starfsmanna, BSRB og BHM ályktuðu eftir umræðu á Alþingi þar sem ég var spurður um IPA styrki í óundirbúnum fyrirspurnum og lét þá ofangreind ummæli falla, bæði um IPA og einnig í lokin, í framhjáhlaupi, um meinta gleði fundaferðalanga. Fróðlegt væri að heyra álit þessara samtaka á IPA styrkjunum, og þá einnig og ekki síður, hvort samtökin telja að fyrirvarar í aðildarviðræðum varðandi almannaþjónustuna og réttindi launafólks séu viðunandi, hvort við stöndum betur eða ver að vígi til varnar almannaþjónustunni í viðræðum við Alþjóðaviðskiptastofnunina innan eða utan ESB og fleira mætti telja sem fellur sérstaklega undir svið þessara samtaka.

Fram hefur komið að bæði BHM og BSRB eru harmi slegin vegna yfirlýsinga minna og sáu ástæðu til tilfinningaríkari viðbragða en ég minnist á undangengnum niðurskurðarárum. En harmurinn sefast vonandi með þessum orðum mínum og skýringum á því hvers vegna ég tel það mikilvægt að ræða þá hættu að stofnanakerfið ánetjist Evrópusambandinu í kæfandi ástaratlotum þess.

# Við sníðum norræna velferðarsamfélagið að framtíðinni

Efnahagslegt öryggi

**Jóhanna Sigurðardóttir,**
formaður Samfylkingarinnar á Íslandi, forsætisráðherra
**Stefan Löfven,**
formaður Jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð
**Wanja Lundby-Wedin,**
formaður Alþýðusambandsins í Svíþjóð
**Helle Thorning-Schmidt,**
formaður Jafnaðarmannaflokksins í Danmörku, forsætisráðherra
**Harald Børsting,**
formaður LO í Danmörku
**Jens Stoltenberg,**
formaður Jafnaðarmannaflokkssins í Noregi, forsætisráðherra
**Roar Flåthen,**
formaður LO í Noregi,
**Jutta Urpilainen,**
formaður Jafnaðarmannaflokksins í Finnlandi, varaforsætisráðherra
**Lauri Lyly,**
formaður SAK/FFC í Finnlandi
**Camilla Gunell,**
formaður Jafnaðarmannaflokksins á Álandseyjum.

Í dag hefst ársfundur SAMAK (samtaka norrænna jafnaðarmanna og verkalýðshreyfinga) í Stokkhólmi með bjartsýni inn í framtíðina að leiðarljósi. Jafnaðarmenn á Norðurlöndum sigra í kosningum, veita ríkisstjórnum forystu og standa að árangursríkum pólitískum bandalögum. Tíunda stærsta efnahagskerfi heims er á Norðurlöndum með rúmlega 25 milljónir íbúa. Hvers kyns samanburður á heimsvísu sýnir að Norðurlönd eru í fararbroddi hvað lífsgæði varðar.

Norræna velferðarsamfélagið nýtur aðdáunar víða, en þar fara saman með árangursríkum hætti framþróun og jöfnuður sem hafa stuðlað að samfélagslegri sátt og njóta mikils stuðnings almennings. Grunngildin eru jöfn tækifæri, félagsleg samstaða og öryggi fyrir alla. Allur almenningur nýtur öryggis og almannatrygginga sem byggð eru á meginreglunni um að velferðarþjónusta, kostuð með skatttekjum, skuli látin í té eftir þörfum og á jafnréttisgrundvelli. Gott skipulag og víðtækt samstarf milli aðila vinnumarkaðarins hafa skapað bæði stöðugleika og frið á vinnumarkaði og gert að verkum að nauðsynlegar breytingar hafa orðið á gerð hans. Fjárfesting í umönnun barna og aldraðra hefur gert konum kleift að vinna utan heimilis og taka þátt í pólitísku starfi í meiri mæli en þekkist annars staðar í heiminum. Norræna velferðarsamfélagið hefur reynst borgurum norrænu landanna vel.

En norræna velferðarsamfélagið stendur í dag og í framtíðinni frammi fyrir ögrandi viðfangsefnum. Ytri og innri breytingar af völdum hnattrænnar samkeppni, hraðrar iðnvæðingar fjölmennra stórríkja á borð við Kína og Indland og hluta Suður-Ameríku og Austur-Evrópu, loftslagsbreytinga, lýðfræðilegra breytinga vegna hækkandi aldurs þjóða, fjármálakreppa og vaxandi atvinnuleysis kalla á nýjar lausnir og hugmyndir. Viðleitni til að takast á við framtíðina með því að lækka laun er skref afturábak. Þannig efnahagslíf skapar ekki þann vöxt velmegunar sem nauðsynlegur er til að sameina kröftugan vöxt og metnaðarfull markmið um velferðarsamfélag sem byggt er á jafnrétti og er í fremstu röð í heiminum. Atvinnulífið á Norðurlöndum þarf að keppa á grundvelli þekkingar og gæða. Því er þörf á fjárfestingum í rannsóknum, á að menntakerfið verði eflt og að mun fleiri fái tækifæri til að mennta sig ævina á enda – í stað lakari kjara á vinnumarkaði. Þetta snýst um að byggja áfram á samstarfi milli stjórnmála, aðila vinnumarkaðarins og menntakerfisins í því skyni að endurnýja framleiðsluvörur landa vorra og skapa vörur og þjónustu sem byggja á aukinni menntun og þekkingu.

Við viljum sníða norræna velferðarsamfélagið að framtíðinni og gangsetjum því rannsóknarverkefni. Í fyrsta sinn munu öll norrænu löndin í sameiningu láta hið frjálsa og óháða rannsóknasamfélag greina ítarlega, álagsprófa og framkvæma afleiðingagreiningar. Rannsóknin mun veita okkur mikilvæga innsýn í það hvaða augum borgararnir líta samfélagsþróunina, bæði innri og ytri breytingar, ásamt því að grafast fyrir um væntingar og óskir borgaranna um framtíð barna sinna. Lykilspurning er hvernig stjórnmálin geta endurnýjað aðferðafræði sína þannig að hægt sé að sinna þeim þörfum sem eru að koma fram samhliða því að núverandi aðferðafræði, sem reynsla er komin á, er þróuð áfram. Niðurstöðurnar verða birtar á ráðstefnu SAMAK árið 2014.

> Samfélög byggð á jafnrétti og almennri fjárfestingu í velferð hafa sannað sig að vera traustur grundvöllur undir efnahagslegum vexti sakir menntunartækifæra og tækifæra til þróunar sem öllum standa opin.

Samfélög byggð á jafnrétti og almennri fjárfestingu í velferð hafa sannað sig að vera traustur grundvöllur undir efnahagslegum vexti sakir menntunartækifæra og tækifæra til þróunar sem öllum standa opin. Undir stjórn fjölmargra ríkisstjórna jafnaðarmanna og í samstarfi við verkalýðshreyfinguna hafa Norðurlöndin markað sína eigin stefnu. Við vonumst til þess að verkefnið muni benda á þá valkosti til framþróunar sem verkalýðhreyfingunni standa til boða. Við stöndum ekki aðeins fyrir langri sögu velferðar sem og áhrifum á nútímann, heldur er framtíðin einnig okkar.




Sparaðu með Miele

Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.



kr.: 24.990
Verðlistaverð kr.: 33.320

25% AFSLÁTTUR

**Care Collection ryksugupokar og ofnæmissíur** eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

Farðu alla leið með Miele

Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Konur mæta ekki nógu vel í leit að leghálskrabba

Heilbrigðismál

Kristján Sigurðsson
yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins



Árangur leghálskrabbameinsleitar hér á landi, sem hófst 1964, er ótvíræður. Nýgengi sjúkdómsins (fjöldi nýrra tilfella) hefur á síðustu áratugum lækkað um 71% og dánartíðnin um 93%. Þessi árangur hefur náðst vegna skipulagsbreytinga í leitarstarfinu eftir 1980 sem leiddi til þess að mæting í aldurshópnum 25-69 ára fór úr 50% 1980 í 82% 1992. Mætingin hefur þó síðan farið minnkandi og hefur síðustu fimm árin verið rúmlega 70% á þessum aldri og um 52% á aldrinum 20-24 ára.

**Blikur á lofti**

Nú eru blikur á lofti þar sem á síðastliðnum tveimur árum hefur orðið aukning á greiningu lengra genginna krabbameina, aðallega meðal kvenna sem ekki hafa mætt eða mætt óreglulega til leitar. Það er ljóst að batahorfur fara eftir dreifingu sjúkdóms við greiningu. Þegar kona greinist á algeru byrjunarstigi nægir að fjarlægja krabbameinið með því að taka bita af leghálsinum (keiluskurður) en sú aðgerð hefur ekki áhrif á frjósemi konunnar. Hlutfall krabbameina á byrjunarstigi jókst úr 19% við upphaf leitar í 60% á tímabilinu 2005-2009 en hefur á síðustu tveimur árum lækkað á ný í 35% og hlutfall lengra genginna meina hefur aukist að sama skapi.

**Leghálskrabbamein og kynhegðan**

Ljóst er að HPV-smit (Human papilloma virus) er forsenda þróunar leghálskrabbameins. Talið er að meira en 80% kvenna smitist einhvern tíma af þessari veiru. Þó ónæmiskerfið vinni bug á flestum þessara sýkinga er ljóst að áhætta á varanlegu HPV-smiti eykst með fjölda rekkjunauta og öðrum áhættuþáttum svo sem reykingum, öðru kynsmiti svo sem klamydíusýkingu og notkun getnaðarvarnarpillu.

Á síðastliðnum áratugum hafa orðið breytingar á lífsstíl og kynhegðan yngri kvenna í hinum vestræna heimi. Íslensk rannsókn gefur til kynna að um 60% íslenskra kvenna byrji kynmök við 16 ára aldur, um 40% þeirra hafi við 18 ára aldur haft fleiri en fjóra rekkjunauta og ein af hverjum tólf hafi sögu um kynfæravörtur. Um 48% höfðu reykt, 26% höfðu greinst með kynfærasjúkdóma og um 92% hafa notað getnaðarvarnarpilluna. Þetta skýrir vafalaust þá aukningu sem orðið hefur í tíðni forstigsbreytinga og leghálskrabbameina.

**Áhrif HPV-bólusetningar**

Tvö bóluefni, Gardasil® og Cervarex®, hafa verið þróuð gegn HPV-veirunni. Rannsóknir staðfesta að bólusetning með þremur sprautum á sex mánaða tímabili gefur nær 100% vörn gegn myndun alvarlegra forstigsbreytinga af völdum þeirra stofna (HPV 16/18) sem bóluefnin líkja eftir.

Þessi vörn er þó háð því að konan sé ekki þegar sýkt af þessum stofnum fyrir bólusetningu eða sýkist af þeim á bólusetningartímanum. Megingalli bóluefnanna er sú staðreynd að þau innihalda aðeins ónæmisvaka gegn tveimur af um 17 stofnum veirunnar sem geta valdið leghálskrabbameini og eru talin gefa takmarkað ónæmi gegn öðrum stofnum veirunnar. Rannsóknir benda þannig til að bólusetning stúlkna fyrir kynþroskaaldur gagnist ekki sem vörn hjá um 30% kvenna sem nú greinast með leghálskrabbamein. Bólusetning 12 til 13 ára stúlkna hófst hér á landi á síðastliðnu hausti.

**Hvað ber að gera?**

Ljóst er að heilbrigðisyfirvöld þurfa að fræða konur um orsakir sjúkdómsins og mikilvægi reglulegrar mætingar til leitar, auk fræðslu til bólusettra kvenna um kosti og takmarkanir HPV-bólusetningar. Koma þarf í veg fyrir að bólusettar konur fyllist falskri öryggiskennd þar sem þær telji að bólusetning sé allsherjar vörn gegn sjúkdómnum þegar staðreynd málsins er að bólusetningin nær aðeins til takmarkaðs fjölda þeirra stofna sem valda sjúkómnum.

Nauðsynlegt er einnig að bæta greiningarmátt og skilvirkni leitarinnar með tæknibúnaði sem gerir kleift að greina með meiri nákvæmni þær konur sem hafa í reynd smitast af illkynja HPV-stofnum.

**Þátttaka kvenna í leit að leghálskrabbameini**




ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Sérstök kjör á völdum bílum og frábærir lánamöguleikar



18.390 kr. á mánuði*

Hyundai i10, árgerð 2011
ekinn 35 þús. km. 1086cc, bensín, beinsk.
▸ Verð nú 1.590.000 kr. (áður 1.690.000 kr.)

*m.v. Ergo bílasamning til 84ra mánaða og 507.000 kr. útborgun. Sjá nánar á ergo.is

Kia cee'd LX
árg. 2010, ekinn 38 þús. km.
1400cc, bensín, beinsk.
5 ár eftir af ábyrgð.
Verð 2.290.000 kr.



Kia Sportage EX 4x4
árg. 2006, ekinn 81 þús. km.
1991cc, dísil, beinsk.
Verð 1.990.000 kr.



Nissan Navara 4x4
árg. 2006, ekinn 93 þús. km.
2500cc, dísil, sjálfsk.
Verð áður 2.690.000 kr.
▸ Verð nú 2.390.000 kr.



Nissan Patrol 4x4
árg. 2007, ekinn 78 þús. km.
2053cc, dísil, sjálfsk.
Verð 4.590.000 kr.



Mitsubishi Pajero 4x4
árg. 2007, ekinn 147 þús. km.
2900cc, dísil, sjálfsk.
7 manna
Verð 4.990.000 kr.



Ford Escape 4x4
árg. 2007, ekinn 85 þús. km.
3000cc, bensín, sjálfsk.
Verð áður 2.300.000 kr.
▸ Verð nú 1.990.000 kr.



Mercedes-Benz A170
árg. 2005, ekinn 94 þús. km.
1699cc, dísil, sjálfsk.
Verð áður 1.790.000 kr.
▸ Verð nú 1.690.000 kr.



Volvo XC70
árg. 2005, ekinn 115 þús. km.
2401cc, dísil, sjálfsk.
Verð 2.990.000 kr.



Opið alla virka daga frá 10-18.
Laugardaga frá 12-16.

Nánari upplýsingar á www.askja.is

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

Halldóra Björnsdóttir
fjölskyldumeðferðarfræðingur



Einstaklings, para og fjölskylduviðtöl

Tímapantanir í síma 772 2408
fjölskyldumedferd@gmail.com

Borgartún 3, 101 Reykjavík

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**31** **JUSTIN TIMBERLAKE SÖNGVARI** er 31 árs í dag

*„Í öllum mínum ástarsamböndum hef ég verið yfirþyrmandi. Þær höndla ekki alla ástina.“*

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Valdemar Gunnarsson**
mjólkurfræðingur,
Kjarnagötu 14, Akureyri,

lést þann 27. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Brit Mari Gunnarsson**
**Kristín Irene Valdemarsdóttir** — **Jón Marinó Sævarsson**
**Bryndís Elfa Valdemarsdóttir** — **Jón Birgir Gunnlaugsson**
**Berglind Mari Valdemarsdóttir** — **Sverrir Ásgeirsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir mín og amma,*

**Rannveig Matthíasdóttir**
ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur,
Holtagerði 84, Kópavogi,

lést á Landspítalanum að morgni 24. janúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, fimmtudaginn 2. febrúar klukkan 13.00.

**Jóhannes Berg**
**Rannveig Hlín Jóhannesdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún Guðnadóttir**
Sléttuvegi 23,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13:00.

**Vigfús Ólafsson**
**Ólafur Vigfússon** — **María Anna Clausen**
**Vigfús Már Vigfússon** — **Ingunn J. Sigurðardóttir**
**Þórhallur Vigfússon** — **Þuríður Guðjónsdóttir**
**Valgerður Vigfúsardóttir**
**og barnabörn.**

---



*Okkar ástkæra,*

**Katrín Vilhelmsdóttir**
Flúðaseli 32, Reykjavík,

lést á lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri að kvöldi 26. janúar. Minningarathöfn verður auglýst síðar.

**Snorri B. Arnar**
**Inga Björk Ingólfsdóttir** — **Vilhelm Arthúrsson**
**Kristjana Vilhelmsdóttir**
**Bryndís Gylfadóttir**
**Margrét Vilhelmsdóttir** — **Haukur Eiríksson**
**Jóhann Bjarki Hauksson** — **Kristján Örn Hauksson**
**María S. Arnar** — **Birgir Arnar**
**Ester María Ragnhildardóttir**
**Ottó B. Arnar**
**Ottó Bjarki Arnar**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---

**ÞETTA GERÐIST** 31. JANÚAR 1982

## *Samtök um kvennaframboð stofnuð*

Á þessum degi fyrir 30 árum, þann 31. janúar 1982, voru samtök um kvennaframboð stofnuð á fjölmennum fundi á Hótel Borg. Á stofnfundinn mættu á bilinu 300 til 400 konur, en um 150 þeirra gengu formlega í samtökin. Kvennaframboðið var afsprengi samfélagslegra breytinga. Baráttan fyrir jöfnum rétti kynjanna var í fullum gangi og mörgum konum þótti ríkjandi stjórnmálaöfl ekki taka konur með í reikninginn.



Kvennaframboðið fékk tvo fulltrúa kjörna í borgarstjórn Reykjavíkur og tvo fulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar árið 1982. Á Akureyri tók framboðið þátt í meirihlutasamstarfi kjörtímabilið 1982 til 1986 en bauð ekki fram aftur í næstu kosningum. Oddviti listans þar var Valgerður H. Bjarnadóttir.

Árið 1983 voru alþingiskosningar. Var þá rædd sú hugmynd innan Kvennaframboðsins hvort bjóða ætti fram lista til þeirra. Þetta leiddi til deilna innan flokksins, en ekki voru allir meðlimir sammála um hvort seta á Alþingi myndi þjóna hagsmunum flokksins. Hluti Kvennaframboðsins, ásamt fleiri konum, tók sig því saman og stofnaði nýtt framboð, Kvennalistann. Kvennalistinn bauð sig fram í þremur kjördæmum; Reykjavík, Akureyri og Norðurlandi-eystra, en listinn náði inn þremur konum með 5,5 prósentum atkvæða í þessum fyrstu kosningum.

---

**ALDÍS PÁLSDÓTTIR OG FRÆNKUR:** GÁFU ÚT BÓK UM VERK ÆTTMÓÐURINNAR

# Kynntist langömmu upp á nýtt

„Það hefur verið ótrúlega gaman að fá að kynnast ömmu upp á nýtt í gegnum þetta verkefni,“ segir Aldís Pálsdóttir, ljósmyndari og langömmubarn Magneu Þorkelsdóttur biskupsfrúar. Aldís myndaði handverk ömmu sinnar fyrir nýútkomna bók sem sýnir þau fjölbreyttu verk sem Magnea saumaði handa sér og afkomendum sínum.

Bókin kom út samhliða opnun sýningar í Þjóðminjasafninu, þar sem sjá má fjölda þjóðbúninga sem Magnea saumaði á sig og afkomendur sína. Magnea var eiginkona Sigurbjörns Einarssonar biskups. Margir muna eftir því að hún var hún jafnan í búningi þegar hún kom fram opinberlega við hlið hans. „Hún var alltaf í búningi og það fannst manni alveg eðlilegt,“ rifjar Aldís upp. „Jafnvel þegar við fórum saman í lautarferð, fjölskyldan, þá mætti amma í lopapeysu, en í peysufötum eða upphlut innan undir. Þegar hún varð biskupsfrú þurfti hún að fara í margar veislur og hefði ef til vill þurft að eignast marga kjóla fyrir þær. Hún leysti það með því að búa sér til fallegan skautbúning sem hentaði fyrir flest tilefni. Það var dálítið sniðugt hjá henni.“

Í bókinni eru verk Magneu skoðuð í tímaröð, allt frá fyrsta nálapúðanum sem hún saumaði fimm ára gömul, til þeirra verka sem hún vann á efri árum, en hún var með eitthvað í höndunum fram á síðustu stundu. Á meðal þeirra dýrgripa sem afkomendur Magneu eiga eftir hana er fjöldi heklaðra og prjónaðra skírnarkjóla, rúmteppi sem brúðhjón fengu í brúðkaupsgjöf og listilega útsaumaðir dúkar, svo fátt eitt sé nefnt.

Hugmyndin að bókinni um verk Magneu kom upp á frænkufundi þegar árið 2011 nálgaðist, en það ár hefðu þau Sigurbjörn og Magnea bæði orðið hundrað ára. Það eru systurnar Halla og Edda Kjartansdætur og Harpa Árnadóttir, frænkur Aldísar, sem ritstýra bókinni. Fleiri frænkur komu jafnframt að hugmyndavinnunni. „Frú Magnea var alveg mögnuð fyrirmynd og við lítum allar mikið upp til hennar. Á þessum tímamótum langaði okkur að varpa ljósi á þau listaverk, sem hún skildi eftir sig. Amma var mjög hógvær, og fer örugglega smá hjá sér núna,“ segir Aldís um langömmu sína. „Það var merkilegt að uppgötva hversu ótrúlegt magn af listaverkum er til eftir hana. Hún sem kom upp átta börnum, hélt heimili og stóð þétt við bakið á eiginmanni sínum í erilsömu embætti. Afkomendur þeirra í dag eru 87.“

Aldís sjálf á eina fimm ára Magneu sem heitir í höfuðið á langalangömmu sinni. Sú litla fæddist stuttu eftir að Magnea eldri lést árið 2006 en það var einmitt langalangafinn, Sigurbjörn, sem skírði hana.

Opnunin á sýningunni í Þjóðminjasafninu síðastliðinn laugardag var vel sótt og margir virtust áhugasamir um verk Magneu, en allar þær bækur sem safnið hafði tryggt sér seldust upp á opnunardaginn. „Það hefur verið ótrúlega gaman að finna fyrir áhuganum, þetta hefur verið svo persónulegt verkefni fyrir okkur sem stöndum að því,“ segir Aldís.

Sýningin stendur í Þjóðminjasafninu fram til 28. ágúst. holmfridur@frettabladid.is



**FRÚ MAGNEA** Þessi mynd prýðir forsíðu bókarinnar um verk Magneu Þorkelsdóttur biskupsfrúar, en hún kom út samhliða sýningu á listilega gerðum þjóðbúningum hennar, sem nú eru til sýnis í Þjóðminjasafninu.



**ALDÍS PÁLSDÓTTIR** Kynntist langömmu sinni upp á nýtt þegar hún fór, ásamt frænkum sínum, að vinna að bók um verk Magneu Þorkelsdóttur.

---



†

*Konan mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Þuríður Sigurðardóttir**
til heimilis að Smyrlahrauni 46
Hafnarfirði,

sem lést 26. janúar verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

**Kristján Jónsson**
**Hildur Kristjánsdóttir**
**Sigurjón Kristjánsson** — **Kristín Hjaltadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurjón Guðjónsson**
apótekari og lyfjafræðingur,
Hjallalandi 40, Reykjavík,

lést sunnudaginn 22. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Kristinn Sigurjónsson** — **Kristín Aðalsteinsdóttir**
**Inga Sigurjónsdóttir** — **Ísak V. Jóhannsson**
**Guðjón Sigurjónsson**
**Bjarni Sigurjónsson** — **Rebekka Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Tannverndarvikan** stendur nú yfir en í ár er sjónum beint að sælgætisneyslu og ógn hennar við tannheilsu landsmanna. Sælgætisneysla Íslendinga er mikil samanborið við önnur Norðurlönd eða að meðaltali 400 grömm á hvern íbúa á viku. Tannskemmdir hjá börnum og unglingum eru sömuleiðis algengari hér en á öðrum Norðurlöndum. Sjá www.landlaeknir.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457




GLÆSILEGUR AÐHALDSBOLUR

Misty - fyrir allar konur

TEG 52235 - - aðhaldsbolur í S, M, L á kr. 7.850,-

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg
Verslaðu á vefnum · Frí sending að 20 kg · 1 árs skilaréttur

Rýmingarsala 40%
afsláttur af völdum HOMEDICS vörum

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

heilsuhótel Íslands

Reykleysisnámskeið

**Helgina 3-5 febrúar 2012 verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja.**

Námskeiðið er sérhannað af þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingarfólk.

Aðferð sem beitt er hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeiðið.

**Leiðbeinandi**
Valgeir Skagfjörð

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið **heilsa@heilsuhotel.is** með helstu upplýsingum.

Takmarkaður fjöldi og því nauðsynlegt að panta strax.

Verð 49.500 með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja reykleysisnámskeið.

Nánari upplýsingar á **www.heilsuhotel.is**


Trausti Stefánsson setti Íslandsmet í 400 metra hlaupi um helgina og stefnir á Evrópumeistaramót.




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Setur markið hátt

Frjálsíþróttakappinn Trausti Stefánsson setti Íslandsmet á Stórmóti ÍR um helgina þegar hann hljóp 400 metra innanhúss á 48,23 sekúndum. Fyrra met átti félagi hans úr FH, Sveinn Elías Elíasson, sem hljóp 400 metra á 48,33 árið 2008. Trausti setti einnig Íslandsmet í 300 metra hlaupi fyrr í mánuðinum og er því augljóslega á góðri siglingu.

Trausti, sem er 27 ára, byrjaði tiltölulega seint að æfa frjálsar íþróttir, eða árið 2007. „Ég æfði körfubolta á yngri árum en upp úr tvítugu komst ég að því að ég væri þokkalegt hlauparaefni og fór að æfa frjálsar af krafti árið 2007. Ég byrjaði að æfa styttri vegalengdir en áttaði mig fljótlega á því að ég ætti líklega best heima í 400 metra hlaupi og hef einblínt á þá grein síðan 2008.“ Það sem hefur helst staðið Trausta fyrir þrifum eru þrálát meiðsli sem hann segir mega rekja til þess að hann kom heldur seint inn í sportið.

„Mig vantaði þann grunn sem krakkar sem byrja ungir hafa. Ég hef hins vegar verið meiðslalaus í rúmt ár og hef því getað bætt mig til muna.“ Trausti hefur aldrei verið í betra formi og hefur sett sér háleit markmið. „Mig langar að reyna að komast á Evrópumeistaramótið í Helsinki í sumar. Þar er lágmarkið aðeins bærilegra en inn á Ólympíuleikana, eða 46,70 sekúndur sem er samt í mínum villtustu draumum.“ Trausti telur sig eiga hálfa sekúndu inni utanhúss enda innanhúsbrautin sem hann sló Íslandsmetið á um helgina einungis 200 metrar. „Víðari beygjur á 400 metra braut ættu að gefa betri tíma. Ef ég næ að haldast heill og æfa vel er aldrei að vita nema þetta náist.“

vera@frettabladid.is




Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.

Vilji vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**Trönuber** innihalda meðal annars C-vítamín, kalk og járn og hefur verið sýnt fram á að trönuberjasafi geti gagnast gegn bakteríusýkingum í þvagfærum. Ekki spillir fyrir að trönuberin eru sæt og bragðgóð.


NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM



FYRIR DÖMUR OG HERRA
Verð:24.000.-
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


Alltaf ætti að mæla blóðþrýsting í báðum handleggjum, þar sem mismunur á þrýstingi í þeim getur bent til ýmissa sjúkdóma sem erfitt er að finna með öðrum aðferðum. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var við háskólann í Exeter í Bretlandi.

bbc.co.uk/health



Öll börn sem leita til tannlæknadeildar fá ókeypis þjónustu.

# Aukin ásókn í þjónustu tannlæknadeildar H.Í.

**Hanna G. Daníelsdóttir, deildarstjóri tannlæknadeildar H.Í., segir aðsókn að þjónustu deildarinnar fyrir almenning hafa aukist mjög mikið undanfarin ár. Misjafnt sé þó hversu margir komist í fulla meðferð.**

Ég hef nú ekki neinar tölur á hraðbergi en það er enginn vafi á því að aðsóknin hefur aukist mjög mikið undanfarin ár,“ segir Hanna G. Daníelsdóttir, deildarstjóri tannlæknadeildar Háskóla Íslands, spurð hvort hún hafi orðið vör við aukna ásókn í þjónustu deildarinnar í harðnandi efnahagslegu árferði.

Tannlæknadeild býður upp á skoðun og greiningu, sem nemendur og kennarar framkvæma, ásamt röntgenmyndatöku. Framhald meðferðar ræðst síðan af þeim verkefnum sem nemar eru að vinna að hverju sinni. Tekið er á móti þeim sem eiga bókaðan tíma einu sinni í viku og Hanna segir að um 25 manns komist að hverju sinni. „Það eru hundrað til 125 manns í hverjum mánuði,“ segir hún. „Hversu margir af þeim komast í fulla meðferð hjá okkur er misjafnt og miðast við þörf deildarinnar hverju sinni. Við erum auðvitað fyrst og fremst kennslustofnun og nemendurnir eru að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þess að þeir geti lokið námi.“

Kostnaður þeirra sem komast í meðferð hjá tannlæknadeild er lítið brot af því sem tíðkast hjá tannlæknum, einungis er rukkað fyrir efniskostnaði, tannsmíðum og slíku, ekki vinnu tannlæknanemanna.

Tannlæknadeildin býður einnig ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn sem Hanna segir marga notfæra sér. Tölur um fjölda barnanna segist hún heldur ekki hafa handbærar en flest þau börn sem leiti eftir þjónustu deildarinnar fái meðferð. „Nema það sé þeim mun meira að og nemarnir ráði ekki við það,“ bætir hún við. „Ég er með sex til sjö nemendur í klínik tvisvar í viku og hver þeirra skoðar að meðaltali tvö til þrjú börn.“

*fridrikab@frettabladid.is*



Hanna G. Daníelsdóttir, deildarstjóri tannlæknadeildar H.Í., segir að 100 til 125 manns leiti eftir þjónustu deildarinnar í hverjum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is





*Nú er tíminn fyrir **harðfisk** og **bitafisk**!*

Þegar litið er til innihalds og næringargildis kemur í ljós að Gullfiskur harðfiskur og bitafiskur er einhver besti prótíngjafi sem völ er á. Það fara 5 kíló af nýrri roðlausri ýsu í að búa til 1 kíló af harðfiski / bitafiski. Vatnið er dregið út með kældri þurrkaðferð, en næringarefnin halda sér. Örlítið salt til bragðbætis.

Gullfiskur harðfiskur og bitafiskur inniheldur rúmlega **80% prótín** og önnur næringarefni, sem eru líkamanum nauðsynleg.

Fæst í Bónus

BÓNUS

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita



# Góð merking er afar mikilvæg

**Merking ehf. er elsta starfandi skiltagerð á Íslandi og eitt best búna fyrirtækið á því sviði. Það sér um allt sem snýr að umhverfismerkingum og risaprentþjónustu. Merking er leiðandi í nýjungum og mun í vor kynna nýjung sem heitir Re-board og er framleidd úr endurunnum pappa.**

Vel merkt fyrirtæki vekur athygli. Slíkt er afar mikilvægt til að gera fyrirtækið samkeppnisfærara á markaðnum.

„Þjónusta Merkingar ehf. er afar víðfeðm enda er fyrirtækið eitt best búna fyrirtækið á sviði skiltagerðar og ristaprentþjónustu á Íslandi," segir Pétur Björnsson, framkvæmdastjóri Merkingar að Viðarhöfða 4. Fyrirtækið er elsta starfandi skiltagerð landsins og þar starfa 25 manns.

Prentdeild Merkingar er afar öflug. Stærsti prentarinn er með fimm metra prentbreidd og hafa bíóhús borgarinnar nýtt sér það enda flest allar bíóauglýsingar prentaðar í honum. „Þá höfum við einnig yfir að ráða UV-prentara sem getur prentað beint á ýmis efni á borð við gler, PVC, plexígler og ál," upplýsir Pétur og bætir við að nýlega hafi verið fest kaup á nýjum fánaprentara. „Hann mun fylla ákveðið skarð því nú getum við boðið upp á alla fánaprentun í háum gæðum auk annars konar tauprentunar."

Framleiðsla á hvers kyns límmiðum er vaxandi þáttur í starfseminni.

Ekkert skilti er of smátt né stórt fyrir smíðadeild Merkingar að sögn Péturs en öll skilti eru smíðuð frá grunni í smiðjunni. Bílamerkingar hafa einnig verið snar þáttur í starfsemi Merkingar sem og gluggamerkingar og jafnvel flugvélamerkingar. „Sú þjónusta er innt af hendi í fjölmörgum löndum, allt frá Nígeríu til Úsbekistan," upplýsir Pétur og bætir við að Merking hafi einnig framleitt merkingar fyrir viðskiptamenn í fleiri löndum á borð við Færeyjar og Noreg og séð um ljósmyndasýningar erlendis.



Prentdeild Merkingar er afar öflug. Stærsti prentarinn er með fimm metra prentbreidd.

## Nýjungar í auglýsingastöndum

Um tveggja ára skeið hefur Merking framleitt mikið af auglýsingastöndum úr pappa. „Slíkir standar eru hagkvæmur kostur fyrir fyrirtæki sem þurfa að stilla upp vörum í verslunum og hefur þessi framleiðsla aukist jafnt og þétt," segir Pétur. Jafnframt getur Merking framleitt alls konar umbúðir úr pappa.

Merking hefur verið leiðandi í nýjungum á skiltamarkaðnum á Íslandi allt frá stofnun og í vor verður kynnt nýtt efni til umhverfismerkingar. „Þessi byltingarkennda nýjung heitir Re-board en það er efni framleitt úr endurunnum pappa. Þetta efni er mikið notað í skilti af öllu tagi, merkingar, innréttingar, sýningarbása, útstillingar og margt fleira," segir Pétur. Hann lýsir Re-board sem léttu og meðfærilegu efni sem hafi mikinn styrkleika og henti þess vegna líka í ýmis húsgögn og kynningarstanda. „Efnið er framleitt úr hundrað prósent endurunnu efni. Það er létt, sterkt, ódýrt og auðvelt í samsetningu. Þá er förgun á því mjög einföld þar sem þetta er bylgjupappi sem hægt er að setja beint í endurvinnslugáma," segir hann. Það sem mun að sögn Péturs gera þetta efni spennandi fyrir viðskiptavini Merkingar er að þeir munu fá vöruna til sín innpakkaða og geti sett hana saman sjálfir. „Þetta sparar þeim sendingarkostnað," segir hann og bendir á að mjög auðvelt sé að setja vöruna saman. „Þetta er ekki ósvipað og IKEA hefur gert þar sem viðskiptavinir setja saman vöruna sjálfir."




## Hagkvæmar lausnir

„Við hjá Merkingu leggjum metnað okkar í að finna hagkvæmustu lausnina hverju sinni fyrir okkar viðskiptavini," segir Pétur en hvert verk er metið og viðskiptavinurinn getur fengið uppteiknað útlit af hugmyndunum og þá jafnvel í þrívídd.

Viðskiptavinir eru í góðum höndum hjá Merkingu enda hafa margir hinna 25 starfsmanna fyrirtækisins háan starfsaldur. Sumir þeirra hafa starfað hjá Merkingu nánast frá stofnun eða í þrjátíu ár. „Við leggjum okkur fram við að veita persónulega og þægilega þjónustu enda eru merkingar einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi fyrirtækja í dag og mikilvægt að vel takist til," segir Pétur.

Þeim sem vilja kynna sér þjónustuna nánar er bent á vefsíðuna www.merking.is

Bílamerkingar eru snar þáttur í starfsemi Merkingar. Þá býður fyrirtækið upp á ýmsar skemmtilegar útfærslur eins og þessar heyrúllur í ostaformi sýna.



Merking kynnir nýtt efni. Það kallast Re-board og er úr endurunnum pappa.



Pétur Björnsson framkvæmdastjóri Merkingar.




Merking er með starfsemi að Viðarhöfða 4.







# Allt á einum stað

**SpesArt, auglýsinga- og skiltagerð, að Hyrjarhöfða 9, býður upp á fjölbreytta þjónustu í auglýsingaskiltum, hágæðaprentun og umhverfismerkingum af öllu tagi.**

Mottóið okkar er: Það eru engin vandamál – eingöngu lausnir," segir Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri auglýsinga- og skiltagerðarinnar SpesArt. Meðal þess sem SpesArt býður upp á má nefna auglýsingaskilti með neonljósum, díóðuljósum eða almenn ljósaskilti, einnig risaprentun á segl-, mesh- eða taudúk. SpesArt býður einnig upp á hágæðaprentun, umhverfismerkingar, útfræstar merkingar, skiltastanda, sérsmíði, uppsetningar, bifreiða-, báta- og vinnuvélamerkingar auk merkinga í glugga. Þá má nefna sérhæfða sprautun, viðgerðir og almenna járnsmíði. „Hjá okkur færðu allt á einum stað, milliliðalaust," segir Páll glaðlega.

Páll segir SpesArt eina auglýsingafyrirtæki landsins sem hafi þróað sérhæfni í þrívíddarútskurði. Hann nefnir þar Gull, heimasímann fræga, froskinn Hr. Essasú, þriggja metra háa Boshborvél sem sé sú stærsta í heimi og nýjasta verkefnið, Tinna-eldflaug sem er rúmir fjórir metrar á hæð og var unnin í samráði við Fíton auglýsingastofuna. „Þessi sérhæfni hefur spurst út erlendis og vakið nokkurn áhuga þar meðal fjárfesta," upplýsir hann.


„Mottóið okkar er: Það eru engin vandamál – eingöngu lausnir," segja þau Páll Kr. Pálsson og Ása Árnadóttir. MYND/GVA

Páll nefnir fleiri dæmi um verkefni SpesArt. „Við höfum smíðað og þjónustað Hagkaup með sín neonskilti úti um allt land, og allar kirkjur landsins sem eru með neonljósakrossa," segir hann en fyrirtækið hefur einnig smíðað risastóra skiltastanda fyrir Olís og OB um allt land.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.spesart.is

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Snorri Snorrason snorris@365.is s. 512 5457 og Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is 512 5432. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



# ÁL&BLIKK

ÞRIÐJUDAGUR **31. JANÚAR 2012**

**Kynningarblað**
Þjónusta
Blikksmíði
Vatnsskurðarvél
Álver
Lagnaverk
Gæði






**ÁL, ryðfrítt stál, plast, járn, galv, boddístál, gataplötur, litað blikk, litað ál...**

**- Allt til á lager -**

**MÁLMTÆKNI**

**ÁL • STÁL • PLAST**

Vagnhöfða 29 - 110 Reykjavík - mt@mt.is - Sími 580 4500

# Listaverk og skartgripir úr áldósum

**Áldósir utan af drykkjum eiga það til að safnast upp á heimilum þrátt fyrir góðan ásetning um endurvinnslu. Margir nýta þó dósirnar til að fá útrás fyrir sköpunargáfuna í stað þess að fleygja þeim. Armbönd, hringabrynjur, dyratjöld, handtöskur og jólaskraut er meðal þess sem nýta má dósir í.**

Allir kannast við það að áldósir utan af gosdrykkjum og bjór safnast upp á heimilinu. Ferðirnar í endurvinnsluna verða gjarnan færri en góðu áformin gerðu ráð fyrir og íþróttafélög hverfisins koma ekki nærri nógu oft til að safna dósum í fjáröflunarskyni. Er þá ekkert til ráða annað en fleygja dósunum í ruslið? Jú, áldósir eru hinn fínasti efniviður í alls konar föndur og listaverk og raunar ekkert nema skortur á hugmyndaflugi sem setur fólki skorður í því að umbreyta dósunum í hluti sem gleðja augað eða nýtast sem praktískar lausnir innanhúss.

Margar vefsíður bjóða upp á kennslumyndbönd þar sem sýnt er hvernig dósir og dósaflipar breytast í allt frá gardínum og milliveggjum til armbanda, handtaska, jólaskrauts og hringabrynja. Ein þessara síða, www.aluminouspublishing.com, býður auk þess upp á rafbækur um efnið þar sem kennt er að gera ótal skemmtilega hluti úr dósum.

Myndirnar gefa örlitla hugmynd um ýmsar útfærslur dósaföndurs en sjálfsagt er að prófa sig áfram og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Dósirnar eru líka upplagðar til að leyfa börnunum að spreyta sig á að skapa sín eigin listaverk, leikföng eða vinabönd. Ekkert gerir til þó hráefnið skemmist í tilraunum, það stóð hvort eð er alltaf til að koma dósunum í endurvinnsluna.


Hér eru áldósir notaðar á skemmtilegan hátt til að fylla upp í dyr sem ekki eru lengur nýttar.


Fliparnir á dósunum eru tilvaldir í ýmiss konar skartgripi, fatnað og töskur.


Beyglaðar dósir málaðar í ýmsum litum geta verið listaverk einar og sér.


Þessir glæsilegu eyrnalokkar og toppur eru eingöngu gerðir úr áldósum.





Borgarholtsskóli er eini skólinn sem útskrifar blikksmiði í vor.

## Fjórir nemar á lokaspretti í blikksmíði

Fjórtán manns nema blikksmíði við Borgarholtsskóla og einn nemandi er skráður í það fag í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Af þessum fimmtán manna hópi munu fjórir ljúka námi í vor, ef allt gengur samkvæmt áætlun. Þeir útskrifast frá Borgarholtsskóla. Einn kvenmaður er í útskriftarhópnum en þrjú ár eru síðan stúlka brautskráðist síðast með þessa menntun frá sama skóla. „Blikksmíði er þó ekkert síður kvennafag en karla,“ segir Aðalsteinn Ómarsson, kennslustjóri málmiðnaðar í Borgarholtsskóla. „Það er orðið svo mikið unnið í tölvustýrðum vélum og krefst engra ofurkrafta. Konurnar eru ekki eins áræðnar og karlarnir en yfirleitt vandvirkari.“

Aðalsteinn segir blikksmíðina dálítið fjölskyldutengt fag, unga fólkið kynnist því oft í smiðju föður síns. Hann kveðst hafa heyrt að átta nemendur þurfi að útskrifast á ári til að halda í við þá sem hætta í greininni og fara af landinu. Ljóst er að það tekst ekki þetta árið.

Mikil aðsókn er samt sem áður í nám í málmiðngreinum í þeim skólum landsins sem bjóða upp á það. Sem dæmi má nefna að í Borgarholtsskóla eru yfir 200 manns í þeim greinum og í Iðnskólanum í Hafnarfirði yfir 100 manns. Í Borgarholtsskóla eru flestir í bílatengdum fögum og í Iðnskólanum í Hafnarfirði eru rennismíði og stálsmíði vinsælastar.

*- gun*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

## ÞÓTTI VERÐMÆTARA EN GULL

**Ál er frumefni** sem myndar um átta prósent massa jarðskorpunnar. Það er algengasti málmur jarðskorpunnar og þriðja algengasta frumefni hennar á eftir súrefni og kísil. Efnið er þekkt fyrir léttleika og viðnám sitt gegn tæringu. Ál og álblöndur eru aðalbyggingarefni flugvéla og íhluta í margvísleg önnur flutningatæki og byggingar þar sem not eru fyrir léttleika, varanleika og styrk. Eins er ál mikið notað í drykkjardósir.

Ál er mest notaði málmurinn í heiminum að frátöldu járni og málmblöndum byggðum á því. Vegna þess hvað ál kemur sjaldan fyrir hreint var það áður fyrr álitið eðalmálmur og þótti verðmætara en gull. Árið 1884 var ál dýrara en silfur, gull og platína. Ál hefur verið fjöldaframleitt í rétt rúmlega 100 ár. Á Íslandi hófst álvinnsla árið 1969 með gangsetningu álvers Íslenska álfélagsins, ISAL. Eigandi félagsins var svissneska álfyrirtækið Alusuisse sem árið 2000 var keypt af kanadíska álfyrirtækinu Alcan, sem nú heitir Rio Tinto Alcan.





## HVAÐ ER BLIKKSMÍÐI?

**Blikksmíði er** löggilt iðngrein. Blikksmiðir vinna bæði innan- og utandyra. Í blikksmiðju smíða þeir alla hluti loftræstikerfis og setja síðan upp á byggingarstað. Utanhúss vinna þeir við að leggja klæðningar á þök og veggi, auk þess að smíða og ganga frá þakköntum og öðrum vandasömum byggingarhlutum. Þeir nota flóknar skurðar-, beygju- og völsunarvélar með tölvustýringum sem oft taka á móti teikningum úr tölvu. Blikksmiðir kunna skil á virkni tölvustýrðs búnaðar í loftræstikerfum og staðsetja skynjara og nema fyrir hita- og rakastig á réttum stöðum. Ný tækni gerir þær kröfur til blikksmiða að þeir ráði yfir haldgóðri þekkingu á tölvum, auk góðrar þekkingar á málmum, vélum og verkfærum sem þeir vinna með.

*www.wikipedia.org*



„Þeir sem vilja láta skera eitthvað fyrir sig þurfa annað hvort að koma með teikningu á AutoCad-formi eða koma með hlutinn og við teiknum hann upp," segir Ómar þar sem hann stendur við vatnsskurðarvélina. MYND/PJETUR

# Blásum til sóknar

**Blikksmiðja Einars á Smiðjuvegi 4b í Kópavogi er að taka í notkun vatnsskurðarvél sem sker auðveldlega hörð efni eins og gler, marmara, plexígler, flísar og jafnvel steinhellur.**

Þetta er mjög skemmtileg vinna og fjölbreytt. Við erum vel tækjum búnir og það nýjasta hjá okkur er vatnsskurðarvél sem við vorum að taka í notkun. Með henni er hægt að skera svo til öll efni, svo sem ryðfrítt stál, járn, ál, marmara, flísar, gler, gúmmí, plexígler, krossvið og þess vegna steinhellur. Þannig stækkum við verksviðið og blásum til sóknar í kreppunni," segir Ómar Einarsson hjá Blikksmiðju Einars á Smiðjuvegi 4b í Kópavogi sem er græn gata.

Blikksmiðja Einars er fjölskyldufyrirtæki, stofnað í júní 1984. Eigendurnir eru Einar Emil Finnbogason og synir hans þrír, Ómar, Viðar og Örn. „Við þekkjum ekkert annað en blikk og stál," segir Ómar glettinn og segir starfsemina að mestu fólgna í almennri blikksmíði, ásamt því að sinna ýmsum sérverkefnum. „Við klippum og beygjum í 3m vélum og smíðum hitaelement í lofthitunarkerfi og hitablásara," nefnir hann sem viðfangsefni. „Einnig erum við með tölvuvél sem getur stansað út hvað sem er eftir teikningum. Svo erum við með veðurhlífar, þakventla, þakhettur, svalastúta og margt fleira á lager."

Þess má geta að Blikksmiðja Einars hefur fengið þrjár viðurkenningar fyrir lofsamlegt lagnaverk frá Lagnafélagi Íslands. Ómar segir fyrirtækið hafa frá árinu 1997 fjárfest í tölvustýrðum vélum, svo sem plasmaskurðarborði, beygjuvélum, fjöllokk og fleiru.

„Við byrjuðum snemma að fara út til Þýskalands að skoða vélasýningar og urðum alveg hugfangnir af tölvutækninni. En við höfum aldrei keypt neitt nema eiga fyrir því. Erum af gamla skólanum. Þess vegna lifum við kannski enn."


STERKIR Í STÁLINU Í 40 ÁR



VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI

40 ÁRA GA SMÍÐAJÁRN

GUÐMUNDUR ARASON EHF
Skútuvogi 4, 104 Reykjavík
Rauðhellu 2, 220 Hafnarfjörður
Sími 568 6844 - ga@ga.is
www.ga.is

- STÁLBITAR
- PLÖTUJÁRN
- PRÓFÍLAR
- ÁL
- RYÐFRÍTT STÁL
- BLIKKPLÖTUR
- PVC PLÖTUR
- POM ÖXLAR



E. BACKMAN AUGLÝSINGASTOFA


Milljón vinnustundir
Í Straumsvík er unnið að stærsta fjárfestingarverkefni sem ráðist hefur verið í á Íslandi um langt skeið.
Nú hafa verktakar og verkfræðistofur unnið eina milljón vinnustunda í verkefninu. Það jafngildir því að hafa um 500 manns í fullri vinnu í heilt ár.
Afköst verða aukin um 20%, lofthreinsibúnaður efldur og framleiðslunni breytt í verðmætari afurðir.
Fjárfestingin nemur tæplega 60 milljörðum króna sem samsvarar u.þ.b. öllum hagnaði álversins síðastliðin 10 ár.
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Sérsniðnar prentlausnir beint á efnið!

Fyrirtækið Fókus vel að merkja er skiltagerð, prentstofa og grafísk vinnustofa í Hafnarfirði og hefur verið starfrækt frá árinu 2003. Fyrirtækið leggur áherslu á sérsniðnar prentlausnir og persónulega þjónustu þar sem þarfir ólíkra viðskiptavina, stórra og smárra, eru ávallt hafðar að leiðarljósi.

**Fyrirtækið býður meðal annars upp á prentun með háþróuðum stafrænum Flatbed-prentara sem skilar áferðarfallegum myndum í hæstu gæðum á nánast hvað sem er.**

Eigandinn Ómar Svavarsson lýsir ferlinu nánar:
"Hluturinn er fyrst lagður á borðplötu, prenthausinn stilltur út frá fjarlægð og svo er prentarinn settur af stað. Hann svífur yfir hlutnum og færir sig sjálfkrafa eftir honum þar til myndin skýrist. Sáraeinfalt og útkoman glæsileg," segir hann og getur þess að með Flatbed-prentara megi prenta á allt frá hurðum og upp í rúmgafla og lyklaborð og á alls konar ólík efni. Þar þyki áleftirsóknarvert.

"Við höfum verið að þróa sérstaka aðferð til að prenta á álplötur sem maður kaupir í álsmiðju og svo er allt saman lakkað á eftir. Það er rosalega flott," segir Ómar og bætir við að sú lausn njóti vinsælda hjá ört stækkandi hópi viðskiptavina. "Hvort heldur hjá stórfyrirtækjum á borð við Össur og Rio Tinto Alcan eða ýmsum smærri aðilum, arkitektum, listafólki og fleirum," tekur hann sem dæmi.

Þannig að kúnnahópurinn er nokkuð breiður?
"Já, við þjónustum alls konar fólk með ólíkar þarfir," svarar Ómar og segir að þar komi eigin starfsreynsla að góðum notum, en hann er bæði listmálari og grafískur hönnuður að mennt og hefur verið viðloðandi auglýsingagerð í ein 25 ár. "Það fer vel á að blanda þessum ólíku sviðum saman því þá getur maður skoðað viðfangsefnið út frá öllum mögulegum sjónarhornum í vinnunni," segir hann og bendir á nærtækt dæmi. "Ég vann fyrir nokkru upplýsinga- og gönguleiðaskilti að undirlagi Ferðafélags Íslands og Valitor styrkti. Þar málaði ég kennileiti, svo sem Esjuna, Landmannalaugar og fleira, ljósmyndaði myndirnar, hannaði umgjörð í kringum og prentaði á skilti með gagnlegum upplýsingum sem var stillt upp við þessa vinsælu ferðamannastaði. Þarna nýttist bakgrunnurinn mér mjög vel," segir Ómar brosandi og nefnir að útkomuna sé jafnframt hægt að berja augum á yfirlitssýningu á annarri hæð í World Class í Laugum.

Fókus státar af fleiri prentlausnum en fyrrnefndum Flatbed-prentara. Ómar nefnir þær helstu. "Við erum með hágæða 12 lita ljósmyndaraprentara frá HP og fleiri góða," segir hann og getur þess að fyrirtækið sinni líka grófari vinnslu á hefðbundum útimerkingum.

Þá framleiði Fókus músa- og undirskriftarmottur fyrir fyrirtæki og fjöldaframleiði listaverk fyrir þjóðþekkta Íslendinga, þar á meðal fyrir Tolla.

"Þetta er fjölbreytt starfsemi og ekkert eins og þess vegna verður þessi þjónusta persónuleg."



Ómar Svavarsson




grafísk vinnustofa / prentun / merkingar / sandblástursfilmur

**FÓKUS**

Flatarhrauni 23 220 Hafnarfjörður Sími 565 4400 fokus@fokus.is

www.fokus.is



Guðmundur Baldursson, framkvæmdastjóri Logoflex, leggur áherslu á fjölbreytta þjónustu. Á síðasta ári keypti Logoflex fyrirtækið Háborg og flytur nú inn plast og álkerfi. MYND/GVA



Logoflex sinnir sérsmíði af ýmsum toga og framleiðir meðal annars fyrir íslenska hönnuði.

# Skiltagerð, sérsmíði og hönnun

**Skiltagerðin Logoflex býður fjölbreytta þjónustu. Fyrirtækið fæst ekki einungis við skiltagerð frá A til Ö heldur tekur einnig að sér alls konar sérsmíði svo sem þakglugga, sturtuklefa og borð auk þess að vera framleiðsluaðili fyrir fjölmarga íslenska hönnuði.**

Logoflex er ein af stærstu skiltagerðum landsins og þar starfa í kringum tuttugu manns. Guðmundur Baldursson framkvæmdastjóri leggur metnað í fjölbreytta þjónustu enda býr fyrirtækið yfir miklum mannauði.

„Hjá okkur er mikil starfsreynsla en margir af okkar starfsmönnum hafa unnið í greininni milli tíu og tuttugu ár. Sjálfur hef ég verið í kringum fjörutíu ár í þessum bransa,“ segir Guðmundur, en hann er jafnframt einn af fimm eigendum fyrirtækisins. Guðmundur hefur staðið í brúnni í tíu ár en Logoflex var stofnað árið 2002.

„Við erum í eigin 1500 fm húsnæði að Smiðshöfða 9. Við höfum verið á sömu kennitölu frá upphafi og fyrirtækið hefur aldrei borgað dráttarvexti til dæmis og er stöndugt fyrirtæki,“ segir Guðmundur, stoltur af sínu fólki.

„Við stofnuðum Logoflex sem skiltagerð og smíðum allar gerðir af skiltum. Við erum bæði með grafískan hönnuð og iðnhönnuð hér innandyra og bjóðum þá þjónustu að hanna skiltin frá grunni. Við sjáum um uppsetningar og viðhald fyrir viðskiptavini okkar.

Hér er verkstæði fyrir fólíumerkingar, -skurð og -prentun en við erum með fjórar stórar prentvélar á verkstæðinu. Hér er einnig smíðaverkstæði þar sem eru blikksmíðavélar, tölvustýrður fræsari og leiserskurðarvél en við framleiðum til dæmis mikið fyrir íslenska hönnuði. Það á þá ekkert skylt við skiltagerð heldur eru það leiserskornir hlutir eða fræstir, mest í plast og timbur,“ útskýrir Guðmundur og segir ýmiss konar sérsmíði stóran hluta framleiðslu Logoflex.

„Logoflex framleiðir til dæmis þakglugga eftir máli, tvöfalda glugga úr blásnu akrýlplasti. Við blásum plastið upp í hálfkúlur og smíðum álramma utan um sem smellur á sökkul. Plastið styrkist þegar það er blásið upp og þolir til dæmis snjóþyngsli betur en gler. Gluggarnir henta því íslenskum aðstæðum vel,“ útskýrir Guðmundur.

Logoflex er einnig innflutningsaðili að bæði plasti og álkerfum og umboðsaðili fyrir eitt stærsta plastframleiðslufyrirtæki í Evrópu, Altuglas. Þá keypti Logoflex fyrirtækið Háborg á síðasta ári.

„Háborg flutti inn plast og álkerfi og í framhaldinu fórum við að smíða borð, sturtuklefa og ýmislegt fleira úr álprófílum. Þó skiltagerðin sé okkar aðalþjónusta erum við mjög fjölbreytt fyrirtæki.“

Nánari upplýsingar er að finna á www.logoflex.is



Logoflex getur séð um alla hönnun, framleiðslu og uppsetningu skilta.


# VIÐ HÖFUM LAUSNIRNAR

## Logoflex býður uppá margvíslega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga

### SKILTAGERÐ
Reynsla okkar og metnaður hefur sett okkur í fremsta flokk í skiltasmíði. Gæðin á þessari grunnstoð rekstursins eru okkur ávallt efst í huga, skilti bæjarins og viðskiptavinir okkar gefa því góðan vitnisburð.

### PRENTUN
Höfum á að skipa öflugum hágæða prenturum sem henta fyrir stórar prentanir. Prentum á segl, límfólíu, pappír og striga svo eitthvað sé nefnt.

### LASERSKURÐUR
Laserskerum plast, timbur o.f.l. Hárnákvæm útkoma og mikil afköst.

### STURTUKLEFAR
Smíðum sturtuklefa eftir máli.

### SÉRSMÍÐI
Starfsfólk okkar tekur nýjum áskorunum með brosi á vör og höfum við getið okkur gott orð fyrir getu okkar í að leysa sérsmíðaverkefni í öllum regnbogans litum.

### ÞAKGLUGGAR
Smíðum kúpta þakglugga eftir máli allt að 190 cm að stærð. Traustir og góðir gluggar með 25 ára reynslu.

### FRÆSING
Tölvustýrður fræsarinn okkar fræsir út nánast hvað sem er úr plasti , áli og timbri.

### PÓSTKASSAR
Smíðum hágæða póstkassa í öllum stærðum og gerðum. Sérsmíðum eftir óskum.

### AKRÍLSMÍÐI
Beygjum og smíðum ýmsa hluti úr akrílplasti s.s. blaðastanda, tímaritarekka, nafnspjaldabakka og hirslur og hólf í öllum stærðum og gerðum. Hönnum og sérsmíðum eftir þörfum.

### ÁLKERFI
Flytjum inn samsetningarkerfi úr vönduðum rafbrynjuðum álprófílum. Óendanlegir samsetningar og uppröðunar möguleikar. Skilrúm - skápar - borð - hillur - sýningarveggir og svo mætti lengi telja.

### AKRÍLPLAST
Flytjum inn mikið úrval af akrílplasti í ýmsum þykktum og litum.

### AUGLÝSINGASTANDAR
Flytjum inn úrval sýningarstanda sem henta öllum sem vilja að eftir sér sé tekið.

Smiðshöfði 9 | Sími: 577 7701
logoflex@logoflex.is | www.logoflex.is

LogoFlex



Eirhöfða 11 | 110 Reykjavík | Sími 414 1900 | Fax 414 1901 | aberandi@aberandi.is | www.aberandi.is





Ljósaskiltamergðin í Tókýó er engu lík. NORDICPHOTOS/GETTY

# *Neonlýstar borgir heims*

Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar nefndir eru staðir á borð við Times Square í New York, Picadilly Circus í London, Las Vegas og Tókýó eru björt neonljósaskiltin sem lýsa upp borgirnar. Þótt hlutverk slíkra skilta sé fyrst og fremst að auglýsa einhverja þjónustu eða vöru hafa þau í þessum borgum orðið einkennismerki og laða að sér ferðamenn víða að úr heiminum. Fáir sem koma á Times Square í New York fara þaðan án þess að láta mynda sig með ljósaskiltin í bakgrunninum. Las Vegas væri ekki söm án neonljósanna og Japanar eru nánast heimsmeistarar í neonljósaskiltum.


Aðdráttarafl Time Square í New York er mikið, ekki síst vegna ljósadýrðarinnar.


Las Vegas, borg ljósanna.


Hollywood-skiltið er eitt þekktasta kennileiti bandarísks kvikmyndaiðnaðar.

## EITT FRÆGASTA SKILTI HEIMS

**Hollywood-skiltið er** eitt þekktasta kennileiti kvikmyndaiðnaðarins í Bandaríkjunum, tákn fyrir frægð og frama. Færri vita að skiltið var upphaflega sett upp í hlíðum Hollywood-hæða í Los Angeles af fasteignafyrirtæki einu hinn 13. júlí 1923 til að vekja athygli á landrými sem það hafði til sölu. Fyrirtækið ætlaði að láta taka skiltið niður tæpum tveimur árum síðar en það fékk að standa og öðlaðist fyrrnefnt hlutverk. Fyrstu árin stóð reyndar Hollywoodland en stöfunum var fækkað í núverandi mynd þegar viðgerðir voru gerðar á skiltinu 1949. Hver bókstafur er fjórtán metra hár og á lengdina er skiltið 110 metrar. Hægt er að aka upp að því aftanverðu en það er varið af girðingu og öryggismyndavélum. Um fjörutíu mínútur tekur að ganga upp að skiltinu.







## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**ÚTSALA KRISTALL LJÓSA**
Glæsilegar kristall ljósakrónur, vegljós, glöss og skartgrypir til sölu. Facebook: bohemia-kristall Bohemia Kristall, Glæsibær S:571 2300










**FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA**
10 -35 % afsláttur af öllum saltkristalsvörum til janúarloka. Verið velkomin. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun









ÚTSALA, ÚTSALA !! 30-70% AFSLÁTTUR !! Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is






**TILBOÐ**
Flottir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir í gráu, svörtu og rauðu. TILBOÐSVERÐ: 3.500.- Meðan birgðir endast. Misty skór Laugavegi 178 s: 5512070 Opið: 10 - 18 virka daga, lau 10-14.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta




Er matur og þyngd vandamál! Sími 568-3868 www.matarfikn.is



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 31. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o.fl. S. 897 5484/3327.

## Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar undan verðlaunahundum með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.



**Dverg Schnauzer hvolpar, undan verðlauna foreldrum.**
Eigum nokkra gullmola eftir 2 svartir rakkar fæddir 17 nóv, 2 p&s rakkar og 1 p&s tík fædd 23 nóv. Öll gullfalleg, tilbúin til afhendingar, skilast ættbókarfærð og örmerkt. Sjá facebook.com/Sifurloppu Uppl. veitir Margrét s: 8216222 / 5646272.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Herbergi í 101!**

**Til leigu fullbúið herbergi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði, eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax. Á besta stað í bænum.**

**Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Til leigu í vesturbæ Kópavogs**
**einstaklingsíbúð 48,0 m2. Sér inngangur, baðherb., hol, eldhús og svefniherb., gott skápapláss, stutt í strætó, verslun og sund. Leiguverð 70.500 kr. á mánuði, rafm. og hiti innifalið, símatengill. Laus nú þegar. Einungis til leigu fyrir einstakling. Upplýsingar í síma 820-4789 á milli kl. 10 til 14.**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

Íbúð á Spáni, Costa Brava - Playa de Aro. Gott fyrir golfara. Starplus.is

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 50þ. Uppl. í s. 895 0482.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

2ja herb. íbúð 101 Hverfisgata til leigu frá 1.feb. Leiga 120þús. mán og 2 mán fyrirfram. Meðmæli óskast. 101hverfisgata@gmail.com

17 fm herbergi stúdío nálægt tækniskólanum í 101 rvk. Allt innifalið. 45þús. á mán. Trygging 45þús. S. 866 4754 eða 557 5450.

Stúdíó-stúdíóherbergi með aðgengi að öllu. Hverfi 105. Allt innifalið. Uppl. í s. 776 5441.

Fully furnished room, 101 Rvk, with access to kitchen, bathroom, washing machine, internet. Tel. +3546921681

## Húsnæði óskast

Óska eftir herb. til leigu m. sér inng. eldunaraðst. wc. má vera sturtuaðst. Uppl. 849 9457.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Atvinnuhúsnæði

**Dalvegur, Kópavogi**
Til leigu 75fm jarðhæð á góðum stað við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í s. 696 8058.

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**PÍPULAGNIR**

**Snittvélin ehf.**
**Óska eftir að ráða pípulagningarmann**

**til starfa. Getur líka tekið nema á samning.**
**Upplýsingar í síma 892 3639**
**snittvelin@simnet.is**

**Umboðsaðilar óskast í öllum landshlutum.**
**Starfið felst í því að aðstoða fólk við skemmtilega MLM markaðssetningu á þýskum hágæða heilsu og snyrtivörum. Möguleiki er að vinna starfið eingöngu heima sé nettenging til staðar. Menntun skiptir ekki máli. Mjög góðar tekjur og ýmis fríðindi í boði fyrir rétta aðila.**
**LR Health & Beauty System, Stærsta MLM fyrirtæki í evrópu.**
**Uppl. Kiddi.lr@gmail.com**

Óska eftir vönum hellulagningar-mönnum tímabundið. Uppl. s. 898 4202.

**Handflakari óskast.**
Vanur handflakari óskast til starfa sem fyrst. 2 vanar konur óskast til starfa vanar beinhreinsun og til almennra fiskbúðarstarfa. Vinnutími c.a. 7.30-15.30. Umsóknir skal senda á kristjan@fiskikongurinn.is eða Kristjan 896 0602 Fiskikóngurinn Sogavegi 3.

Zinkstöðin óskar eftir að ráða starfskraft til framtíðarstarfa í verksmiðju sinni í Hafnarfirði. 'Islenskukunnátta nauðsynleg. uppl. gefur Ragnar í s. 896 6820.

Aukavinna eða fullt starf. Frjáls vinnutími. LR Health & Beauty System Stærsta MLM fyrirtæki í evrópu S. 568 8977 eða 773-6099

## Atvinna óskast

34 ára karlmaður óskar eftir vinnu fyrripart dags. Íþróttarþjálfari seinnipartinn, vanur að vinna með börnum, einnig með meirapróf. S. 848 8842.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Ævintýri?**
Íslenskar konur í ævintýraleit. Nú eru nokkrar nýjar auglýsingar. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920.

**KK Cross**
Karlmaður, 47, hefur gaman af fötum kvenna, vill kynnast KK. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8710.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Til sölu

# Háteigskjör

**Til sölu er allt hlutafé einkahlutafélags, sem rekur matvöruverslunina Háteigskjör, Háteigsvegi 1, Reykjavík**

Eignir rekstrarfélagsins eru verslunin ásamt húsnæði því sem hún er rekin í.

Skuldir eru engar.

**Upplýsingar gefa Lögmenn Borgartúni 33, sími 663 4929**

## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**3500 - 5000 FM.**
**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI**

**ÓSKAST FYRIR TRAUSTAN LEIGUTAKA INNAN ELLIÐAÁA. HELST Í SÉRSTÆÐU HÚSI.**

**LEIGUHÚS.IS**
LEIGUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF
**Sími 517 3500**
**Gunnar Jón Yngvason**, Löggiltur leigumiðlari, Barónstíg 5, 101 Reykjavík,

**Til leigu 133 fm í Breiðhellu í Hafnarfirði**



Góð lofthæð 4,5m, Hurð 4 hæð x3m, pláss fyrir utan á plani, leiguverð er 850 kr á m2 + vsk

## Tilkynningar

Grindavíkurbær

**Auglýsing um deiliskipulagstillögu**

## Auglýsing um deiliskipulag í Grindavík

Bæjarstjórn Grindavíkur auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Bláa Lónið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi sveitarstjórnar þann 25. janúar 2012.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast til suðurs af almennu útivistarsvæði, til vesturs og norðurs af þjóðvegi nr. 426, og til austurs af lóð Lækningalindar Bláa Lónsins og athafnasvæði HS Orku. Stærð skipulagssvæðisins er 42 ha.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 sem auglýst var skv. 18. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 á tímabilinu frá 9. apríl til 23. maí 2011 og samþykkt af bæjarstjórn 26. október 2011.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar og á heimasíðu bæjarins www.grindavik.is frá og með 31. janúar 2012 til 13. mars 2012.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skriflegum athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík, eigi síðar en 13. mars 2012.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Ingvar Þór Gunnlaugsson
Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Grindavíkurbæjar.

## Atvinna

**SÓLNING BARÐINN**

**Vanur viðgerðarmaður**

Sólning/Barðinn óskar eftir að ráða röskan og sjálfstæðan starfsmann til að sinna smáviðgerðum, smurþjónustu og almennri hjólbarðaþjónustu á verkstæði Barðans við Skútuvog

**Hæfniskröfur**
- Próf í bifvélavirkjun eða umtalsverð reynsla af viðgerðum
- Reynsla af störfum á hjólbarðaverkstæði æskileg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt

Upplýsingar gefur Tómas Sigurðsson í síma 8982041 eða Örn Tryggvi Johnsen í síma 544 5000. Umsóknir berist til Sólningar , Smiðjuvegi 70, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið solning@solning.is

# STARF Í MIÐBÆNUM

Minjagripaverslunin Lundinn leitar að starfsfólki í 100% vinnu. Við leitum að glaðlegu og duglegu fólki. Tungumálakunnátta skilyrði og reynsla af sölustörfum mikill kostur.

**Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá með mynd á info@puffin.is**




Hafnarstræti 5 og Skólavörðustíg 10

## Þjónusta

## Leiguumsjón
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

**Á FERÐINNI**



Sölufulltrúar:
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457



**Guðmundur Hannesson**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. janúar. Útförin hefur farið fram.

Þórður Hannesson
Jessy Jensen

---



*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Borghildar Gísladóttur (Boggu í Ásbrún).**

| | |
|---|---|
| Arnbjörn Jónsson | Helga Karlsdóttir |
| Grétar Jónsson | Þórdís Guðjónsdóttir |
| Sóley Jónsdóttir | Árni Guðbjartsson |
| Þórður Jónsson | Guðbjörg Ingólfsdóttir |
| og fjölskyldur. | |

---



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Reynir Aðalsteinsson**
yfirreiðkennari LBHÍ
og tamningameistari,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Sjúkrahúsinu á Akranesi þann 25. janúar. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju 10. febrúar klukkan 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð.

Jónína Hlíðar Gunnarsdóttir

| | |
|---|---|
| Aðalsteinn Reynisson | |
| Ingunn Reynisdóttir | Pálmi Geir Ríkharðsson |
| Soffía Reynisdóttir | |
| Gunnar Reynisson | Sigríður Ása Guðmundsdóttir |
| Reynir Reynisson | |
| Einar Reynisson | Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir |
| og barnabörn. | |

---



*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt fjölskyldunni samúð og kærleik vegna fráfalls elsku Edda okkar,*

**Eyjólfs Martinssonar**
Brimhólabraut 20, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilsustofnunar Vestmannaeyja fyrir einstaklega hlýja og alúðlega umönnun. Einnig þökkum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut. Af alhug þökkum við eigendum og starfsfólki Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir hlýju og stuðning í veikindum Edda. Enn fremur eru félögum hans í Akóges í Vestmannaeyjum færðar sérstakar þakkir fyrir vinsemd og stuðning.

| | |
|---|---|
| Sigríður Sylvía Jakobsdóttir | Jóhanna María Eyjólfsdóttir |
| Martin Eyjólfsson | Eva Þengilsdóttir |

Anton Emil, Benedikt Aron, Þengill, Sylvía og Tinna Bertha Gísladóttir.

---

## TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR: HRÍFST AF KVENLEGRI LITADÝRÐ

# Ullargraffað í Gerðubergi

Annað kvöld ætlar Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir að kynna ullargraff og grunnatriði í hekli á handverkskaffi í Gerðubergi. Tinna, sem gaf nýverið út bókina Þóra – heklbók, kynntist ullargraffi árið 2010 og hefur ekki hætt síðan. Hún heklar og prjónar utan um óhefðbundna hluti úti um borg og bý, er meðlimur í ullargraffgrúppunni Gleðikonurnar og klæddi meðal annars tré í Lækjargötunni í litríkar spjarir í fyrra, sem einhverjir kunna að hafa tekið eftir. „Ullargraff er frekar nýlegt form af götulist, kom fyrst upp úr 2005 í Bandaríkjunum, og hefur síðan breiðst út. Það eru nokkrir í því að gera þetta hérna," segir Tinna og útskýrir að í ullargraffinu felist að hekla, prjóna eða sauma út, út um borg og bý, á staura, tré, bekki eða hvað sem er. Hún segir kvenlega eiginleika ullargraffsins það sem heilli hana helst. „Það sem mér finnst skemmtilegast við þetta er hvað þetta er kvenlegt, umhverfisvænt, litríkt og mjúkt, svolítið eins og konur."

Handverkskaffið í Gerðubergi er öllum opið, en Tinna vonast til þess að fá hannyrðakonur sem eru vanar að gera hefðbundna hluti til að gera eitthvað öðruvísi. „Mig langar að fá fólk til að taka þátt í samtali við borgina, skreyta hana og setja mark sitt á hana. Ég ætla að kenna þeim nokkur grunnatriði í hekli og svo ætlum við að graffa með prufunum."

Graffið mun þó fara fram innan dyra, sökum kuldans úti fyrir, en það mun ekki vera sérstaklega þægilegt að munda saumnál úti í kulda og myrkri.

Handverkskaffi í Gerðubergi er öllum opið, en stendur yfir á milli klukkan 20 og 22 annað kvöld.

holmfridur@frettabladid.is



**PRJÓNAÐ GRAFF** Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir ætlar að að ullargraffa með þátttakendum í handverkskaffi í Gerðubergi annað kvöld. MYND/NOAH SUSSMAN

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Þórir Jón Hall**

lést að heimili sínu þann 28. janúar síðastliðinn. Jarðarför verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Dóra Þorvaldsdóttir | |
| Vigfús Þorsteinsson | Þórdís Helga Ingibergsdóttir |
| Viggó Þórir Þórisson | Þórunn Unnarsdóttir |
| Reynir Þorsteinsson | |
| Sigríður Björk Þórisdóttir | Snorri Harðarson |
| Dóra Kristín Þórisdóttir | Eiríkur Auðunn Auðunsson |

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sjöfn Erlingsdóttir**

lést þann 25. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju 7. febrúar kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Helgi Björnsson | |
| Grétar Jakob Björnsson | Ellen Erlingsdóttir |
| Birna Margrét Björnsdóttir | Agnar Karl Árnason |
| Einar Haukur Björnsson | Ruth Kjærnested Jóhannsdóttir |
| og barnabörn. | |

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórarinn Árnason**
múrari, Droplaugarstöðum,

sem lést þriðjudaginn 24. janúar verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

Bertha Þórarinsdóttir

| | |
|---|---|
| Hólmfríður Þórarinsdóttir | |
| Þ. Jóhanna Þórarinsdóttir | Aðalsteinn Hermannsson |
| Rúnar Þórarinsson | |
| Magnús Þórarinsson | Rebekka Benediktsdóttir |
| Eiður Þórarinsson | Bárður Óli Kristjánsson |

barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Hjaltberg Vilhjálmsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi þann 21. janúar sl. Útförin hefur farið fram.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug í okkar garð.

F.h. aðstandenda

| | |
|---|---|
| Sveinborg María Gísladóttir | |
| Vilhjálmur Hallbjörn Gíslason | Olga Sverrisdóttir |
| Gíslína Kolbrún Sigurðardóttir | |
| barnabörn og langömmubörn. | |

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

uno
cucina italiana

# Vetrarbomba!

## 3ja rétta matseðill aðeins 2.990 kr.

- Þú velur 1 rétt úr hverjum flokki.
- Gildir mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga út febrúar.



## Forréttir

**Bruschetta Mozzarella**
Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

**Bruschetta Proscuitto**
Prosciutto de parma, pestó og Prima Donna ostur.

**Carpaccio classico**
Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettasalati, parmesanosti og klettasalatspestó.

**Ravioli Fritti**
Stökkt ravioli með fjögurra osta fyllingu og bragðmikilli arrabbiata sósu.



## Aðalréttir

**Humar og risarækju Linguini**
Linguini pasta með risarækjum, humri, klettasalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.

**Kjúklinga Tagliolini**
Tagliolini pasta með steiktum kjúklingabitum, sveppum, spínati og pancetta í hvítvínsrjómasósu.

**Pollo salat**
Romaine salat með hægeldaðri kjúklinga bringu, confit tómötum, rauðlauk, gúrku, karamellaðar hnetum, ciabatta flögum, dijon dressingu og parmesan.

**„New style" kjúklinga chili pasta**
Steiktur kjúklingur í rósmarín og chili kryddaðri arrabbiata sósu með djúpsteiktu ostafylltu ravioli.

## Eftirréttir

**Tiramisu a la Nino**
Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.

**Amaretto súkkulaði Brownie**
Með vanillu gelato.

PICCINI®

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** andaðist, **6.** frá, **8.** klettasprunga, **9.** hamfletta, **11.** verkfæri, **12.** rok af hafi, **14.** mælieining, **16.** pot, **17.** skordýr, **18.** fálm, **20.** 49, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stagl, **3.** pfn., **4.** rándýr, **5.** blekking, **7.** viðriðinn, **10.** geislahjúpur, **13.** heyskaparamboð, **15.** fita, **16.** tíðum, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lést, **6.** af, **8.** gjá, **9.** flá, **11.** al, **12.** særok, **14.** karat, **16.** ot, **17.** fló, **18.** fum, **20.** il, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** ég, **4.** sjakali, **5.** tál, **7.** flæktur, **10.** ára, **13.** orf, **15.** tólg, **16.** oft, **19.** mó.


MYNDAKVÖLD FÍ

Myndakvöld Ferðafélags Íslands verður haldið í sal FÍ í Mörkinni 6, miðvikudagskvöld 1. febrúar n.k og hefst kl. 20.00. **Myndakvöldið ber yfirskriftina:** Sýnishorn af sumri og þar verða sýndar myndir úr ferðum á vegum félagsins s.l. sumar. Jafnframt er horft til næsta sumars en áætlun FÍ fyrir 2012 er nýkomin út.

**Umsjónarmenn myndakvöldsins eru:** Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir fararstjórar. Aðrir fararstjórar úr röðum félagsins verða á staðnum og svara fyrirspurnum. Aðgangseyrir er kr. 500 og kaffi og kleinur í hléi.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**












# Um hvað eru hagfræðingar sammála?

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Frá bankahruni hafa hagfræðingar verið nokkuð í sviðsljósinu. Stéttin hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki varað við ósköpunum en á sama tíma hefur verið leitað til hennar til að skýra hvað gekk hér á. Þá hefur hún verið fyrirferðarmikil í umræðu um nokkur helstu hitamál samtímans svo sem gjaldmiðilinn, verðtrygginguna og Icesave-málið. Í þessum málum og fleiri hafa hagfræðingar viðrað fjölbreyttar skoðanir og virðist sú skoðun hafa náð fótfestu víða að stéttin sé ekki sammála um nokkurn skapaðan hlut.

**ÞAÐ** er miður. Ekki vegna þess að hagfræðingar séu sammála um alla hluti, það eru þeir ekki. Það er miður vegna þess að þeir hlutir sem þó ríkir almenn sátt um eru síður meðteknir af almenningi. Að sumu leyti geta hagfræðingar sjálfum sér um kennt. Sumir eru gjarnir á að tjá sig um alla hluti, hvort sem þeir hafa sérstakt vit á þeim eða ekki. Aðrir eru latir við að setja nauðsynlega fyrirvara við málflutning sinn þrátt fyrir að óvissa sé oft mikil í hagrannsóknum. Þess vegna er gagnlegt að aðskilja það sem almenn sátt ríkir um og hitt sem er umdeilt.

**TÖKUM** dæmi um nokkur atriði sem eru tiltölulega óumdeild meðal hagfræðinga samkvæmt könnunum. 1) Tollar og innflutningshöft minnka yfirleitt hagsæld. 2) Draga ætti stórlega úr niðurgreiðslum til landbúnaðar á Vesturlöndum. Þetta mætti segja þeim kynslóðum þingmanna sem staðið hafa vörð um rándýrt landbúnaðarkerfið á Íslandi. 3) Hið opinbera ætti frekar að safna afgangi af fjárlögum þegar hagkerfinu vegnar vel og skila halla þegar því vegnar illa en að reyna að koma út á núlli á hverju ári. 4) Viðvarandi fjárlagahallar skaða hagkerfið. 5) Skattalækkanir og eða aukin ríkisútgjöld örva hagkerfið þegar atvinnuleysi er mikið. Sú sorgarsaga sem er íslensk ríkisfjármálastjórn síðustu áratugi bendir til þess að þessi atriði hafi sjaldnast verið stjórnmálamönnum efst í huga. 6) Sé sett þak á leiguverð íbúða dregur það úr fjölda og gæðum íbúða til leigu. 7) Það er skynsamlegra að reyna að draga úr mengun með mengunarsköttum eða sölu -kvóta fremur en að sett sé þak á leyfilega mengun. Þessar staðreyndir eiga reyndar miklu víðar við en vilja hins vegar mjög oft gleymast í opinberri umræðu.

**RÍKTI** almenn sátt um til dæmis þessi atriði meðal almennings myndi skynsamlegri hagstjórn og stefnumótun fylgja í kjölfarið. Sem myndi svo aftur bæta lífskjör landsmanna. Með það í huga má velta fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að breyta námsskrá framhaldsskóla þannig að eins og einn kúrs í hagfræði yrði skylda þar sem tiltölulega óumdeildar niðurstöður yrðu kynntar.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Aurora
ATLI RAFN SIGURÐARSON
HELGI BJÖRNSSON
AXLAR-BJÖRN
NÝTT VERK ÚR SMIÐJU VESTURPORTS
LEIKSTJÓRN: BJÖRN HLYNUR HARALDSSON
VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# menning

menning@frettabladid.is

**! ÍSLENSKA Ð-IÐ** Fyrsta rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða á þessu ári verður haldið í Sögufélagshúsinu við Fischersund miðvikudagskvöldið 1. febrúar klukkan 20. Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson fjallar um áhrif og arfleifð danska tungumálasnillingsins Rasmusar Kristjáns Rask, sem hafði mikil áhrif á mótun íslenskunnar sem ritmáls á fyrri hluta nítjándu aldar. Hann kom því til leiðar að bókstafurinn 'ð' var endurvakinn í ritmálinu.

## Garður Gerðar í endurprentun

**Bloomsbury sem gefur bókina Garðinn eftir Gerði Kristnýju í Þýskalandi hyggst gefa út sérstaka útgáfu af bókinni og endurprenta í 1200 eintökum. Tilefnið er það að bókin hefur verið valin til upplestrar í upplestrarkeppni Samtaka bóksala sem er árlegur viðburður í Þýskalandi.**

**Garðurinn er spennandi draugasaga fyrir börn og unglinga frá 11 ára aldri og var valin besta barnabók ársins 2008 af starfsfólki bókaverslana á Íslandi.**



**GARÐURINN** Kom út í Þýskalandi á síðasta ári.


GOTT AÐ VITA

VOR 2012
SKRÁNING HEFST 1. FEBRÚAR

## Námskeið og fyrirlestrar á vegum St.Rv. og SFR

**St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Námskeiðin eru einungis ætluð félagsmönnum SFR stéttarfélags í almannaþjónustu og félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og eru þeim að kostnaðarlausu.**

**9. febrúar • AKUREYRI**
Snjallsíminn – Appaðu þig upp.

**26. og 29. mars • AKRANES**
Ljósmyndun og stafræn vinnsla.

**6., 13., 20., 27. febrúar,
5., 12., 19. & 26. mars • REYKJAVÍK**
Jóga – byrjendanámskeið í Kundalini jóga.

**6., 13., 20. & 27 febrúar • REYKJAVÍK**
Bókmenntanámskeið
– Skáldsögur Jane Austen.

**7., 14. & 21. febrúar • REYKJAVÍK**
Ljósmyndun og stafræn vinnsla
– LITLAR vélar.

**15. febrúar • REYKJAVÍK**
Veistu hvað snjallsíminn getur verið snjall?
– Appaðu þig upp.

**16. febrúar • REYKJAVÍK & FJARFUNDUR TIL AKUREYRAR**
Hvað er einelti? – Viðbrögð og varnir.

**27., 29. febrúar og 5. mars REYKJAVÍK**
Handavinna – Ullarþæfing.

**1. mars • REYKJAVÍK**
Meðvirkni er ekki hvað við gerum, heldur hvers vegna við gerum það.

**6.,13. & 20. mars • REYKJAVÍK**
Ljósmyndun og stafræn vinnsla, framhald.

**7., 14., 21., 28. mars & 4. apríl • REYKJAVÍK**
Enskunámskeið – Putting pen to paper.

**14. mars • REYKJAVÍK**
Skattframtal – lærðu að fylla út skattframtalið þitt.

**20. mars • REYKJAVÍK & FJARFUNDUR TIL AKUREYRAR**
Gjörhygli.

**26. & 27. mars • REYKJAVÍK**
Íslenskar jurtir og lækningamáttur þeirra.

**16., 23. 30. apríl, 7., 14. & 21. maí REYKJAVÍK**
Jóga – framhaldsnámskeið.

**24. & 25. apríl • REYKJAVÍK**
Að takast á við sjálfan sig.

**25. apríl • REYKJAVÍK**
Borðað í 10.000 ár – Hvað er hollt og hvað er óhollt?

**Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðu eða skrifstofum félaganna:**
SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu
www.sfr.is • Sími 525 8340
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.)
www.strv.is • Sími 525 8330

SFR




Myndlist ★★★☆☆

**Kortlagning hverfulleikans, Anna Líndal**
Listasafn ASÍ við Freyjugötu

**Til 5. febrúar. Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17.**

## Heimurinn sem safngripur

Gripir, myndir og sýnishorn frá þremur löndum eru uppistaðan í sýningu Önnu Líndal í Listasafni ASÍ. Anna sýnir í safninu öllu, enda úr miklu að moða en hún hefur að undanförnu sankað að sér efni í list sína á ferðum til fjarlægra staða og nálægra; Havaí, Aserbaídsjan og Íslands.

Persónuleg kortlagning náttúrunnar og umheimsins hefur um nokkurt skeið verið uppistaðan í list Önnu, sem jöfnum höndum vinnur skúlptúra, myndbönd og iðulega með þræði af ýmsum toga, bæði í útsaum eins og hér og sem inngrip í rými. Niðurstöður rannsókna sinna setur hún hér fram í skápum sem líkjast sýningarskápum, til dæmis náttúrugripasafna, í hillum og skúffum undir gleri, hún skapar sitt einkasafn.

Í safninu hennar má sjá sýnishorn af gróðri, ljósmyndir, útsaum þar sem útsaumsefnið er hæðarlínur landakorta, myndbönd tekin í ferðum með jöklarannsóknarmönnum og ýmsa gripi. Undirliggjandi er leit að sögu, samhengi og vangaveltur um ímyndarsköpun þjóða, en löndin þrjú sem koma við sögu eru ólík við fyrstu sýn. List Önnu veitir ekki svör, það er áhorfandans að komast að niðurstöðu.

Vinnubrögð listakonunnar eru í anda hugmyndalistar frá síðari hluta tuttugustu aldar, þegar margvísleg skrásetning ruddi sér til rúms meðal listamanna, sem dæmi má nefna ljósmyndir þeirra Bernd og Hilla Becher sem skrásettu með hjálp ljósmynda byggingar í Þýskalandi. Myndlist sem notar sér framsetningarmáta safna birtist á frábæran hátt í list Marcel Broodthaers í Belgíu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar, en hann skoðaði fyrirbærið safn í gegnum list sína.

Anna kýs að finna list sinni farveg sem á uppsprettu sína í hugmyndalist af þessum toga og hefur birst á ótal vegu síðustu áratugi. Hérlendis hefur t.d. Olga Bergmann unnið jafnt og þétt innan slíks ramma. Anna hefur fyrir löngu fundið sér sinn persónulega farveg innan þessa opna ramma.

Mikil rannsóknarvinna býr að baki verkum Önnu, en það kemur á óvart hversu lítið af henni verður í raun sýnilegt, áþreifanlegt eða snertir áhorfandann. Kuldi jöklanna, dulmagn og kraftur gígs í Eyjafjallajökli, hiti og fjölskrúðugt gróður- og dýralíf Havaí eða aðstæður í Aserbaídsjan ná ekki alveg að spretta fram og hreyfa við manni. Birtan á jöklinum á myndbandinu er dauf í dagsbirtunni í Ásmundarsal en hlýtur að vera nær blindandi í raun. Smáatriði eins og þurrkað blóm og ýmsir smámunir eru þó eins og litlir gluggar inn í annan heim og gefa sýningunni líf. Anna heldur áfram á ferli því sem hún hefur markað sér á undanförnum árum og er það vel.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Áhugaverð og vel unnin einkasýning eins okkar fremstu listamanna. Sýningin í heild er helst til áhrifalítil en innan hennar gera smærri atriði heildina eftirminnilegri.





Frelsi til að horfa þegar þér hentar

Nettenging hjá Símanum gefur þér möguleika á Sjónvarpi Símans og fjölbreyttu úrvali sjónvarps- og afþreyingarefnis.

Með smelli á VOD takkann opnarðu SkjáBíó með yfir 4000 titlum, bíómyndum, þáttum, barnamyndum og efni á 0 kr. Í SkjáFrelsi, Stöð 2 Frelsi og RÚV Frelsi sérðu nýjustu þættina og fréttirnar þegar þér hentar.

siminn.is

Síminn

Tónlist ★★★★☆

**Kammerkór Suðurlands**

Ný íslensk lög

**Myrkir músíkdagar í Hörpu**

## Gróskan í kórtónlistinni

Margt fallegt var á dagskránni hjá Kammerkór Suðurlands á Myrkum músíkdögum. Tónleikarnir voru í Háteigskirkju á laugardaginn og Hilmar Örn Agnarsson stjórnaði.

Eitt fallegasta lagið var eftir tónskáld, sem ég man ekki eftir að hafa heyrt í áður. Það var Vala Gestsdóttir og lagið hennar hét Heimur svefnsins. Tónlistin var einstaklega heillandi. Mikið var um svokallað glissando, en það er þegar söngvari (eða hljóðfæraleikari) rennir sér á milli tveggja tóna. Í tónlistinni táknaði þetta flug hugans yfir í aðra heima. Heimur svefnsins hér var myrkur og óræður, og uppbygging tónlistarinnar markviss og ísmeygileg. Þetta er verk sem ég myndi vilja heyra aftur!

Margt annað var líka athyglisvert. Skuggi minn eftir Ragnhildi Gísladóttur var magnaður. Mjög djúpir tónar táknuðu skuggann og ferlið frá þeim og upp í hærri nótur í lokin var áhrifamikið.

Nokkur hjartnæm lög voru frumflutt á tónleikunum. Það voru ekki endilega stórbrotnar tónsmíðar, heldur fyrst og fremst falleg músík sem greip mann. Þetta voru Sumarmorgunn á Heimaey eftir Kjartan Sveinsson, Stígar eftir Möggu Stínu, Norður eftir Benedikt H. Hermannsson og Veni creator eftir Pál Ragnar Pálsson. Hið tilraunakennda Uss eftir Harald R. Sverrisson kom líka vel út, en þar spiluðu leikrænir tilburðir stórt hlutverk.

Eldri lög voru einnig á dagskránni, og voru þau hvert öðru skemmtilegri. Nótt eftir Georg Kára Hilmarsson var sérlega hrífandi, einnig Dios te salve Maria eftir Egil Ólafsson. Augun bláu eftir Örlyg Benediktsson var sömuleiðis heillandi, sem og O magnum mysterium eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson. Loks ber að nefna A Young Man's Song eftir Báru Grímsdóttur, en það var stórglæsilegt. Þar söng Einar Clausen einsöng og gerði það af svo miklum tilþrifum að lengi verður í minnum haft.

Kórinn söng prýðilega, af næmri tilfinningu fyrir hverju lagi. Tónleikarnir voru magnaður vitnisburður um gróskuna sem ríkir í íslenskri kórtónlist um þessar mundir. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Frábærir kórtónleikar með frábærri tónlist.



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Þriðjudagur 31. janúar 2012**

**➔ Tónlist**



**20.30** Sálgæslan spilar á Jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Hljómsveitin spilar eigin blöndu af jazz, blús og soul tónlist. Aðgangur er ókeypis.



**20.30** Hljómsveitirnar Morðingjarnir og Borko spila á tónleikaröðinni Kaffi, kökur & rokk & ról í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Kaffi og kökur fyrir tónleikahungraða og -þyrsta. Aðgangseyrir er kr. 500. Allir velkomnir.

**➔ Fyrirlestrar**

**12.00** Háskólinn á Akureyri stendur fyrir fyrirlestri á Lögfræðitorgi, M102 Sólborg v/Norðurslóð. Ágúst Þór Árnason mun tala, undir yfirskriftinni Endurskoðun eða uppstokkun? Stjórnarskipun lýðveldisins á tímamótum.

**12.05** Michéle Hayeur Smith frá Haffenreffer-safninu við Brown háskóla í Bandaríkjunum heldur hádegisfyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands. Yfirskrift fyrirlestursins er Spin me a Yarn, Weave Me a Tale en hún mun fjalla um textíl, konur og fatnað á Íslandi á árunum 874-1800. Fyrirlesturinn er á ensku og aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**









**KVENLEGUR** Zac Posen hönnuður klæddi leikkonuna Amber Heard.



**GLITRANDI** Leikkonan út sjónvarpsþáttunum 30 Rock, Jane Krakowski, klæddist kjól frá Antonio Berardi.



**KLAUF** Emily Blunt klæddist grænum síðkjól frá Oscar de la Renta með hárri klauf.



**HAUTE COUTURE** Zoe Saldana var í hvítum haute couture-kjól frá Givenchy. NORDICPHOTOS/AFP

# The Help sigurvegari SAG-verðlaunanna

**Það líður varla helgi án þess að rauða dreglinum sé rúllað út í Hollywood á þessum árstíma og má líta á það sem eins konar niðurtalningu fyrir Óskarsverðlaunin í lok febrúar. Screen Actor´s Guild Awards fóru fram um helgina og stóð kvikmyndin The Help upp úr sem sigurvegari hátíðarinnar. Kjólar leikkvennanna voru hver öðrum fegurri þar sem há klauf, kvenlegt snið og glitrandi efni stálu senunni.**



**BLEIKUR** Leikkonan Sofia Vergara tók sig vel út í bleikum Marchesa-kjól.



**BESTA LEIKKONA** Viola Davis var brosmild í Marchesa-kjól. Hún hefur tekið á móti fjölmörgum verðlaunum á þessu ári fyrir frammistöðu sína í The Help.



**SVARTUR** Ashley Simpson mætti í glitrandi kjól frá Jenny Packman.



**RAUTT** Michelle Williams bar hárauðan Valentino-kjól með sóma.



**FLOTT AÐ VENJU** Tilda Swinton var eins og grísk gyðja í hvítum síðkjól frá Lanvin.



**SAMFESTINGUR** Leikkonan Rose Byrne stal senunni í flottum glimmer-samfestingi frá Elie Saab.

## VINNINGSHAFAR Á SCREEN ACTORS GUILD AWARDS

**Mynd ársins:**
The Help

**Leikari ársins:**
Jean Dujardin - The Artist

**Leikkona ársins:**
Viola Davis - The Help

**Leikari ársins í aukahlutverki:**
Christopher Plummer - The Beginners

**Leikkona ársins í aukahlutverki:**
Octavia Spencer - The Help

**Besta leikkona í grínsjónvarpsþáttum:**
Betty White - Hot In Cleveland

**Besti leikari í grínsjónvarpsþáttum:**
Alec Baldwin - 30 Rock

**Besta leikkona í dramasjónvarpsþáttum:**
Jessica Lange - American Horror Story

**Besti leikari í dramasjónvarpsþáttum:**
Steve Buscemi - Boardwalk Empire

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR 5% | |
|---|---|---|
| THE GREY | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| CONTRABAND LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | |
|---|---|---|
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| ATHVARFIÐ | KL. 6 | L |
| STRÍÐSYFIRLÝSING | KL. 8 | L |
| SÉRSVEITIN | KL. 8 | L |
| SAMAN ER EINU OF | KL. 10 | L |
| ÞRAUKI EINN FYLGJA HINIR | KL. 10 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 8 - 10.30 | L |
| IRON LADY | KL. 5.40 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THE ARTIST | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 6 | L |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE GREY | 8, 10.25 |
| CONTRABAND | 5.50, 8, 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | 5.40 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 - 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 8 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 – 10:20 | 2D | 12 |
| WARHORSE | kl. 6 – 9 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 7:30 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD | kl. 8 – 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| WAR HORSE | kl. 5 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 12 |
| JACK AND JILL | kl. 5:50 - 10:30 | 7 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: *SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM* 17:45, 20:00 ■ SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:15 ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN!

Bíó Paradís er nú hluti af EUROPA CINEMAS



# VETRAR LAGERSALA

## HEFST Á MORGUN MIÐVIKUDAG



# ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

## MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG VETRARFATNAÐI

**OPNUNARTÍMAR**

| | |
|---|---|
| 1. feb. miðvikudagur | kl. 12:00 - 20:00 |
| 2. feb. fimmtudagur | kl. 12:00 - 20:00 |
| 3. feb. föstudagur | kl. 12:00 - 20:00 |
| 4. feb. laugardagur | kl. 10:00 - 18:00 |
| 5. feb. sunnudagur | kl. 11:00 - 18:00 |
| 6. feb. mánudagur | kl. 12:00 - 20:00 |

**Lagersala ZO-ON • Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumeginn) • Kópavogi • www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

# sport

sport@frettabladid.is



**INGÓLFUR SIGURÐSSON** gerði í gær þriggja og hálfs árs samning við danska úrvalsdeildarfélagið Lyngby. Hann lék síðari hluta sumarsins með Val eftir að hafa verið á mála hjá KR. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður hans, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær. „Þetta er klúbbur sem er þekktur fyrir að gefa ungum leikmönnum tækifæri," sagði hann.



**HÓLMFRÍÐUR** Hér í leik með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ekkert spilað vestan hafs:

## Hólmfríður og Katrín án félags

**FÓTBOLTI** Forráðamenn bandarísku atvinnumannadeildarinnar í knattspyrnu kvenna, WPS, tilkynntu í gær að ekkert yrði spilað í deildinni þetta árið. Keppninni væri í raun frestað til ársins 2013.

Ástæðan eru kostnaðarsöm málaferli sem deildin hefur þurft að standa í en þar að auki hefur liðum fækkað í deildinni. Aðeins fimm voru skráð til leiks í ár.

„Þetta eru hræðilegar fréttir og maður er í raun orðlaus yfir þessu," sagði Hólmfríður Magnúsdóttir en hún og Katrín Ómarsdóttir voru á mála hjá Philadelphia Independence. Þær þurfa nú að finna sér ný félög og horfir Hólmfríður til Evrópu.

„Ég er með norskan umboðsmann og er leit að nýju félagi hafin. Þetta var auðvitað það síðasta sem ég vildi enda allt til alls í Bandaríkjunum og með ólíkindum að ekki sé hægt að halda úti atvinnumannadeild í þessu stóra landi. Þetta er mikill sorgardagur."

Enn er áætlað að spila á næsta ári og er vonast til að hléið nú veiti svigrúm til að styrkja undirstöður deildarinnar og að fleiri lið verði með árið 2013. - esá

# Maður elskar ekkert Liverpool

**Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff eru komnir í úrslitaleik deildabikarsins á Wembley en fram undan eru aðrir mikilvægir leikir. Liðið mætir Southampton í kvöld og fer upp í annað sætið með sigri.**

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson og félagar í velska liðinu Cardiff City tryggðu sér sæti í úrslitaleik enska deildabikarsins í síðustu viku með því að vinna Crystal Palace í vítaspyrnukeppni í seinni undanúrslitaleik liðanna. Cardiff mætir Liverpool í úrslitaleiknum en Liverpool er sjóðheitt þessa dagana enda búið að slá bæði Manchester-liðin út úr bikarkeppnunum á fjórum dögum. Það er samt nóg í gangi hjá Cardiff-liðinu fram að úrslitaleiknum sem fer fram 26. febrúar.

### Mánuður í leikinn

„Það verður gríðarlegt umtal um leikinn en við verðum að einbeita okkur að deildinni. Það er mánuður í þennan leik og við þurfum að koma okkur niður á jörðina og halda áfram að reyna að fá stig úr leikjum í deildinni. Það er það sem skiptir okkur mestu máli þessa stundina. Það er eitt stig í annað sætið og við eigum Southampton á þriðjudaginn (í kvöld)," segir Aron Einar.

„Við erum hægt og sígandi að skríða upp töfluna og ef að það er einhvern tíma möguleiki fyrir Cardiff að fara upp í úrvalsdeildina þá er það núna. Við verðum bara að halda „kúlinu" og halda áfram að vinna fyrir hvor annan. Þá hef ég trú á því að við eigum eftir að gera góða hluti á þessu tímabili. Við eigum möguleika á að vinna bikarinn og komast upp en það er mikið eftir af tímabilinu og við verðum bara að halda áfram og gera vel og sjá svo til hvað gerist," segir Aron Einar.

### Skoraði næstum því sigurmarkið

Cardiff hafði nokkra yfirburði á móti Crystal Palace í undanúrslitaleiknum í síðustu viku en tókst ekki að skora sigurmarkið. „Ég var farinn að halda það að þetta yrði ekki okkar dagur en við kláruðum þetta í lokin sem var það sem skipti öllu máli," sagði Aron Einar, sem var nálægt því að skora sigurmarkið í leiknum þegar hann skallaði í slá af stuttu færi í lok framlengingarinnar.

„Ég hefði fagnað því marki eins og geðsjúklingur en boltinn vildi greinilega ekki inn og þetta átti greinilega að fara í vítaspyrnukeppni. Það hefði verið sætt að geta klárað leikinn og sleppa við stressið í vítaspyrnukeppninni," segir Aron í léttum tón. Hann hefur tvöfalda ástæðu til að vinna Liverpool í úrslitaleiknum á Wembley eftir tæpar fjórar vikur.

### Er Manchester-maður

„Ég er Manchester-maður þannig að maður elskar ekkert Liverpool. Þeir eru sterkir og við vitum það allir. Þetta var samt í rauninni óskamótherji úr hinum undanúrslitaleiknum. Manchester City er með gríðarlega sterkt lið og leikmenn hjá þeim hefðu verið komnir til baka úr Afríkumótinu, bæði Toure og bróðir hans. Ég reiknaði með því að Manchester City kæmist áfram af því að þeir eru með sterkara lið. Við erum aðeins sáttari með Liverpool þó að það sé þannig séð enginn óskamótherji," segir Aron Einar.

„Við höfum engu að tapa og komum inn í þennan leik án nokkurs stress. Við mætum brosandi í þennan leik og sjáum síðan til hvað gerist. Þetta er gott fyrir Wales að hafa lið í bikarúrslitum. Það verður mikið talað um þetta og það verður mikil stemning í kringum þennan leik. Þetta verður erfiður leikur og við vitum hversu sterkir þeir eru. Það er mikil tilhlökkun í manni og ég get ekki beðið," segir Aron Einar.

ooj@frettabladid.is



**FAGNAÐ MEÐ STÆL** Aron Einar Gunnarsson fagnar einu af mörkum sínum með Cardiff City á þessu tímabili sem er hans fyrsta í Wales. NORDICPHOTOS/GETTY


RÖÐIN KOSTAR 70 KR.



Tvöfaldur 1. vinningur

250.000.000
+150.000.000

400.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
400 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 250 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 150 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 1. FEBRÚAR 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

Helga Margrét Þorsteinsdóttir keppir í fyrstu þraut ársins í Tallin í Eistlandi um næstu helgi:

# Vésteinn er bjartsýnn á nýtt Íslandsmet




**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ármenningurinn Helga Margrét Þorsteinsdóttir mun keppa í sinni fyrstu þraut um næstu helgi í Tallinn í Eistlandi en hún er búin að keppa í fimm greinum á tveimur mótum undanfarið. Helga Margrét keppti fyrst á Reykjavíkurleikunum um þarsíðustu helgi og svo á móti í Norrköping í Svíþjóð um helgina.

Vésteinn Hafsteinsson segir í fréttatilkynningu að árangur Helgu Margrétar á þessum tveimur mótum gefi tilefni til bjartsýni á að hún nái að bæta Íslandsmetið í fimmtarþraut í Tallin en metið er 4205 stig.

Á Reykjavíkurleikunum stökk Helga Margrét 1,73 metra í hástökki en hún á þar best 1,77 metra. Vésteinn var mun ánægðari með 800 metra hlaupið hennar þar sem hún hljóp á 2.12,85 mínútum sem er ótrúlega góður árangur.

Um helgina keppti Helga Margrét í Norrköping í Svíþjóð. Hún hljóp 60 metra grindahlaup á 8,92 sekúndum en þar á hún best 8,69 sekúndur. Hún kastaði 14,74 metra í kúluvarpi þar sem hún á best 15,01 metra og loks stökk hún 5,68 metra í langstökki en þar er hennar besti árangur 5.92 metrar.

„Helga er jákvæð og finnst hún vera á réttri leið eftir erfiðan seinni part sumarsins 2011 og miklar breytingar sem fylgdu í kjölfarið með flutningi hingað út, háskólanámi, nýjum áherslum í æfingum, nýjum þjálfara og svo framvegis,“ segir í fréttatilkynningu frá Vésteini. Hér fyrir neðan má sjá samanburð á árangri Helgu þegar hún setti Íslandsmetið í Stokkhólmi árið 2010 og árangrinum sem hún hefur náð á tveimur mótum í ár. **- óój**

**Íslandsmetið og árangur á mótunum á dögunum:**

| | |
|---|---|
| **60 m grind** | **8,86 sek í metinu (8,92 s. í ár)** |
| Hástökk | 1,71 m (1,73 m) |
| **Kúluvarp** | **13,68 m (14,74 m)** |
| Langstökk | 5,63 m (5,68 m) |
| **800 m hlaup** | **2:15,31 mín (2:12,85 mín.)** |



**Á TOPPNUM** Roberto Mancini, stjóri Manchester City. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Toppliðin spila öll í kvöld

**FÓTBOLTI** Fimm leikir eru á dagskrá ensku úrvalsdeildarinnar í kvöld og eru fjögur efstu lið deildarinnar öll að spila, þó ekki innbyrðis. Manchester City er á toppi deildarinnar með þriggja stiga forystu á granna sína í United en þessi lið hafa dágóða forystu á næstu lið.

Gylfi Þór Sigurðsson og samherjar í Swansea fá Chelsea í heimsókn og Wolves, lið Eggerts Gunnþórs Jónssonar, fær Liverpool í heimsókn.

Ef Manchester-liðin misstíga sig í kvöld ætti Tottenham, sem er í þriðja sæti, að eiga góðan möguleika á að saxa á forystu þeirra þar sem liðið mætir botnliði Wigan á heimavelli. **- esá**

**Leikir kvöldsins**

| | |
|---|---|
| 19.45 Wolves - Liverpool | Sport 2 & HD |
| 19.45 Swansea - Chelsea | Sport 4 |
| 19.45 Tottenham - Wigan | Sport 6 |
| 20.00 Man. Utd. - Stoke | Sport 3 |
| 20.00 Everton - Man. City | Sport 5 |

Leikmannamál ÍA:

## Kári æfir með Skagamönnum

**FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Kári Árssælsson, fyrrum fyrirliði Breiðabliks, æfir þessa dagana með ÍA á Akranesi og lék með liðinu í æfingaleik gegn Keflavík á dögunum. Lék hann þá í vörninni við hlið Ármanns Smára Björnssonar sem kom til félagsins í haust. Kári hefur verið án félags síðan samningur hans við Breiðablik rann út. - esá**

Iceland Express-kvenna:

## Herða Haukar takið á KR?

**KÖRFUBOLTI** Haukar og KR eru jöfn að stigum í 3. og 4. sæti Iceland Express-deildar kvenna og mætast í kvöld í DHL-höllinni.

Haukakonur sitja ofar í töflunni þar sem þær eru búnar að vinna báða deildarleiki liðanna í vetur en það er óhætt að segja að þær séu með tak á KR-konum því Haukaliðið sló KR einnig út úr 16-liða úrslitum bikarkeppninnar.

Sigur í kvöld tryggir viðkomandi liði ekki aðeins þriðja sætið í deildinni heldur munu sigurvegarar kvöldsins stíga stórt skref í átt að því að bóka farseðilinn í úrslitakeppnina. Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 en umferðin klárast síðan á morgun. **- óój**



> **Stöð 2 kl. 20.30**

**Mike & Molly**

***Það er aldrei lognmolla hjá turtildúfunum Mike og Molly. Í þættinum í kvöld missir Samuel vinnuna. Í kjölfarið missir hann íbúðina sína þannig að Mike sam-þykkir að Samuel flytji tímabundið til hans en hefði kannski betur látið það ógert.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR SPYR SIG

# *Púkanum slátrað*

Einhvern miðvikudaginn í janúar sat ég fyrir framan sjónvarpið, íklædd hvítum og víðum náttserk, sem gerir nákvæmlega ekkert til þess að undirstrika mittið á mér. Ég skal líka játa að ég var búin að spenna af mér korselettið, sem hjálpar mér að búa til línur á mig og gera sem minnst úr göllum líkama míns.

Á meðan ég sat þarna í allri minni dýrð, ef dýrð skyldi kalla, og glápti á sjónvarpsþáttinn Í nýju ljósi fann ég hvernig tveir púkar skriðu upp eftir bakinu á mér og settust hvor á sína öxlina.

Sá vinstra megin vissi ekki hvert hann ætlaði. „Hvers vegna er miðaldra súkkulaðipinna borgað fyrir að greina líkamsvöxt og gagnrýna hverja einustu flík úr fataskáp ósköp venjulegra kvenna," frussaði hann út úr mér. „Og fyrst hann er að þessu á annað borð, af hverju klæðir hann þær þá ekki í föt sem þykja flott á Íslandi. Búum við í Kaliforníu? Hefur Kalli aldrei heyrt um hvað blöðrubólga er hvimleitt vandamál á Íslandi?"



Sá hægra megin hristi bara hausinn yfir þeim æsta og sagði: „Hvað kemur þér það við ef einhverjum öðrum konum finnst Kalli Berndsen smart karl. Mega þær ekki bara leyfa honum að slípa sinn demant ef þeim sýnist? Og hlýnaði þér kannski ekki um hjartarætur þegar þú sást hamingjuna kvikna í augum konunnar, þegar hún leit í spegilinn og sá að amerísk álfaprinsessa hafði yfirtekið líkama þeirrar gömlu sem hún var vön að sjá þar?"

Nú megið þið giska hvorum púkanum ég hef ákveðið að slátra.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Samsöngur úr norðri **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Tóti og Patti** (43:52)
**17.35 Þakbúarnir**
**17.47 Skúli skelfir** (5:52)
**17.58 Hið mikla Bé** (3:20)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Tracy Ullman lætur móðan mása** (State of the Union) Hin breska Tracy Ullman gerir grín að Bandaríkjamönnum og forvitni þeirra um líf frægðarfólks.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Reykjavíkurleikarnir** Brot af því besta af Alþjóðlegu Reykjavíkurleikunum sem fram fóru 21. og 22. janúar. Á mótinu er keppt í ýmsum íþróttagreinum um alla Reykjavík.
**20.40 Krabbinn** (7:13) (The Big C)
**21.15 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (1:6) (Kodenavn Hunter) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Meðal leikenda eru Mads Ousdal, Ane Dahl Torp, Jan Sælid, Alexandra Rapaport og Kristoffer Joner. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (5:23) (Desperate Housewives VIII)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Full of It**
**10.00 White Men Can't Jump**
**12.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**14.00 Full of It**
**16.00 White Men Can't Jump**
**18.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**20.00 Lakeview Terrace**
**22.00 RocknRolla**
**00.00 Pucked**
**02.00 .45**
**04.00 RocknRolla**
**06.00 State of Play**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (96:175)
**10.15 Wonder Years** (8:23)
**10.40 Total Wipeout** (4:12)
**11.40 Mike & Molly** (5:24)
**12.10 Two and a Half Men** (1:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (4:24)
**13.25 America's Got Talent** (25:32)
**14.45 America's Got Talent** (26:32)
**15.30 Sjáðu**
**15.55 iCarly** (7:25)
**16.20 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (16:22)
**19.40 Hank** (9:10)
**20.05 Modern Family** (9:24)
**20.30 Mike & Molly** (21:24)
**20.55 Chuck** (20:24) Chuck Bartowski var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**21.40 Burn Notice** (4:20)
**22.25 Community** (17:25)
**22.50 The Daily Show: Global Edition**
**23.25 The Middle** (15:24)
**23.50 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (4:10)
**00.15 Grey's Anatomy** (11:24)
**01.05 Medium** (13:13)
**01.50 Satisfaction**
**02.40 Pan's Labyrinth** Mögnuð spænsk fantasíumynd um hina ungu Ofelíu sem uppgötvar ævaforna töfraveru sem segir að hún sé réttborin prinsessa undirheimanna.
**04.35 Chuck** (20:24)
**05.20 Malcolm In The Middle** (16:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.45 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda.
**18.15 Derby - Stoke** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**20.00 QPR - Chelsea** Útsending frá leik í 4. umferð FA bikarkeppninnar.
**21.45 Sunderland - Middlesbrough** Útsending frá í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**23.30 Ensku bikarmörkin**
**00.00 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.45 Man. City - Tottenham**
**18.35 Premier League World**
**19.05 Football League Show**
**19.35 Wolves - Liverpool** BEINT
**21.45 Man. Utd. - Stoke**
**23.35 Swansea - Chelsea**
**01.25 Everton - Man. City**

## EXTRA

**19.05 The Doctors** (38:175)
**19.50 Bones** (16:22)
**20.35 Better Of Ted** (5:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Block** (5:9)
**22.35 The Glades** (5:13)
**23.20 V** (1:10) Önnur þáttaröðin um gestina dularfullu sem taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**00.05 Supernatural** (1:22) Fjórða þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester bræðurna sem halda áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**00.50 Twin Peaks** (6:22)
**01.35 Malcolm In The Middle** (16:22)
**02.00 Hank** (9:10)
**02.25 Bones** (16:22)
**03.10 The Doctors** (38:175)
**03.50 Íslenski listinn**
**04.15 Sjáðu**
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.15 Minute To Win It** (e)
**15.00 90210** (3:22) (e)
**15.50 Parenthood** (22:22) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Live To Dance** (4:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (13:26)
**19.45 Will & Grace** (22:25) (e)
**20.10 Outsourced** (21:22)
**20.35 Mad Love** (13:13)
**21.00 The Good Wife** (1:22) Þegar við skildum við lögfræðinginn Aliciu Florrick hafði hún komist að ófyrirgefanlegu leyndarmáli um eiginmann sinn. Þau hafa skilið að borði og sæng og Alicia þróar samband sitt við Will. Í þessum fyrsta þætti fær Alica það verkefni að verja palestínskan námsmann sem sakaður er um að hafa myrt gyðing. Starfsmenn Lockhart/Gardner þurfa að takast á við breytingar og Alicia og Will láta reyna á samband sitt.
**21.50 Prime Suspect** (2:13) Jane treður Duffy um tær með því að heimta að fá að taka þátt í morðrannsókn. Í einkalífinu fær Jane óvæntan gest.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI** (4:22) (e)
**00.15 The Good Wife** (1:22) (e)
**01.05 Flashpoint** (4:13) (e)
**01.55 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** Farmers Insurance Open 2012 (1:4) **10.45** Golfing World **11.35** Farmers Insurance Open 2012 (2:4) **14.00** Abu Dhabi Golf Championship (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (4:45) **19.45** Abu Dhabi Golf Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.20** Keeping Up Appearances **07.55** Dalziel and Pascoe **09.40** Come Dine With Me **10.30** EastEnders **11.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **11.50** Top Gear **13.05** Keeping Up Appearances **15.15** QI **16.20** Top Gear **17.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Jack Dee Live Again **21.50** Nighty Night **22.50** Live at the Apollo **23.40** QI **00.40** Jack Dee Live Again **01.35** Nighty Night **02.35** The Graham Norton Show **03.25** The Weakest Link

## DR 1

**10.30** Hjælp, vi skal føde **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Torpedo **12.35** Aftenshowet **13.30** Kæft, trit og flere knus **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.05** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Skattejægerne **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Hammerslag **19.30** Hjælp, vi skal føde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Johan Falk. Våbenbrødre

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Salt & Pepper **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Folk **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sherlock **22.00** Kveldsnytt **22.15** Ingen grenser **23.10** Redd menig Osen

## svt1

**09.00** Fråga doktorn **09.45** Gäster med gester **10.30** Livet på Laerkevej **11.15** Lanthandeln **11.45** Paradisfåglar **12.40** Skavlan **13.40** Kungen kommer **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Min stad **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Mot alla odds **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.35** Moln på drift **00.10** Rapport **00.15** Boardwalk Empire **01.15** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar Tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


Í KVÖLD
Á SKJÁEINUM!

PRIME SUSPECT

Lögreglukonan Jane Timoney þarf að sanna sig í karlaveldinu í morðdeild lögreglunnar í New York. Fylgstu með í kvöld kl. 21.50.

thegoodwife

Julianna Margulies á stjörnuleik í þessum gríðarvinsælu þáttum. Ný þáttaröð hefst í kvöld kl. 21.00.



SKJÁREINN
AÐEINS
3.490 KR.
Á MÁNUÐI

Hringdu núna og tryggðu þér áskrift í síma **595 6000**, eða smelltu þér á **skjareinn.is**

ENNEMM / SÍA / NM50159

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 — 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Núðlur á þurru á Núðluskálinni á Skólavörðustíg klikka aldrei. Sérstaklega mæli ég með að setja á þær auka papriku, kóríander og lime. Svo er opna kjúklingasamlokan á Frú Berglaugu líka algjört eðal eða indverska bakan á Grænum kosti.“*

Bára Sigurjónsdóttir lögfræðingur.

# Tónkennsla Bjarkar til Queens

Tónvísindasmiðja Bjarkar Guðmundsdóttur verður sett upp í safninu New York Hall of Science í Queens í New York í næsta mánuði. Markmið verkefnisins er að samþætta á nýjan hátt tónlist, vísindi og aðrar námsgreinar fyrir grunnskólabörn.

Verkefninu var fyrst hrint úr vör á Íslandi í tengslum við tónleikaröð Bjarkar í Hörpu síðastliðið haust og hlaut góðar viðtökur. Í viðtali við Wall Street Journal segir Björk að ætlunin sé að taka tónlistarkennslu úr bóklegu umhverfi grunnskólanna og gera hana að líkamlegri og andlegri upplifun.

Þátttakendur námskeiðsins munu semja eigin lög og nota til þess smáforrit eða svokallað „app“ sem tónlistarkonan skapaði fyrir plötuna Biophilia. Hugmyndin að verkefninu er sprottin upp úr gömlum draumi Bjarkar sem kveðst líta á sjálfa sig sem svekktan tónlistarkennara. Björk mun þó ekki sjá um kennsluna sjálf þar sem hún heldur sex tónleika í New York á sama tíma.

Vonir standa til að verkefnið haldi áfram að stækka og dafna og að hvert land og hver borg þrói það á sinn hátt. „Hugmyndin á bak við verkefnið er ekki sú að fastmóta nokkuð, þetta er aðeins uppástunga um hvernig megi breyta tónlistarkennslu og gera hana líkamlegri,“ sagði Björk í viðtali við Wall Street Journal.



**Á FERÐ OG FLUGI** Tónvísindasmiðja Bjarkar Guðmundsdóttur er á leið til Queens í New York. NORDICPHOTOS/GETTY








**NÓG AÐ GERA** Dögg Mósesdóttir skipuleggur Northern Wave-kvikmyndahátíðina sem fer fram í fimmta sinn fyrstu helgina í mars. Franska kvikmyndatökukonan Isabelle Razavets er heiðursgestur hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### DÖGG MÓSESDÓTTIR: Á VON Á BARNI ÞREMUR VIKUM EFTIR HÁTÍÐINA

# Óskarsverðlaunahafi á Northern Wave-hátíðina

Alþjóðlega stuttmyndahátíðin Northern Wave verður haldin í fimmta sinn dagana 2. til 4. mars í Grundarfirði. Franska kvikmyndatökukonan Isabelle Razavets verður heiðursgestur hátíðarinnar en hún vann við myndina Murder on a Sunday Morning sem vann Óskarsverðlaunin árið 2001 sem besta heimildarmyndin.

Yfir 160 stuttmyndir bárust hátíðinni í ár en 49 myndir voru valdar til sýningar. Keppt er í þremur flokkum; besta alþjóðlega stuttmyndin, besta íslenska stuttmyndin og loks besta íslenska tónlistarmyndbandið. Í ár skipa Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri, Elísabet Ronaldsdóttir klippari og franska kvikmyndatökukonan Isabelle Razavets dómnefndina. Razavets vinnur einna mest við gerð heimildarmynda.

Dögg Mósesdóttir, framkvæmdastjóri Northern Wave, segir þátttöku Razavets vera mikið gleðiefni. „Isabelle er vinkona Sólveigar Anspach leikstjóra og þannig komst ég í samband við hana. Það eru frekar fáar konur sem vinna við kvikmyndatöku. Það má meðal annars rekja til þess að tökuvélarnar eru oft mjög þungar og starfið þótti og þykir því ekki henta konum. Það verður því áhugavert að hlusta á fyrirlestur hennar og heyra hennar vinkil á starfinu,“ segir Dögg.

Gistiplássin í Grundafirði eru nær uppbókuð og má því ætla að bærinn verði pakkfullur umrædda helgi. Þetta er í fimmta sinn sem Dögg skipuleggur Northern Wave en hún á von á sínu fyrsta barni aðeins þremur vikum eftir að hátíðin fer fram.

„Ég hef sjaldan verið jafn skipulögð og nú og lærði í leiðinni að leyfa fólki að hjálpa mér meira. Þetta hefur því verið ágæt lexía og styttir líka biðina eftir barninu töluvert.“ **- sm**






# Hæ Gosi heldur áfram

„Við erum rétt að byrja að skrifa og komin með ákveðnar hugmyndir um hvað þriðja serían á að fjalla,“ segir framleiðandinn Baldvin Z en hann og samstarfsfólk hans hjá Z Films skrifaði á dögunum undir samninga við Skjá Einn um þriðju þáttaröðina af gamanþáttunum Hæ Gosi.

Þættirnir um bræðurna Víði og Börk, leikna af Kjartani og Árna Pétri Guðjónssonum, hafa átt góðu gengi að fagna en þeim leikstýrir Arnór Pálmi Arnarsson, sem einnig skrifar handritið ásamt Baldvini Z, Katrínu Björgvinsdóttur og Önnu Svövu Knútsdóttur sem nýverið bættist í hópinn. „Það er mikill liðsstyrkur að fá Önnu Svövu með okkur en við stefnum á að halda í sömu leikarana og sögusviðið verður Akureyri eins og í fyrri seríum,“ segir Baldvin en ekki margir íslenskir sjónvarpsþættir halda út í þrjár seríur og ber þá helst að nefna Vaktar-seríurnar sem eru þrjár talsins. Um 60 % áskrifenda Skjás Eins horfðu á seríu tvö í haust sem einnig gekk vel á VOD-leigunni og í DVD-sölu.

„Þetta hefur gengið framar vonum en ég held að þættirnir séu kærkomnir í allri vitleysunni sem á sér stað í samfélaginu. Þetta er einlæg fjölskyldu saga og ekki bara innantómt grín. Við erum rosalega góður hópur sem stendur að þessu og höfum gaman.“

Áætlað er að fara í tökur í haust en Baldvin segir að þau ætli að gefa sér góðan tíma í þessa seríu. „Við höfum alltaf verið að vinna þetta á stuttum tíma og ákváðum núna að gefa okkur góðan tíma og gera þetta vel. Þættirnir fara því í sýningu í byrjun árs 2013.“ **- áp**



**GENGIÐ FRAMAR VONUM** Baldvin Z segir gamanþáttaröðina Hæ Gosa vera greinilega kærkomna breytingu fyrir landann á þessum tímum en hér handsala hann og Hilmar Björnsson dagskrárstjóri Skjás Eins samning um þriðju seríuna.





Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58·12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óvenjulegir tónleikar

Söngkonan **Leoncie** hélt tónleika á skemmtistaðnum Gauki á Stöng á laugardaginn var. Rokksveitin Dr. Spock hitaði upp fyrir indversku prinsessuna og kom mannskapnum í réttan gír fyrir framhaldið. Sumir tónleikagestir urðu þó svolítið svekktir þegar hvítu tjaldi var rúllað út á sviðið og litrík myndbönd Leoncie voru leikin hvert á fætur öðru í dágóða stund. Söngkonan mætti þó að lokum í eigin persónu og með henni voru sex lífverðir sem bægðu ágengum aðdáendum frá. Leoncie bauð að lokum upp uppblásna kynlífsdúkku sem einn tónleikagestanna keypti á þrettán þúsund krónur.



### Tómur af tennisglápi

Grínistinn, lögfræðingurinn og tónlistarmaðurinn **Bergur Ebbi Benediktsson** stendur í ströngu þessa dagana þar sem hann og félagar hans í grínhópnum Mið-Íslandi eru að fara að frumsýna nýja sjónvarpsþætti á Stöð 2 í mars. Hann hefur hins vegar gefið sér tíma til að slappa af inn á milli eins og glöggt má sjá á Facebook-síðu hans. Á laugardaginn tilkynnti hann lesendum að hann hefði horft á tennisviðureign sem stóð í tæpar fimm klukkustundir. Eftir glápið sagðist hann hafa verið „tómur að innan“, en þó ánægður með að standa við áramótaheit sitt um að horfa meira á sjónvarp.



**- sm, þj**

## Mest lesið vísir

1. Slökkviliðsstjóri ryður bíl af götunni - en ekki er allt sem..
2. Risavaxið smástirni úr gulli framhjá jörðinni
3. Vopnað rán í Árbæ: Kynntist tálkvendinu á Netinu
4. Lögmaður hermdi á niðurlægjandi hátt eftir...
5. 300 starfsmönnum Vodafone gert að yfirgefa vinnustaðinn


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Fyrstur kemur fyrstur fær

Takmarkað magn

Gerið gæða- og verðsamanburð

# ÚTSÖLULOK

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

# 20-70%

# AFSLÁTTUR

## af völdum vörum

Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur
Lök, hlífðardýnur, pífur, sængurverasett og fleira



SAGA, FREYJA, ÞÓR
Hágæða heilsudýnur

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX



IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi







Baldursnesi 6
AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00